HÁTÍSKA Í PARÍS

*Draumkenndur Dior*

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VETRARLÍF

*Hlaupið í frosti og brunagaddi*

Sérblað um veturinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. janúar 2008 — 23. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Eurovision-óð þjóð



Íslendingar leggja mest upp úr undankeppni Eurovision af öllum 43 þátttökuþjóðunum þetta árið.

FÓLK 44

### Pólitísk misneyting

„Ef eitthvað er pólitísk misneyting þá er það framganga Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, einkum oddvitans,“ skrifar Árni Þór Sigurðsson alþingismaður.

UMRÆÐAN 24



### Með yngri bæjarstjórum

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar, er þrítugur í dag.

TÍMAMÓT 32

### Guðjón bætti met



Guðjón Valur hefur ekki misst úr leik með landsliðinu á stórmóti síðan á EM 2000.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉLJAGANGUR** Í dag verður fremur stíf suðvestanátt, snjó- eða slydduél, en úrkomulítið norðan- og austan til. Él austan til í kvöld. Hiti nálægt frostmarki syðra en vægt frost fyrir norðan.

VEÐUR 4

# Fjórðungur styður nýjan meirihluta í borgarstjórn

**Einungis 25,9 prósent segjast styðja nýjan meirihluta borgarstjórnar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkur tapar fylgi, en fylgi Samfylkingar eykst. Meirihluti vill Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 74,1 prósent borgarbúa segist ekki styðja nýjan meirihluta Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar sem tekur við í dag. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stuðningur við meirihlutann er meiri meðal karla en kvenna: 34,8 prósenta stuðningur er meðal karla, en 16,6 prósent meðal kvenna. 88,5 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

Þetta er mun minni stuðningur en fráfarandi meirihluti naut tveim dögum eftir að hann tók við. Í könnun Fréttablaðsins 13. október 2007 sögðust 56,5 prósent styðja nýjan meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og Framsóknarflokks.

Mestur er stuðningur við meirihlutann meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra, rúm 75 prósent. Þá segjast rúm 42 prósent kjósenda Framsóknarflokks styðja meirihlutann. Innan við tvö prósent kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna styðja hins vegar nýjan meirihluta. Af þeim sem ekki gefa upp hvað þeir myndu kjósa segjast 14,7 prósent styðja nýjan meirihluta.

Jafnframt var spurt hvaða flokk svarendur myndu kjósa ef boðað yrði nú til kosninga. Fylgi Sjálfstæðisflokks dregst saman um níu prósentustig frá könnun blaðsins 9. janúar og mælist nú 34,8 prósent. Fylgi Samfylkingar eykst um sjö prósentustig á sama tíma og mælist nú 42,3 prósent. Aðrar breytingar eru óverulegar.

Þá segjast 56,9 prósent vilja Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra. 5,5 prósent nefna tilvonandi borgarstjóra Ólaf F. Magnússon og 18,1 prósent styður Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson. - ss / sjá síðu 4

**STYÐUR ÞÚ NÝMYNDAÐAN MEIRIHLUTA BORGARSTJÓRNAR?**




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 23. janúar 2008



**BJÖRN INGI HRAFNSSON HÆTTIR** Björn Ingi Hrafnsson við dyrnar á heimili sínu í Seljahverfinu á tólfta tímanum í gærkvöldi. Hann segir að þótt hann sé hættur í borgarstjórn sé hann ekki hættur í Framsóknarflokknum. Hann sé hættur afskiptum sínum af stjórnmálum að sinni og segist ekki vera búinn að ákveða hvað hann muni taka sér fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Segir innanflokksdeilur knúðar áfram af hatri í sinn garð:

# Björn Ingi Hrafnsson segir af sér

**STJÓRNMÁL** Björn Ingi Hrafnsson mun á fundi borgarstjórnar í dag óska eftir lausn frá störfum sem borgarfulltrúi í Reykjavík. Ákvörðun sína byggir Björn Ingi á því að eftir persónulegar árásir á sig frá Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrrum þingmanni Framsóknarflokksins, sé honum ekki lengur vært að sitja sem borgarfulltrúi. Hann segir árásirnar knúnar áfram af hatri í sinn garð.

Björn Ingi sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi þar sem kemur fram að eftir hatrammar persónulegar árásir frá samherjum í Framsóknarflokknum sé honum nauðugur einn kostur að hverfa af vettvangi stjórnmálanna. Hann segir þá spurningu áleitna í sínum huga hvort heift og persónuleg óvild í sinn garð sé farin að bitna á fjölskyldu hans.

Björn Ingi sagðist í viðtali við Fréttablaðið á tólfta tímanum í gærkvöldi vonast til þess að nú myndi komast á friður í Framsóknarflokknum. - shá / sjá síðu 6



**LUXOR** Drengjasveitin knáa hefur lagt upp laupana.

Edgar Smári Atlason:

# Ævintýrið úti hjá Luxor

**TÓNLIST** Söngsveitin Luxor er hætt eftir hálft ár. Luxor er skilgetið afkvæmi Einars Bárðarsonar, sem varð til upp úr áheyrnarprófi. Edgar Smári Atlason, einn fimmenninganna í Luxor telur að metnaður fyrir hönd sveitarinnar hafi ekki verið nægur. Einar Bárðarson kom af fjöllum þegar Fréttablaðið náði af honum tali en sagði það leitt ef satt reyndist. Hann bendir á að gagnrýnendur hafi verið óvægnir við Luxor þótt þeir hafi selt 4.000 eintök af plötu sem þeir gáfu út fyrir jólin. - jbg / sjá





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í ágúst–október 2007






SPURNING DAGSINS



*Jóhannes, er þetta vinsæl merkjavara?*

„Ja, það gengur varla að borgarstjórinn sé merkingarlaus.“

Fyrirtækið Merking hefur varla undan við að búa til nýjar merkingar og skilti í Ráðhús Reykjavíkur vegna tíðra mannabreytinga. Jóhannes Jóhannesson er framkvæmdastjóri Merkingar.

Breskur karlmaður á fertugsaldri handtekinn í Leifssstöð:

# Sveik út farmiða fyrir 1,5 milljónir

**DÓMSMÁL** Breskur karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að svíkja út farmiða hjá Icelandair á Reykjavíkurflugvelli fyrir rétt tæpa eina og hálfa milljón króna. Hann hlaut sex mánaða fangelsisdóm, auk þess sem honum var gert að greiða sömu upphæð til flugfélagsins í skaðabætur og hann hafði svikið út úr því.

Farmiðasvikin áttu sér stað á tímabilinu 16. september 2005 til 13. janúar 2008. Þau námu 1.447.000 krónum og fóru fram með þeim hætti að maðurinn lét skuldfæra, heimildarlaust, andvirði farmiðanna rafrænt á heimasíðu flugfélagsins á vefnum á greiðslukortareikninga annars fólks. Maðurinn hafði komist yfir nöfn þess og númer reikninga af greiðslukvittunum og ferðaðist vítt og breytt um Evrópu í ein þrettán skipti.

Lögreglan á Suðurnesjum handtók manninn fyrir fáeinum dögum við komuna til landsins. Rannsókn á máli hans gekk hratt og vel fyrir sig og er hann nú vistaður á Litla-Hrauni.

Honum var auk skaðabótagreiðslunnar til flugfélagsins gert að greiða 284.500 krónur í málsvarnarlaun, svo og 13.600 krónur í ferðakostnað. **- jss**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Þar var maðurinn dæmdur í sex mánaða fangelsi og til greiðslu skaðabóta.

Asíuferð Gordons Brown:

## Vill styrkja stöðu Indlands

**INDLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, segir að Indverjar eigi að fá mun stærra hlutverk í alþjóðamálum, sem endurspegli sterkari efnahagsstöðu Indlands.

Meðal annars telur Brown rétt að Indland fái fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Brown hitti indverska ráðamenn í Nýju-Delí á mánudag, en þangað kom hann í beinu framhaldi af tveggja daga heimsókn til Kína. Þetta er fyrsta ferð Browns til Asíulanda síðan hann tók við forsætisráðherraembætti í Bretlandi síðastliðið sumar. **- gb**



**KOLAPORTINU BJARGAÐ** Dagur B. Eggertsson og Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins.

Kolaportið áfram á sama stað:

## Tryggja framtíð Kolaportsins

**VERSLUN** „Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneytið lýsa yfir vilja sínum til að tryggja framtíðarstaðsetningu Kolaportsins í Tollhúsinu næstu tíu árin,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg vegna viljayfirlýsingar borgarstjóra og fjármálaráðuneytisins um að bjarga Kolaportinu.

Þar segir enn frekar að aðstaða Kolaportsins verði bætt með nýjum inngöngum á austur- og norðurhlið og starfsemi sem fram fer í húsinu efld. Þá verði gerður 10 ára leigusamningur við Reykjavíkurborg til framleigu vegna starfsemi Kolaportsins í Tollhúsinu í Reykjavík. **- ovd**

Ríkisstjórn Ítalíu að falli komin:

## Þrýst á Prodi að segja af sér

**ÍTALÍA, AP Mikið var þrýst á Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, að segja af sér í gær vegna óvissu um hvort ríkisstjórn hans héldi velli. Prodi gekk í gær á fund Giorgio Napolitano forseta.**

**Neðri deild þingsins samþykkti í gær traustsyfirlýsingu við stjórnina, en í öldungadeildinni verður hún borin undir atkvæði á morgun. Stjórnin hefur meirihluta í neðri deild, en í efri deild missti hún eins manns meirihluta á mánudag þegar einn smáflokka, sem staðið hafa að stjórninni sagði skilið við félaga sína.** **- gb**

# Dómarafélagið gagnrýnir ráðningu hart

**Árni M. Mathiesen færði ekki viðhlítandi rök fyrir að hafa ekki umsögn dómnefndar til hliðsjónar við ráðningu héraðsdómara, segir í ályktun Dómarafélags Íslands. Árni segir rök sín fyrir niðurstöðunni í málinu góð og gild.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómarafélag Íslands telur að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hafi ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því af hverju hann hafði ekki umsögn dómnefndar um hæfi umsækjenda til grundvallar við ráðningu í embætti héraðsdómara. Í áliti sem félagið sendi frá sér í gær segir að við skipun í dómaraembætti beri ráðherra að hafa hliðsjón af umsögn matsnefndar um hæfi umsækjenda, þótt hann sé ekki bundinn af henni.

Í álitinu segir jafnframt að samkvæmt lögum félagsins beri því að standa vörð um sjálfstæði dómstóla. Í ljósi þess markmiðs hafi félaginu fundist rétt að álykta um skipun Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem spratt af ráðningunni. Eins og kunnugt er hefur ráðningin verið afar umdeild.

Eggert Óskarsson, formaður Dómarafélags Íslands, segir að með ályktuninni sé verið að leggja áherslu á sjálfstæði dómstóla. „Við teljum að val í dómaraembætti skipti máli varðandi sjálfstæði dómstóla og þess vegna var þessi nefnd sett á laggirnar. Nefndin hefur þýðingu og við teljum að það eigi að taka tillit til hennar. Það er þó vissulega rétt að ráðherra er ekki bundinn en hann þarf þá að rökstyðja það viðhlítandi rökum ef hann gengur þvert á umsögn hennar.“

Spurður um álit dómarafélagsins segist Árni M. Mathiesen vera sammála áliti dómarafélagsins um að ráðherra skuli hafa álit nefndarinnar til hliðsjónar og ef hann fer ekki eftir því að einhverju eða öllu leyti, þá beri honum að rökstyðja það. Einnig að ráðherra sé ekki bundinn af áliti hennar. „Ég er hins vegar ósammála þeim um það að ég hafi ekki fært nægilega gild rök fyrir minni niðurstöðu. Ég á alltaf að geta fært rök fyrir skipun dómara hvort sem um er að ræða nefndir sem gefa álit eða ekki.“ Árni gerir ekki ráð fyrir að bregðast við áliti félagsins sérstaklega.

Þórarinn Kristjánsson hæstaréttarlögmaður var einn þriggja sem nefndin, sem fjallaði um hæfni umsækjenda, taldi hæfari en Þorstein Davíðsson til að gegna embættinu.

Hann hefur nú sent inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna ráðningarinnar. „Niðurstaða félagsins er eins og orð töluð út úr mínum munni. Ég held að almennt séu lögmenn og lögfræðingar einnig þessarar skoðunar, segir Þórarinn.“ **svavar@frettabladid.is**



**ÁRNI M. MATHIESEN** Sem settur dómsmálaráðherra réði Árni Þorstein Davíðsson sem héraðsdómara, þrátt fyrir að hann hafi ekki verið hæfastur að mati matsnefndar. Niðurstaðan hefur verið gagnrýnd harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Formaður Eflingar:

## Óþolinmæðin töluvert mikil

**VINNUMARKAÐUR Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að fulltrúar Starfsgreinasambandsins, Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins haldi áfram að „menn vilji reyna að þoka þessu áfram en það hafi engin svör borist af hálfu atvinnurekenda sem auki bjartsýni.“**

**Sigurður segir að tveggja til þriggja ára samningur sé helst til umræðu. Ljóst sé að atvinnurekendur vilji ekki gera mikið fyrir stuttan samning. Óþolinmæðin sé orðin töluvert mikil innan verkalýðshreyfingarinnar.** **- ghs**




**FRÁ SIRKUSREITNUM** Hús þar eru hluti af 19. aldar götumynd.

Framkvæmdir á Sirkusreit:

## Nýr meirihluti hefur ekki áhrif

**SKIPULAGSMÁL** „Miðað við það sem ég hef heyrt af þessum meirihlutaskiptum þá sé ég ekki alveg að þetta hafi nokkur áhrif,“ segir Benedikt Sigurðsson, stjórnarformaður Festar ehf., um þann þátt í málefnaskrá nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks og Ólafs F. Magnússonar um að það eigi að varðveita 19. aldar götumynd við Laugaveginn.

Festar efh. er eigandi húsanna á Sirkusreit og hefur áætlanir um uppbyggingu á reitnum. „Það eru allir á því að það þarf að gera einhverja hluti til að bæta Laugaveginn og nánasta umhverfi en menn eru kannski svolítið misvísandi um hvað best sé að gera,“ segir Benedikt. **- ovd**




Stjórnarandstaðan gagnrýnir tvöfeldni í stefnu Sjálfstæðisflokks í útrásarmálum:

# Gírugur hentistefnuflokkur

**ALÞINGI** Stjórnvöld hyggjast ekki draga Landsvirkjun og RARIK út úr útrásarverkefnum með einkaaðilum, sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra á Alþingi í gær. Sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn er orðinn valdagírugur hentistefnuflokkur, segir þingmaður Vinstri grænna.

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, spurði ráðherra um áform í útrásarmálum orkufyrirtækja í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær.

Þar benti Valgerður á að sjálfstæðismenn í borgarstjórn séu andsnúnir því að Orkuveita Reykjavíkur taki þátt í útrásarverkefnum með einkaaðilum. Þveröfug sjónarmið virðist uppi hjá sjálfstæðismönnum í ríkisstjórn, sem standi að útrás Landsvirkjunar og RARIK með einkaaðilum á borð við Landsbankann. „Megi Sjálfstæðisflokkurinn uppskera eins og til er sáð,“ sagði Álfheiður Ingadóttir, þingmaður VG. Hún sagði ljóst af svari ráðherra að Sjálfstæðisflokkurinn sé orðinn gírugur hentistefnuflokkur, sem segi eitt í borgarstjórn og annað á Alþingi.

Árni sagðist ekki taka þessi ummæli Álfheiðar illa, Vinstri græn væru skiljanlega í uppnámi vegna borgarmálanna þessa dagana. Meginmáli skipti að rétt sé staðið að útrás fyrirtækja í opinberri eigu með einkaaðilum. **- bj**



**TVENN SJÓNARMIÐ** Valgerður Sverrisdóttir benti á misjafna afstöðu sjálfstæðismanna í borgarstjórn og á þingi til orkuútrásar opinberra fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Góður lífeyrir – ávísun á betra líf



Sparnaður+

Lífeyrir frá Bayern Líf (Versicherungskammer Bayern) er vænlegri kostur en hefðbundinn sparnaður – og mun öruggari en kauphallarviðskipti.

Það er svo notalegt að þurfa ekki að hafa neinar fjárhagsáhyggjur og að halda óbreyttum lífskjörum eftir starfslok. Þú ert vel tryggður með Sparnaði+ (FlexVorsorgePlus).

SPARNAÐUR

Sundagörðum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN

## GENGIÐ 23.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,26 | 66,58 |
| Sterlingspund | 129,63 | 130,27 |
| Evra | 96,57 | 97,11 |
| Dönsk króna | 12,96 | 13,036 |
| Norsk króna | 11,981 | 12,051 |
| Sænsk króna | 10,169 | 10,229 |
| Japanskt jen | 0,6246 | 0,6282 |
| SDR | 104,63 | 105,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

127,6012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kópavogsbær greiddi kennurum 18 þúsund krónur í eingreiðslu:

# Garðbæingar borga aukalega

**GARÐABÆR** Grunnskólakennarar í Garðabæ fá 110 þúsund króna eingreiðslu 1. maí. Aðrir starfsmenn grunnskóla fá mánaðarlega viðbótargreiðslu að fjárhæð 10 þúsund krónur frá 1. janúar til 30. nóvember. Áætlaður kostnaður nemur 24,8 milljónum króna.

Allir starfsmenn Garðabæjar fá hvatapeninga til íþróttaiðkunar að fjárhæð 16 þúsund krónum á ári miðað við fullt starf. Þá verður tveimur og hálfri milljón króna veitt til heilsueflingar starfsmanna. Kostnaðurinn við allar þessar aðgerðir nemur samtals 33,6 milljónum króna.

„Þetta er ekkert nýtt. Það er sama hvar þú berð niður, það er alls staðar samkeppni um starfsmenn og við erum bara að skapa samkeppnisfærni og stöðugleika. Við erum líka bara að mæta samkeppninni í sveitarfélögunum í kringum okkur," segir Páll Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar og formaður skólanefndar.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi greiddu grunnskólakennurum 18 þúsund króna eingreiðslu um síðustu mánaðamót en öðrum láglaunastarfsmönnum bæjarins hlutfallslega meira.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir að í fjárhagsáætlun fái leikskólar og grunnskólar framlag til að mæta auknu vinnuálagi. - ghs




**FÁ 10 ÞÚSUND Á MÁNUÐI** Bæjaryfirvöld í Garðabæ greiða grunnskólakennurum 110 þúsund króna eingreiðslu 1. maí. Aðrir starfsmenn skóla fá 10 þúsund á mánuði fram á haust.

Jórunn Frímannsdóttir:

## Könnunin ekki tímabær



„Það eru að ganga yfir breytingar og í sjálfu sér ekkert um það að segja á þessu stigi," segir Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem telur könnunina ekki marktæka af þeim sökum.

„Mér finnst könnunin ekki tímabær. Fólk bíður eftir að sjá nýjan borgarstjóra, bíður eftir að heyra í honum og kynnast honum," segir Jórunn. - ovd

# Meirihlutinn vill Dag

**Einungis tæp sex prósent vilja Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra. Hann tekur við embættinu í dag. Tæp 57 prósent vilja að Dagur B. Eggertsson haldi áfram. Næstflestir, eða 18 prósent, kysu að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson settist í stólinn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 5,5 prósent segjast vilja Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var meðal borgarbúa í gær. Ólafur tekur við embættinu í dag. 7,5 prósent karla og 3,3 prósent kvenna segjast vilja Ólaf í embættið.

56,9 prósent segjast vilja að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar, sé borgarstjóri. Hann nýtur meiri kven- en karlhylli og segjast 62,4 prósent kvenna vilja Dag í stól borgarstjóra, en 51,8 prósent karla.

Þetta er meira fylgi en Dagur hafði tveim dögum eftir að hann tók við, en í könnun Fréttablaðsins 13. október á síðasta ári sögðust 41,3 prósent vilja Dag sem borgarstjóra.

Þá sögðust 21,3 prósent vilja að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, væri áfram borgarstjóri. Nú segist 18,1 prósent vilja að Vilhjálmur taki við því embætti.

Svandís Svavarsdóttur, oddviti Vinstri grænna, nýtur stuðnings 7,6 prósenta sem næsti borgarstjóri. Eftir framgöngu hennar í REI-málinu í október var hún nefnd í 18 prósentum tilfella.

Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokks, kemst nú ekki á blað, en 4,9 prósent nefndu hann sem næsta borgarstjóra í október á síðasta ári.

72,7 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar, sem var: Hver vilt þú að sé borgarstjóri Reykjavíkur?

Einnig var spurt hvaða flokk fólk myndi kjósa ef boðað yrði til kosninga nú og tóku 64,2 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Af þeim sögðust 34,8 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og fengi hann samkvæmt því sex borgarfulltrúa, einum færri en hann hefur nú. Fylgi flokksins minnkar nokkuð, eða um 8,1 prósentustig frá síðustu kosningum og 8,9 prósentustig frá könnun Fréttablaðsins þann 9. janúar á þessu ári.

Fylgi Samfylkingar eykst hins vegar. Það mælist nú 42,3 prósent og yrðu fulltrúar hans samkvæmt því sjö, en eru sex nú. Fylgið eykst um 14,9 prósentustig frá kosningum og um 7,0 prósentustig frá síðustu könnun Fréttablaðsins.

Breytingar á fylgi annarra flokka frá síðustu könnun blaðsins eru minni háttar. 14,0 prósent segjast myndu kjósa Vinstri græn, og fengi flokkurinn tvo fulltrúa kjörna samkvæmt því. 4,9 prósent styðja Framsóknarflokkinn sem kæmi ekki manni að. Frjálslyndi flokkurinn kæmi heldur ekki manni að, en fylgi hans mælist nú 2,9 prósent. Eitt prósent segist myndu kjósa einhvern annan flokk.

Hringt var í 600 íbúa Reykjavíkur miðvikudaginn 23. janúar, sem valdir voru af handahófi. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni. svanborg@frettabladid.is

### FYLGI FLOKKANNA Í REYKJAVÍK




### HVER VILT ÞÚ AÐ SÉ BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKUR?



| | | |
|---|---|---|
| Dagur B. Eggertsson | (S) | 56,9% |
| Ólafur F. Magnússon | (F) | 5,5% |
| Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson | (D) | 18,1% |
| Svandís Svavarsdóttir | (V) | 7,6% |
| Aðrir | | 11,5% |

Skv. könnun Fréttablaðsins 23. janúar 2008

Dagur B. Eggertsson:

## Hafna nýjum meirihluta



„Mér sýnast stóru tíðindin í þessari könnun vera þau að íbúar og samfélagið eru að hafna þessum nýja meirihluta og lýsa andstöðu við hvernig til hans er stofnað og hvaða forsendum," segir Dagur B. Eggertsson fráfarandi borgarstjóri. „Ég tel það til merkis um ríkari lýðræðisþroska og ákveðinn vörð um grundvallarleikreglur sem hafa verið þverbrotnar, því miður, á undanförnum dögum."

Dagur segist ánægður með útkomuna í könnuninni. „En ég held að stuðningurinn við flokkana endurspegli stuðning við þennan hóp en ekki bara mig og það er tíðindi að samstarfsflokkarnir í núverandi meirihluta í heild sinni eru að bæta verulega við sig á kostnað Sjálfstæðisflokksins og Frjálslyndra." - ovd

Svandís Svavarsdóttir:

## Njótum mikils stuðnings



„Það sem vekur athygli er að það er greinilega mjög mikil andstaða við þessar tilfæringar Vilhjálms Vilhjálmssonar í Sjálfstæðisflokknum," segir Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi Vinstri grænna.

„Það er algerlega ljóst að sá meirihluti sem nú situr, meirihluti félagshyggjunnar, nýtur gríðarlegs stuðnings í Reykjavíkurborg sem kristallast líka í miklum stuðningi við okkar borgarstjóra. Ég held að við höfum sýnt og sannað í gegnum þetta öldurót núna að við erum fólk sem er tilbúið til að stjórna og verðum tilbúin til að gera það áfram því þessar tilfæringar sem eru nú í gangi eru ekki á vetur setjandi." - ovd

Björn Ingi Hrafnsson:

## Kreppa Sjálfstæðisflokksins



„Fylgi Framsóknarflokksins er mjög svipað því sem verið hefur í könnunum Fréttablaðsins og við það að vera með þennan eina mann sem við erum með í borginni," segir Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. „En það er greinilegt að fráfarandi meirihluti, sem við eigum þátt í, nýtur mikilla vinsælda hjá borgarbúum.

Það kemur líka í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn er í mikilli kreppu vegna þess að bæði er nýr meirihluti hans greinilega ekki að skora hjá borgarbúum og það kemur í ljós að flokkurinn missir líka talsvert fylgi frá síðustu könnun. Vilhjálmur fær svo minna fylgi sem borgarstjóri en fylgi flokksins er." - ovd

Ásta Þorleifsdóttir:

## Kemur ekki mjög á óvart



Ásta Þorleifsdóttir, þriðji varamaður á lista F-listans, segir að allt síðan Ólafur F. Magnússon hafi farið í sjúkraleyfi hafi flokkurinn mælst með í kringum þrjú prósent og því komi niðurstaðan nú ekki mjög á óvart. „Það góða við lágar tölur er að það er alltaf möguleiki á að hækka þær," segir Ásta. Hún segir laka útkomu F-listans í skoðanakönnunum endurspegla þá staðreynd að flokkurinn hafi ekki haft tækifæri til að láta til sín taka. „Ég held að þegar fólk kynnist vinnubrögðum þessa nýja meirihluta, sem er með sterka stefnuskrá, stendur þétt saman og hefur framtíðarsýn fyrir borgina, muni það sjá að þau verða alls ekki vond fyrir hagsmuni borgarbúa." - ovd




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ASAHLÁKA Á SUNNUDAG**

Svipað veðurlag verður fram á laugardag en á sunnudag eru horfur á sunnanstormi með mikilli rigningu á meginhluta landsins, einkum þó sunnan til og vestan. Þetta verða, líkt og hlákan á þriðjudag, skammvinn hlýindi. Strax á sunnudagskvöld snýst hann í suðvestanátt með éljum og á mánudaginn eru horfur á éljaveðri á landinu sunnan- og vestanverðu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðvestan 5-10 m/s og él. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 8°C skúrir |
| Billund | 9°C hálfskýjað | París | 11°C skúrir | Lúxemborg | 6°C skúrir |
| Osló | 3°C skúrir | Amsterdam | 10°C skúrir | Alicante | 17°C skúrir |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Róm | 10°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 22°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Ég hlakka til þess **mánaðarlega**

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlegar vaxtagreiðslur. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laus til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

**DÚX**
Hæsta einkunn í ánægjuvog fjármálafyrirtækja

**SPARISJÓÐURINN**
www.spar.is

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að nýr meirihluti í Reykjavík sitji út kjörtímabilið?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22,9% |
| NEI | 77,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fara á þorrablót?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Fjörutíu og fimm starfsmönnum sagt upp á Akranesi:

# Útgerðarsögu Akraness að ljúka

**SJÁVARÚTVEGUR** Öllum fjörutíu og fimm starfsmönnum í landvinnslu hjá HB Granda á Akranesi verður sagt upp 1. febrúar næstkomandi en 20 þeirra verða svo endurráðnir í júníbyrjun næstkomandi. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að þetta séu viðbrögð þeirra við skerðingu aflaheimilda.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti á fundi sínum í fyrradag ályktun þar sem lýst er óánægju með ákvörðunina og ákveðið að halda fund með stjórnendum HB Granda og þingmönnum Norðvesturkjördæmis. Hann verður haldinn næstkomandi mánudag.

„Við förum fram á fund með stjórnendum þegar þeir hættu við að flytja alla fiskvinnslu hingað til Akraness í ágúst til að spyrja um það hvaða framtíðarsýn fyrirtækið hafi um starfsemina hér,“ segir Gísli S. Einarsson bæjarstjóri. „Þá töldu þeir ekki þörf á því og það næsta sem við heyrum af þeim eru þessar uppsagnir.“

Hann segir að frá því að HB og Grandi sameinuðust árið 2005 hafi Árni Vilhjálmsson stjórnarformaður gefið fyrirheit um meiri uppbyggingu á Akranesi en síðan þá hefur starfsmönnum fyrirtækisins á Akranesi fækkað um 140. Í ályktuninni segir að ef ákvörðun stjórnarmanna um uppsagnir gangi eftir séu þeir að semja lokakaflann í 100 ára atvinnusögu útgerðar og fiskvinnslu á Akranesi. Ekki náðist í Árna Vilhjálmsson. - jse



**HÖFNIN Á AKRANESI** Bæjarstjórn Akraness hefur boðað til fundar á mánudag með stjórnarmönnum HB Granda.

Danska stjórnin heldur velli:

# Khader bjargaði Fogh Rasmussen

**DANMÖRK Naser Khader forðaði ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen frá því að lenda í minnihluta í atkvæðagreiðslu á danska þinginu. Khader, leiðtogi Nýja bandalagsins, gerði samkomulag við Fogh Rasmussen um að flokkur hans greiddi ekki atkvæði með frumvarpi um málefni flóttamanna en í staðinn fengi hann að hafa áhrif á samning um stöðu flóttamanna í Danmörku.**

**Khader vill að flóttamenn sem fá hæli í Danmörku fái að búa innan um annað fólk í stað þess að dvelja á sérstökum flóttamannamiðstöðvum fyrstu árin eftir komuna til landsins.** - gb






# Persónulegar árásir voru knúnar af hatri

**Björn Ingi Hrafnsson hefur ákveðið að hætta afskiptum af stjórnmálum að sinni og mun óska eftir lausn frá störfum sem borgarfulltrúi í dag. Ástæðan er persónulegar árásir í hans garð. Hann er ekki hættur í Framsóknarflokknum.**

**STJÓRNMÁL** Björn Ingi Hrafnsson hefur ákveðið að hætta afskiptum af stjórnmálum að sinni og mun óska eftir lausn frá störfum sem borgarfulltrúi í Reykjavík á fundi borgarstjórnar í dag. Ástæðan eru persónulegar árásir á hann frá Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrrverandi þingmanni flokksins. Björn Ingi útilokar ekki að snúa aftur og ætlar ekki að segja sig úr Framsóknarflokknum.

Í yfirlýsingu sem Björn Ingi sendi frá sér klukkan ellefu í gærkvöldi segir hann að almenningur hafi orðið vitni að óvenjulega rætnum og persónulegum árásum gegn honum. Það stjórnist af hreinu og beinu hatri í hans garð frá Guðjóni Ólafi Jónssyni, fyrrverandi þingmanni flokksins. Hafi það vakið þjóðarathygli. Enn fremur segir: „Þegar við svo bætist, að illa fengin gögn og fylgiskjöl úr bókhaldi kosningabaráttu flokksins eru farin að rata til fjölmiðla, má öllum vera ljóst að hatrið og viljinn til að koma höggi á mig og Framsóknarflokkinn eru orðin allri skynsemi yfirsterkari.“

Björn Ingi sagði í viðtali við Fréttablaðið á tólfta tímanum í gærkvöldi að ákvörðunin hafi verið tekin með stuttum fyrirvara. „Mér finnst að það hafi verið stigið yfir ákveðna línu sem á ekki að stíga yfir. Ég finn það líka á fólki um allt land að stjórnmálin séu komin á eitthvert ljótt stig. Mér finnst rétt að bregðast við því með þessum hætti.“ Björn Ingi segist hafa rætt við Guðna Ágústsson vegna ákvörðunar sinnar og hann virði hana. „En ég reyndar held að honum, eins og reyndar mörgum fleirum í flokknum, hafi verið illa ofboðið síðustu daga.“

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Valgerði Sverrisdóttur, varaformann Framsóknarflokksins, höfðu aðeins liðið nokkrar mínútur síðan henni bárust fréttir af ákvörðun Björns Inga. Hún sagðist vera slegin yfir fréttunum en vildi ekki tjá sig frekar að svo stöddu.

Guðjón Ólafur Jónsson segir að ákvörðun Björns Inga komi sér ekki á óvart en þetta hafi ekki verið ætlun sín þegar hann sendi út bréf til framsóknarmanna í Reykjavík, þar sem segir að flokkssjóðir séu misnotaðir. „Nú verðum við sem eftir erum að byggja það upp sem tapast hefur.“ Aðspurður um stöðu sína innan Framsóknarflokksins segir Guðjón að það sé honum ekki efst í huga, hann hafi hins vegar einbeitt sér að því að gera rétt í málefnum flokksins.

Yfirlýsinguna má lesa í heild sinni á Visir.is

svavar@frettabladid.is



**FALLIST Í FAÐMA** Björn Ingi og Alfreð Þorsteinsson faðmast eftir fund sem var haldinn með framsóknarfélögunum í Reykjavík í kjölfar REI-málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STJÓRNMÁLAFERILL BJÖRNS INGA**

Björn Ingi Hrafnsson hóf feril sinn í stjórnmálum árið 2002 þegar hann tók við sem skrifstofustjóri þingflokks framsóknarmanna. Hann varð síðar aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar þegar hann gegndi embætti utanríkis- og forsætisráðherra árin 2003 til 2006. Björn Ingi var í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður fyrir alþingiskosningarnar 2003 og var varaþingmaður Jónínu Bjartmarz í því kjördæmi. Hann hefur verið borgarfulltrúi Reykjavíkur frá maí 2006 og verið formaður borgarráðs og varaforseti borgarstjórnar.











Lögreglan varar við fjársvikum með erlenda tékka:

# Tékkasvik kærð til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Kæra barst til lögreglunnar í fyrradag frá einstaklingi sem orðið hefur fyrir fjársvikum með erlendum tékkum. Þá hefur lögregla fengið mörg símtöl frá fólki sem er að spyrja út í þessa svikastarfsemi.

Lögreglan hefur varað við fjársvikum með erlendum tékkum. Þau fara fram með þeim hætti að viðskiptum er komið á í gegnum íslenska sölusíðu. Kaupandinn sendir sem greiðslu falsaðan erlendan tékka í pósti. Tékkafjárhæðin er mun hærri en söluverð hlutarins og óskað er eftir að mismunurinn verði sendur seljanda í formi peningasendingar með milligöngu Western Union til þess lands þar sem kaupandinn kveðst vera staddur. Seljandinn, grunlaus um að tékkinn sé falsaður, skiptir honum í banka. Þegar tékkanum er síðan hafnað af hinum erlenda reikningsbanka er hins vegar búið að innleysa peningasendinguna. Seljandinn situr þá eftir með sárt ennið og þarf að öllum líkindum að endurgreiða íslenska innlausnarbankanum andvirði tékkans. Við rakningar á ip-tölum sést að þeir sem standa að baki þessu eru staddir í Nígeríu þótt peningasendingarnar fari annað. - jss



**LÖGREGLUSTÖÐIN** Lögreglunni hefur borist kæra frá einu fórnarlambi fjársvikanna.

# Útsala

# síðustu dagar!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hversu mörg ár voru í gær liðin frá því að eldgosið á Heimaey hófst?*

*2. Hvaða leikkona er að læra ensku með íslenskum hreim fyrir hlutverk sitt í kvikmynd sem byggð er á bókinni Slóð fiðrildanna?*

*3. Hvað heitir forseti Pakistans sem nú er á ferð um Evrópu og segir Vesturlönd hafa „lýðræðið á heilanum“.*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Um fimmtíu jarðskjálftar urðu rétt fyrir utan og í Grindavík:

# Vaknaði við jarðskjálftaog krossbrá

**GRINDAVÍK** Um fimmtíu jarðskjálftar urðu skammt fyrir utan og í Grindavík í fyrrinótt og gærmorgun. Fyrsti skjálftinn sem var upp á fjóra á Richter reið yfir skömmu fyrir tvö um nóttina. Annar skjálfti upp á tæplega fjóra á Richter varð svo korter fyrir sex um morguninn. Eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið.

„Ég vaknaði klukkan tvö og mér krossbrá. Ég er frekar hrædd við þessa skjálfta því að tilfinningin er svo óhugnanleg,“ segir Erla Dagbjört Ölversdóttir, íbúi á Mánagötu í Grindavík. „Ég lá við hliðina á manninum mínum og opnaði augun þegar skjálftinn varð. Ég leit á hann og þá lá hann með galopin augun. Þessi jarðskjálfti var sterkur og óþægilegur og mér tókst illa að sofna eftir hann.“ Erla Dagbjört segist hafa fundið svo aftur fyrir tveimur skjálftum í gærmorgun þegar hún var að tala við vinkonu sína í síma.

Erla Dagbjört er með gamaldags hillu og styttur fyrir ofan rúmið sitt en segir að engin stytta hafi dottið. „Það fór ekkert úr hillum hjá okkur en ég fór einmitt að hugsa um þetta,“ segir hún.

Hjörleifur Sveinbjörnsson, jarðfræðingur hjá Veðurstofunni, segir að tveir skjálftar upp á fjóra hafi komið, einn upp á þrjá og svo fjöldi smáskjálfta. Skjálftarnir hafi flestir átt upptök sín um einum kílómetra norðaustan við Grindavík en tveir hafi þó átt upptök sín inni í bænum, á sprungu sem liggur í norðaustur og er um þrír kílómetrar að lengd. - ghs



**MÉR KROSSBRÁ** „Ég vaknaði klukkan tvö og mér krossbrá,“ segir Erla Dagbjört Ölversdóttir, íbúi í Grindavík.



**FRELSINU FEGNIR** Palestínumenn frá Gaza þramma yfir fallinn vegg sem aðskildi Gaza og Egyptaland. Margir notuðu tækifærið og birgðu sig upp af vörum sem skortur er á heima fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gazabúar streymdu yfir fallin landamæri

**Jarðsprengjur felldu í gær vegg sem aðskilur Gaza og Egyptaland. Gazabúar þustu í gegn og keyptu vörur eftir marga mánuði af skorti vegna skerts ferðafrelsis. Vika er síðan landamærum að Ísrael var lokað til refsingar fyrir árásir.**

**GAZASTRÖNDIN, AP** Tugir þúsunda íbúa Gazastrandarinnar streymdu yfir landamærin inn í Egyptaland í gær eftir að sautján jarðsprengjur voru notaðar til að sprengja upp hluta af tólf kílómetra vegg sem skilur að Gaza og Egyptaland. Vika er síðan Ísrael lokaði sínum landamærum að Gaza til refsingar fyrir tíðar eldflaugaárásir þaðan.

Fólk gekk óhindrað yfir fallinn málmplötuvegg sem hafði áður hindrað för yfir landamærin og sneri svo aftur með ýmsar vörur. Forseti Egyptalands, Hosni Mubarak, fyrirskipaði landamæralögreglunni að hleypa Palestínumönnunum í gegn því þeir væru að „svelta“ vegna landamæralokunar Ísraela.

Egypski landamærabærinn Rafah fylltist af fagnandi Gazabúum sem keyptu sígarettur, eldsneyti á plastbrúsum og aðrar vörur sem skortur hefur orðið á eftir miklar hömlur á ferðafrelsi til og frá Gaza undanfarna mánuði. Sumir sáust bera til baka sjónvörp og bíldekk, jafnvel mótorhjól.

Þessi tímabundna opnun landamæranna kemur sem blessun fyrir Hamas-samtökin sem fara með stjórn á Gaza þar sem hún léttir um stund álaginu sem landamæralokun Ísraela veldur.

Palestínumenn hafa brotið sér leið gegnum landamærin að Egyptalandi nokkrum sinnum síðan Ísrael hvarf burt af Gaza árið 2005 og hafa egypsk stjórnvöld lokað þeim aftur yfirleitt samdægurs. Aldrei fyrr hefur jafn mikið af veggnum verið eyðilagður en tveir þriðju hlutar hans féllu í gær. Veggurinn var reistur árið 2001 af Ísraelsmönnum sem þá fóru með stjórn á Gaza.

Hamas tók ekki ábyrgð á sprengingunum en ólíklegt þykir að slík aðgerð geti hafa farið fram án þátttöku eða að minnsta kosti vitundar Hamas.

sdg@frettabladid.is







Óþægindi og óvænt næturdvöl hjá farþegum Iceland Express í Köben:

# Hemluðu rétt fyrir flugtak

**SAMGÖNGUR** Flugstjóri áætlunarvélar Iceland Express frá Kaupmannahöfn í fyrrakvöld hemlaði á miðri braut rétt áður en vélin átti að hefja sig á loft.

Guðbergur Ólafsson í rekstrardeild Iceland Express segir að eftir að vélin hafi verið komin af stað í flugtak hafi flugmennirnir veitt því athygli að siglingatæki sem heitir gerfisjóndeildarhringur virkaði ekki. Vélin hafi þá verið komin á 75 hnúta hraða. Miðað væri við að ekki væri hætt við flugtak eftir að 120 hnúta hraða væri náð. Þeir hafi tekið þá faglegu ákvörðun að hætta við flugtak til að láta líta á bilunina.

Guðbergur segir að alls ekki hafi verið um nauðhemlum að ræða. „Þeir voru aðeins að reyna að stoppa sem fyrst og bremsuðu því rösklega,“ segir hann og tekur fram að enginn hafi meiðst og engar skemmdir orðið. „Það var heldur ekki möguleiki á því.“

Að sögn Guðbergs var í fyrstu talið að viðgerðin myndi taka stutta stund og því hafi vélinni verið ekið með alla áttatíu farþegana að viðgerðarstæði. Bilunin hafi hins vegar reynst tímafrekari.



**ICELAND EXPRESS** Bilun í siglingatæki varð til þess að hætt var við flugtak í miðjum klíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Töfin fyrir farþegana varð reyndar meiri en við hefðum viljað,“ viðurkennir Guðbergur sem segir farþegana á endanum hafa verið flutta inn á flugstöð um klukkan hálftólf og þaðan á hótel þar sem þar gistu um nóttina. Þeir hafi síðan flogið heim í hádeginu í gær. - gar

# Til að opna og loka, stækka, minnka og klæða

**Hurðir**
**25% afsláttur**



**Hurðarhúnar**



**Loftklæðningar**



**Felliveggir**



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA - 9080119

**Aseta ehf**
**Tunguháls 17**
**110 Reykjavík**
**sími: 533 1600**
**aseta@aseta.is**

ASETA



**STOKKIÐ YFIR ELD** Hestur og knapi stökkva þarna yfir eld í spænska þorpinu San Bartolome de Pinares eins og löng hefð er fyrir á hátíð heilags Antoníusar, verndardýrlings dýranna. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri Vigor ehf. segir ásakanir Innheimtulausna um vanefndir með öllu tilhæfulausar:

# Reynt að sverta ímynd fyrirtækisins

**DÓMSMÁL** Ásakanir Innheimtulausna um vanefndir hugbúnaðarhússins Vigor, dótturfélags TM software, eru með öllu tilhæfulausar og verður svarað fyrir dómstólum, segir Sigurður Bergsveinsson, framkvæmdastjóri hjá TM og Vigor.

Hann segir ágreininginn snúast um samning sem hafi verið vanefndur verulega af hálfu Innheimtulausna.

„Við teljum að þarna sé verið að reyna að sverta ímynd okkar og reyna að hafa áhrif á röngum forsendum,“ segir Sigurður. Innheimtulausnir hafa höfðað mál gegn Vigor vegna vanefnda. Kröfurnar nema um 83 milljónum króna.

Málskostnaðartrygging Innheimtulausna hefur ekki enn verið lögð fram og því ekki ljóst hvort af málaferlunum verður, segir Sigurður. Hann segir að ásakanir Innheimtulausna verði hraktar fyrir dómstólum en vildi ekki tjá sig frekar um málið. Í yfirlýsingu sem hann sendi í kjölfar samtals við blaðamann segir að Vigor ehf. telji það ómaklegt af Innheimtulausnum að sverta ímynd fyrirtækisins opinberlega með „ótímabærum fréttaflutningi“ um málið. Félagið áskilji sér allan rétt til bóta í því sambandi. - bj

## ÞRIGGJA ÁRA FERLI

**Ferill málsins samkvæmt eiganda Innheimtulausna:**

- **Febrúar 2005:** Fyrirtækið Innheimtulausnir stofnað.
- **Október 2005:** Skrifað undir samninga um smíði á innheimtukerfi við Vigor. Kerfið á að verða tilbúið í febrúar.
- **Apríl 2006:** Húsnæði og tölvubúnaður Innheimtulausna tilbúið, ekkert bólar á innheimtukerfinu.
- **Júlí 2006:** Forsvarsmenn Vigor segja kerfið tilbúið og Innheimtulausnir taka við innheimtu. Kerfið virkar ekki og fyrirtækið þarf að segja sig frá verkefnunum.
- **Janúar 2007:** Innheimtulausnir ráða nýjan mann til að fara yfir verkið og meta stöðuna.
- **Mars 2007:** Niðurstaða matsins sú að mikið sé eftir við gerð kerfisins.
- **Júlí 2007:** Innheimtulausnir rifta samningi við Vigor.
- **Ágúst 2007:** Samið við Maritech um smíði nýs innheimtukerfis.
- **Desember 2007:** Maritech lýkur vinnu við nýja kerfið.
- **Janúar 2008:** Skaðabótamál Innheimtulausna á hendur Vigor þingfest í héraðsdómi. Krafist er um 83 milljóna króna í bætur.

# Íslendingar vinna meira en aðrir en afkasta minna

**Vinnan leikur óvenjustórt hlutverk í lífi Íslendinga. Íslendingar vinna lengri vinnudag en skila minni afköstum á unna klukkustund en nágrannaþjóðirnar. Þetta kemur fram í rannsókn prófessors við HÍ.**

**RANNSÓKNIR** Vinnan leikur óvenjustórt hlutverk í lífi Íslendinga miðað við aðrar þjóðir og stærra hlutverki en í lífi annarra Norðurlandabúa. Íslendingar vinna lengri vinnuviku en aðrir Norðurlandabúar en afköstin á hverja unna klukkustund er minni en hjá þeim. Mikil vinna þrengir að heimilunum í landinu. Þetta kemur fram í rannsókn sem Stefán Ólafsson prófessor hefur gert.



STEFÁN ÓLAFSSON

Stefán byggir meðal annars á könnun á vinnu fólks á vinnumarkaði og heimilum þar sem fjölskyldan sem heild er skoðuð og tekið tillit til vinnu beggja foreldranna á vinnumarkaði og heimilinu til að draga upp mynd af heildarvinnutímanum og sjá hvað vinnan tekur stóran hluta af vökustundum fólks.

Stefán segir að Íslendingar séu að mörgu leyti skyldastir engilsaxnesku þjóðunum hvað vinnuna varðar og meira en frændþjóðum á Norðurlöndum. „Við erum næst Bandaríkjamönnum hvað varðar mikla atvinnuþátttöku og langa vinnuviku. Frændþjóðir okkar á hinum Norðurlöndunum hafa mikla atvinnuþátttöku og jafnvel meiri atvinnuþátttöku en Bandaríkjamenn en meðallengd vinnuvikunnar er skemmri, sumarleyfi, orlof og frídagar eru fleiri en í Bandaríkjunum,“ segir hann.



**MINNI AFKÖST** Lengd vinnuvikunnar er talsvert lengri hér en hjá frændþjóðum Íslendinga á hinum Norðurlöndunum. „Við skilum tiltölulega litlum afköstum á hverja vinnustund miðað við þjóðirnar í kringum okkur,“ segir Stefán Ólafsson prófessor.

„Við víkjum frá frændþjóðum okkar í því að lengd vinnuvikunnar er talsvert meiri hér. Þar munar miklu. Stórt hlutverk vinnunnar í lífi Íslendinga hefur líka þýðingu fyrir annað, til dæmis heimilislíf og aðstæður fyrir uppeldi barna. Mikil vinna á vinnumarkaði þrengir að heimilunum,“ segir hann og bendir á að Íslendingar hafi náð ágætum efnislegum lífsgæðum en hafi mikið fyrir því.

Stefán bendir á að framleiðni sé ekki nógu mikil. „Við skilum tiltölulega litlum afköstum á hverja vinnustund miðað við þjóðirnar í kringum okkur. Þetta er mikill galli því að við verjum mörgum klukkustundum til vinnu á viku hverri en ættum að geta náð sömu afköstum á styttri vinnutíma,“ segir hann.

Úr vinnustaðafræðum er þekkt staðreynd að afköstin á hverja klukkustund verða minni þegar vinnutíminn er langur. Stefán bendir á að á hinum Norðurlöndunum sé litið á hóflegan vinnutíma sem kjaraatriði. „Ég held að ástæða sé til að draga þetta fram því að það hefur ansi mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga og gefur möguleika á að bæta kjör almennings.“

ghs@frettabladid.is



**AFHENTU UNDIRSKRIFTIR** Álftnesingar afhentu bæjaryfirvöldum undirskriftir vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Íbúar á Álftanesi:

# Afhentu undirskriftalista

**ÁLFTANES** **Íbúar á Álftanesi afhentu Sigurði Bjarnasyni bæjarstjóra undirskriftalista í gær til að mótmæla fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi.**

**Um tvenns konar undirskriftalista var að ræða. Gerður Björk Sveinsdóttir og samstarfsmenn hennar söfnuðu um 600 undirskriftum um allt Álftanes. Magnús Stephensen, íbúi við Suðurtún, afhenti undirskriftir íbúanna við Suðurtún.**

**Gerður Björk segir að mótmælt sé lagningu Skólavegar og að Breiðumýri sé að hluta til lokað. Einnig er mótmælt að land sé tekið frá margæsum og bensínstöð komið upp. Hún kveðst vona að hlustað verði á íbúana, mótmælin tekin til greina og deiliskipulagi breytt í samræmi við það. Fjallað verður um málið á fundi skipulags- og bygginganefndar í dag.** - ghs






**GUÐMUNDUR EINARSSON** Forstjóri Heilsugæslu Reykjavíkur sendi út afturköllunarbréf.

Uppsagnir skjólstæðinga heilsugæslunnar í Árbæ:

# Afturköllunarbréf hefur verið sent út

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 400 afturköllunarbréf eru nú á leið til skjólstæðinga heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Með þeim eru dregnar til baka uppsagnir Gunnars Inga Gunnarssonar, yfirlæknis stöðvarinnar, á þjónustu hennar við hundruð skjólstæðinga, sem nýlega voru sendar út.

Gunnar Ingi tjáði Fréttablaðinu þá að ástæða uppsagnanna væri sú að heimilislæknir hefði látið af störfum á stöðinni og hefðu þeir skjólstæðingar hans sem bjuggu utan þjónustusvæðis hennar fengið uppsagnarbréf.

Afturköllunarbréfið skrifar Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að með bréfi sínu hafi yfirlæknirinn verið að framfylgja fyrri ákvörðunum framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um að segja upp skjólstæðingum einstakra heilsugæslustöðva utan þjónustusvæða þeirra til þess að rýma fyrir íbúum á þjónustusvæðum. Þessi ákvörðun standist hins vegar ekki lög.

„Þú ert því áfram skráð/ur á heilsugæslustöðina í Árbæ“, segir í bréfinu, „og átt rétt á þjónustu þeirra heilsugæslulækna sem þar starfa í samræmi við ákvæði framangreindrar reglugerðar“. - jss


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru
50% afsláttur
af öllum herravörum
Kvennvara frá
BOSS
HUGO BOSS
SAND
WOMAN
50 til 70% afsláttur
af öllum kvennvörum
OPIÐ
SUNNUDAGINN 12. ÁGÚST FRÁ KL. 13 TIL 17
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# Framtíðarkonur

Leiðtoganámskeið fyrir konur

Á Pikknikk, Grandagarði 8, fimmtudaginn 31. janúar kl. 20–22.30.



**DAGSKRÁ:**
**Steinunn Valdís Óskarsdóttir,** formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, býður konur velkomnar.

**FRUMMÆLENDUR:**
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,** formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra: Útrás kvenorkunnar.

**Rannveig Guðmundsdóttir,** fyrrv. þingmaður og ráðherra: Stelpurnar í stjórnmálunum.

**Helga Vala Helgadóttir,** nemi og fjölmiðlakona: Konur og fjölmiðlar. Framkoma o.fl. Hvað ber að varast og hvað virkar.

**Jóna Hrönn Bolladóttir,** sóknarprestur: Sjálfsmynd kvenna í ljósi Jesú frá Nasaret.

**Margrét Kristmannsdóttir,** formaður FKA, Félags kvenna í atvinnurekstri: Stjórna konur öðruvísi en karlar?

**Námskeiðið er haldið þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fram til 25. janúar í netfanginu samfylking@samfylking.is eða í síma 414 2200.**

Samfylkingin




**MANUEL BARROSO** Kynnti í gær áform Evrópusambandsins um að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið kynnir nýja áætlun í orkumálum:

# Dregið úr útblæstri

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópusambandið ætlar að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um fimmtung á næstu tólf árum. Áætlað er að kostnaðurinn við þetta nemi fimmtíu milljörðum evra, sem jafngildir um 4.850 milljörðum króna.

„Þetta kostar eitthvað, en það er viðráðanlegt,“ sagði Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, en benti á að væri kostnaðinum dreift niður á íbúa Evrópusambandsríkjanna þyrfti hver þeirra að greiða þrjár evrur á viku, eða rétt um 290 krónur.

Tíu sinnum dýrara væri að gera ekki neitt, segir Barroso: „Daglegt verð á olíu og gasi hækkar, en raunkostnaður heildarpakkans lækkar,“ sagði hann. „Í staðinn fyrir kostnað ættum við að tala um hagnað fyrir Evrópusambandið.“

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett þak á losunarheimildir Evrópusambandsríkjanna svo ná megi þess markmiði. Auðugri löndin þurfa að færa stærri fórnir en þau fátækari, eins og sést til að mynda á því að Danir, Írar og Lúxemborgarar þurfa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um tuttugu prósent en Búlgarar fá aftur á móti að auka losun sína um tuttugu prósent og Rúmenar um nítján prósent.

Þjóðverjar þurfa að minnka losunina um fjórtán prósent, Bretar um sextán prósent og Frakkar um fjórtán prósent. - gb




Óhugur í Bretlandi:

## Sjálfsvígsalda ungmenna

**BRETLAND, AP** Á síðustu tólf mánuðum hafa sjö ungmenni framið sjálfsvíg skammt frá smábænum Bridgend í Wales.

Í síðustu viku fannst 17 ára stúlka látin í herbergi sínu þar sem hún hafði hengt sig. Sex ungir menn á aldrinum 17 til 27 ára hafa einnig fundist látnir á þessu svæði.

„Við vitum ekki hvort hérna er á ferðinni einhver undarlegur trúarsöfnuður eða eftirhermu-sjálfsvíg eða hvort þau hafi gert með sér einhvern furðulegan samning um að drepa sig,“ segir Kevin Clarke, faðir eins ungu mannanna, í dagblaðsviðtali. - gb

Umhverfisráðherra spurður um hagsmuni heimsins af Kárahnjúkavirkjun:

# Kolabrennsla væri margfalt verri

**ALÞINGI** Væri kolum brennt til að knýja álver líkt álveri Alcoa á Reyðarfirði myndi það losa um 860 sinnum meiri koltvísýring út í andrúmsloftið á ári en raunin er með því að framleiða orkuna með Kárahnjúkavirkjun.

Þetta kom fram í svari Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals, þingmanns Sjálfstæðisflokks, á Alþingi í gær.

Pétur spurði meðal annars um það hversu mikið Kárahnjúkavirkjun sparaði mannkyninu mikla losun gróðurhúsalofttegunda, sé miðað við að ella hefði álframleiðslan sem orka virkjunarinnar fer til farið fram í sambærilegu álveri í Kína, sem knúið væri með brennslu kola.

Þórunn svaraði því til að brennsla kola til að knýja slíkt álver myndi losa um 4.290 tonn af koltvísýringi út í andrúmsloftið á ári. Til samanburðar losi vatnsaflsvirkjunin við Kárahnjúka um 5 þúsund tonn af koltvísýringi á ári. Losunin væri því um 860 sinnum meiri í Kína.

Í svari Þórunnar við öðrum spurningum Péturs kom fram að bílaumferð hér á landi hafi losað 673 þúsund tonn af koltvísýringi árið 2005. Útblástur frá kolabrennslu til að knýja álver í Kína væri því um sexfalt meiri en af bílaumferð hér á landi. - bj



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR** Umhverfisráðherra segir að ef álverið á Reyðarfirði yrði knúið með brennslu kola myndi það losa um 860 sinnum meira af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið en það gerði með orku frá Kárahnjúkavirkjun.



**MÖRÐUR ÁRNASON** Þingmaður Samfylkingarinnar vill að ræður forseta og ráðherra verði þýddar eins fljótt og auðið er.

Ræður ráðamanna á íslensku:

## Komið í veg fyrir mistúlkun

**ALÞINGI Ræður forseta Íslands og ráðherra sem fluttar eru á erlendum tungum á að þýða á íslensku samtímis, eða svo skjótt sem auðið er, að mati tveggja þingmanna Samfylkingarinnar.**

**Mörður Árnason varaþingmaður er flutningsmaður þingsályktunartillögu þar sem því er beint til ráðamanna að þýða ræður sínar. Á síðasta ári fluttu forseti, forsætisráðherra og utanríkisráðherra samtals 29 ræður á öðru tungumáli en íslensku.**

**Með því að þýða ræður og greinar ráðherra á íslensku má koma í veg fyrir mistúlkun og rangþýðingar, enda ræðurnar margar mikilvægar fyrir íslenskt samfélag, segir í greinargerð. - bj**

Nefnd Evrópuráðsþingsins:

## Fyrsti karlmaðurinn í forsvari

**JAFNRÉTTISMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, var á þriðjudag valinn formaður jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins. Hann er fyrsti karlmaðurinn sem gegnir stöðu formanns nefndarinnar.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Fram kemur í tilkynningu frá Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins að jafnréttisnefndin sé yngsta nefnd þingsins, stofnuð árið 1998. Á síðustu árum hefur nefndin beitt sér mikið í málum sem snúa að mansali og vændi.

Alls eru tíu málefnanefndir starfandi í Evrópuráðsþinginu og funda þær flestar fjórum til átta sinnum á ári. - bj

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Má ekki loka á skráningar

Framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur ákveðið að opna skuli fyrir skráningu á öllum stöðvum. Samkvæmt lögum er ljóst að skylt er að hafa opið á skráningu skjólstæðinga á þær.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 39977 01/08

## „ORÐRÉTT“

*Einmitt*

**„Ég hef vissulega fengið vinsamlegar ábendingar frá góðum félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum um að það væri hægt að koma á meirihlutasamstarfi á ný.“**

BJÖRN INGI HRAFNSSON, BORGARFULLTRÚI FRAMSÓKNARMANNA, SEGIR SJÁLFSTÆÐISMENN HAFA BOÐIÐ SÉR AÐ TAKA ÞÁTT Í MYNDUN NÝS MEIRIHLUTA Í BORGINNI.
**Fréttablaðið 23. janúar.**

*Einmitt*

**„Ég held að þetta séu aðeins dagdraumar hjá Birni Inga.“**

JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON, BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS, UM UMMÆLI BJÖRNS INGA HRAFNSSONAR, BORGARFULLTRÚA FRAMSÓKNARFLOKKSINS.
**Fréttablaðið 23. janúar.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞRÖSTUR ELLIÐASON VEIÐILEYFASALI

## *Að drukkna í veiðileyfum*



„Það er alveg klikkuð vinna í gangi, ég er eiginlega að drukkna í að halda utan um veiðileyfasöluna,“ segir Þröstur Elliðason, veiðileyfasali hjá Strengjum og eigandi fyrirtækisins.

„Þetta er mikið batterí fyrir einn mann. Ég sé alls ekki mikla kreppu í veiðileyfamarkaðnum eins og er. Það er að minnsta kosti alveg á hreinu að niðursveiflan á fjármálamörkuðunum endurspeglast ekki í veiðileyfabókunum hjá mér núna miðað við í fyrra. Kannski er það þó ekki alveg marktækt því ég hef ekki verið með mikið af stórfyrirtækjum í viðskiptum heldur þjóna fyrst og fremst einstaklingum. En það er alla vega nóg að gera í bókununum og mikið púsluspil að koma öllu heim og saman,“ segir Þröstur sem hefur staðið fyrir mikilli uppbyggingu á veiðisvæðum sem hann annast, bæði hvað varðar fiskinn í ánum sjálfum og aðbúnað veiðimannanna.

„Það er einmitt mikið verkefni fram undan að fara að skipuleggja ýmsar fjárfestingar sem þarf að leggja í, til dæmis í veiðihúsum. Þannig að það er mikill toppur í þessu núna en ég vonast til að geta fundið tíma til að skreppa eitthvað með fjölskylduna í frí í vor áður en vertíðin byrjar á fullu. Svo erum við reyndar mjög mikið saman í Breiðdalnum á sumrin þar sem við erum með starfsstöð. Þannig að fjarvistirnar eru ekki eins miklar og kannski mætti halda,“ segir Þröstur Elliðason.

## SJÓNARHÓLL
**NÝR BORGARSTJÓRNARMEIRIHLUTI**

### *Líst ekkert á*



**BALDUR KRISTJÁNSSON**
Sóknarprestur í Þorlákshöfn.

„Mér líst ekkert á þetta en með tilvísun í starf mitt get ég ekki hneykslast yfir upprisu Vilhjálms sem leitar eftir uppreisn pólitískrar æru eftir að mörgu leyti ómaklegar hrakfarir,“ segir séra Baldur Kristjánsson, sóknarprestur í Þorlákshöfn, um nýmyndaðan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.

„Þá verð ég sem krónískur Reykvíkingur að lýsa undrun minni að meirihluti sé myndaður utan um það höfuðstefnumál að halda flugvallarskrímslinu í Vatnsmýrinni.

Annars finnt mér að sexmenningarnir ættu að afhausa meirihlutann og taka saman við alla aðra í borgarstjórninni undir forystu fólks sem er vel til forystu fallið, Dag og Gísla Martein, Svandísi og Hönnu Birnu. Mjög fá málefni greina þetta fólk að. Það hefur aldrei komið fyrir áður.“

# Hef aldrei orðið eins hissa

**Aðstandendafélag aldraðra hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í fyrra. Reynir Ingibjartsson er formaður félagsins. Hann var tekinn tali í daglegri heimsókn hjá móður sinni, Önnu Vilborgu Magnúsdóttur, 88 ára, sem býr ein í þjónustuíbúð í Hraunbænum í Reykjavík.**



**KRÍTARTAFLAN KEMUR Í GÓÐAR ÞARFIR** Reynir skrifar móður sinni um hvaðeina sem við ber. Hér um hitastigið úti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég áttaði mig kannski ekki á því fyrr en við vorum mætt til að taka við verðlaununum hvaða gildi svona viðurkenningar hafa. Þarna var fjöldi fólks saman kominn sem tengdist góðverkum á ýmsan máta og verðlaunin eru mikil hvatning og viðurkenning á því sem það er að gera. Því er veiting samfélagsverðlauna mjög þarft og gott framtak hjá Fréttablaðinu.“ Þannig farast Reyni Ingibjartssyni orð þegar hann er inntur eftir viðbrögðum sínum við Samfélagsverðlaununum fyrir ári.

Aðstandendafélag aldraðra eru ung samtök, stofnuð 26. mars 2006. Þau hafa það að markmiði að vekja athygli alþjóðar á slæmri stöðu margra aldraðra í okkar landi og hafa áhrif á ráðamenn. Það hefur meðal annars haldið tvo fjölmenna fundi í Háskólabíói.

Reynir kveðst ekki hafa orðið meira hissa á ævi sinni en þegar hann fékk símtalið í fyrra um að félagið hlyti Samfélagsverðlaunin. Þegar í ljós hafi komið að ekki var einungis um viðurkenningu að ræða heldur fylgdi henni fjárfúlga hafi hann orðið enn meira undrandi. „Við vorum satt að segja alveg gersamlega á kúpunni og framlag Fréttablaðsins upp á eina milljón kom sér einstaklega vel,“ segir hann. En hvernig var verðlaunafénu varið? Fór það upp í skuldir? „Bæði og. Það fyrsta sem við gerðum var að opna heimasíðu. Það hafði staðið til frá því félagið var stofnað. Slóðin er www.hjaafa.is en það verður að viðurkennast að við höfum varla haft burði til að halda henni almennilega gangandi. En ef eitthvað á að gera nú til dags og ná til fólks þá auglýsir það ekki í fjölmiðli öðruvísi en það kosti tugi þúsunda. Því þurfa öll samtök að hafa eitthvert fé handa á milli.“

Reynir heimsækir aldraða móður sína, Önnu Vilborgu, daglega. Hún er 88 ára ekkja og býr ein í íbúð en er afskaplega dugleg og ekki stendur á kaffiveitingunum. „Þér er kalt og veitir ekki af kaffi,“ segir hún brosandi. Heimilið ber líka hagleik hennar og verkkunnáttu vitni. Prjónadúkar, púðar, málverk, vefnaður og útsaumsmyndir prýða það. Einnig flosaður hundur sem hlaut fyrstu verðlaun á sýningu. Nú hafa handavinnuvopnin verið slegin úr höndum hennar því sjónin er að daprast. „Það er erfitt að vera latur,“ segir hún. Þrátt fyrir að vera algerlega heyrnarlaus er hún hress í tali og eldfljót að ná því sem skrifað er á krítartöflu. Þannig er tjáskiptum hennar háttað.

Reynir segir umhyggjusama nágranna líta til móður hans reglulega. „Hún er búin að lenda í ýmsum áföllum, detta, brotna og eiga í erfiðum bakmeiðslum eftir bílslys. Því hefði hún ekki getað verið hér ef nágrannarnir væru ekki svona góðir,“ lýsir hann. Hann kveðst hafa reynt í nokkur ár að finna öruggan stað fyrir hana í kerfinu en ekkert gangi. Heimaþjónustan standi varla undir nafni því sólarhringsþjónusta þyrfti að vera í boði. Víða sé líka þröngt inni á stofnunum, bara nokkrir sentimetrar milli rúma. Þessu þurfi að breyta því svona ástand sé okkur ekki sæmandi.

Hann hefur fulla trú á Jóhönnu félagsmálaráðherra og vonar að hún fái nægan stuðning til að breyta hlutunum til betri vegar. „Það er ekki nóg að byggja hús og fjölga rýmum,“ segir hann. „Það þarf líka að halda þar uppi þjónustu og greiða mannsæmandi laun fyrir þau störf sem þar eru unnin.“ **gun@frettabladid.is**


Happatappar



Kristall, Kristall Plús og Kristall Sport
Safnaðu 10 töppum
... og þú gætir verið á leið í skíðaferð með fjölskyldunni.
Egils
Kynntu þér málið á www.kristall.is

Ryk- og vatnssugur



Mikið úrval
Hagstætt verð
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
www.murbudin.is
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is


Allir listamennirnir og tónleikahaldararnir gefa vinnu sína til styrktarfélagsins:

# Meira en 25 milljónir króna

„Þetta er orðin dágóð upphæð sem hefur komið inn og þetta hefur töluvert mikið að segja fyrir rekstur svona félags,“ segir Óskar Örn Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, en rúmar þrjár milljónir söfnuðust á tónleikum til styrktar félaginu sem haldnir voru á sunnudagskvöldið.

Er þetta í níunda sinn sem slíkir tónleikar eru haldnir og er samanlögð fjárhæð sem safnast hefur komin yfir 25 milljónir króna. Náðist sú tala þegar velunnari tónleikanna gaf 600 þúsund krónur sem upp á vantaði til að ná 25 milljón



**STEBBI OG EYFI** Rjómi listamanna tekur alltaf þátt og færri komast að en vilja.

króna múrnum. Eru þessir tónleikar orðnir árlegur viðburður fyrir marga tónlistarmenn sem fram komu á tónleikunum en meðal þeirra má nefna Stebba og Eyfa, Jógvan, Friðrik Ómar, Hara-systur, Birgittu Haukdal, Sniglabandið, Klaufa, Nylon, Garðar Thor Cortes og Pál Óskar.

Auk tónlistarmannanna eru Concert, EBKerfi, Háskólabíó og Bylgjan sem og tónleikagestir nefndir sem aðstandendur tónleikanna. Garðar Jökulsson myndlistarmaður gaf svo andvirði verka til styrktarfélagsins.

„Okkar stærstu verkefni snúa að því að styðja fjárhagslega við félagsmennina eins og hægt er og svo hins vegar að standa að viðburðum sem allir kosta einhvern pening,“ segir Óskar að lokum. **- ovd**



## Electrolux

- **1200 snúninga þvottavél** með Fuzzy Logic þvottatækni
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- **Hraðval** á algengum þvottakerfum
- Seinkun á gangsetningu 3 / 6 / 9 klst.
- Stórt hurðarop
- Þriggja ára ábyrgð
- Verð áður kr. 64.900

A A
ORKA ÞVOTTUR

1200 SN.

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **49.900**



EYJUHÁFUR

AFSLÁTTUR 25%

Verð nú **44.900**

- Flottur 90 cm eyjuháfur með glerskyggni
- Afkastamikill mótor
- Snertitakkar og halogen lýsing
- Þvoanleg fitusía
- Verð áður kr. 59.900

**20** gerðir af viftum og háfum með allt að **70% afsl.**



AFSLÁTTUR 25%

Verð nú **44.900**

appliance

- Fjölkerfa blástursofn með undir- og yfirhita ásamt grilli
- Tölvuklukka
- Burstað stál
- Tvöfalt gler í ofnhurð
- Verð áður kr. 59.900



AFSLÁTTUR 30%

Verð nú **34.900**

appliance

- Keramik helluborð með snertitökkum og barnalæsingu
- 4 hellur
- Verð áður kr. 49.900



STÁL

175 CM

## Electrolux

- Rúmmál kælis **223 lítrar** og **92 lítra** frystir
- **Orkunýtni A+**
- **MAXI frystiskúffur** með betri nýtingu og nægu rými
- Flöskurekki úr stáli
- **2 stórar grænmetisskúffur**
- Glerhillur með kanti
- Sjálfvirk afþíðing í kæli
- Hljóðlátur 38 dB(A)
- HxBxD: 175x59,5x62 cm
- **Verð áður kr. 94.900**

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **74.900**



105 CM

AFSLÁTTUR 27%

Verð nú **32.900**

## Electrolux

- Rúmmál kælis **166 lítrar og 18 lítra frystir**
- **Fjögurra stjörnu frystihólf**
- **HxBxD: 105x55x60 cm**
- Verð áður kr. 44.900



STÁL

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

## ZANUSSI

- Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. sjálfvirkt kerfi, hraðkerfi og erfiðiskerfi
- Val um 4 mism. hitastig
- Hægt að þvo 1/2 vél
- HxBxD: 82-91 x 59,5 x 60 cm
- Verð áður kr. 69.900

A A
ORKA ÞVOTTUR

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **49.900**



Sparaðu allt að 75%

# ÚTSALA!

## ENN MEIRI LÆKKUN* - SÍÐUSTU DAGAR!



# VERÐDÆMI:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nefháraklippur.........299 | Eldhúsvogir digital....1.490 | Hrísgrjónapottar.....1.990 | Grillofnar................3.490 | Þvottavélar...........44.900 |
| Naglasnyrtisett.........699 | Handþeytarar........1.490 | Litlar hrærivélar.....1.990 | Gufusuðupottar....3.490 | Þurrkarar barkalausir..44.900 |
| Hnökrarakvélar........699 | Raclettegrill..........1.490 | Matvinnsluvélar.....1.990 | Handklæðaofnar. 3.990 | Uppþvottavélar...44.900 |
| Hárblásarar.............890 | Töfrasprotar.........1.490 | Kaffikvarnir.............1.990 | Djúpsteikingap......3.990 | Kæliskápar........ 29.900 |
| Brauðristar...............999 | Gufustraujárn...... 1.490 | Vöfflujárn.............. 2.990 | Safapressur stál...4.990 | Frystiskápar.........34.900 |
| Kaffivélar..................999 | Grillofnar..............1.490 | Blandarar...............2.990 | Hakkavélar.......... 6.990 | Ofnar.................. 44.900 |
| Hraðsuðukönnur.....999 | Rafmagnshnífar..1.490 | Rafmagnspönnur.2.990 | Dekur & SPAsett. 6.990 | Keram. hellub......34.900 |
| Eggjasjóðarar..........999 | Hansópur rafm.....1.490 | Kleinuhringjajárn...2.990 | Pizzaofnar.............7.990 | Eldavélar.............34.900 |
| | Sléttujárn keram..1.490 | Diskahitarar...........2.990 | Lofthreinsitæki......7.990 | |
| | Krulluburstar sett.1.490 | Olíufylltir rafm.ofn..2.990 | Brauðvélar............7.990 | |
| | Andlitsgufubað.....1.990 | Baðvogir gler.........2.990 | Örbylgjuofnar.........7.990 | |
| | Rafm. hitapúðar...1.990 | Fótanuddtæki.......2.990 | Vínkælar.............14.900 | |
| | Salt & piparkvörn.1.990 | Ryksugur..............2.990 | | |
| | Samlokugrill.........1.990 | Rafmanshellur......2.990 | | |



AFSLÁTTUR 50%

Verð nú **2.990**

TRISTAR

Lítil og nett 1400W ryksuga
- Fæst bæði rauðsanseruð eða hvít
- Verð áður kr. 5.990

*Ekki allar vörur

## Rafha ehf.

Opið
Virka daga 9-18
Laugardagur 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

## Svona erum við

> Útflutningur drykkjarvara




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÍTÖLSK STJÓRNMÁL

# *Naumur meirihluti ríkisstjórnar Prodis*

Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, berst nú fyrir lífi ríkisstjórnar sinnar. Hún missti meirihlutann á mánudaginn þegar einn smáflokkanna, sem standa að henni, tók pokann sinn og fór. Prodi fór fram á það að báðar deildir þingsins samþykktu traustsyfirlýsingu við ríkisstjórnina. Í öldungadeildinni ræður úrslitum hvort nógu margir þeirra sjö þingmanna, sem sitja þar ókjörnir til æviloka, ákveða að styðja stjórnina.



**Hve naumur er meirihlutinn?** Í neðri deild ítalska þingsins eiga 630 þingmenn sæti. Af þeim hefur átján flokka samsteypustjórn Prodis haft 348 þingmenn og er traust í sessi þótt fjórtán þingmenn UDEUR hafi sagt skilið við hana. Í öldungadeildinni sitja aftur á móti 315 þingmenn og þar naut stjórnin aðeins stuðnings 158 þingmanna, og var því strax komin í minnihluta þegar þrír þingmenn UDEUR sögðu skilið við stjórnina.

**Hverju breyta æviþingmennirnir?** Auk hinna 315 þingmanna öldungadeildar eiga sjö menn rétt á setu þar allt til æviloka. Þetta er nokkuð sérstakt fyrirkomulag, sem minnir helst á lávarðadeild breska þingsins en er þó frábrugðið henni. Fyrrverandi forsetar Ítalíu eiga sjálfkrafa rétt á þingsetu í öldungadeildinni, en auk þess hefur forseti landsins hverju sinni heimild til að veita allt að fimm manns þann heiður að verða æviþingmenn í öldungadeildinni í virðingarskyni fyrir „framúrskarandi árangur í þágu föðurlandsins á sviði félagsmála, vísinda, lista eða bókmennta“, eins og segir í reglum þar um. Þessir menn hafa sömu réttindi og aðrir öldungadeildarþingmenn og geta því ráðið úrslitum við afgreiðslu mála.

## SPURT OG SVARAÐ

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN**

### *Vekja athygli á góðu starfi*



STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar í þriðja sinn. Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, er formaður dómnefndar.

**Hver er tilgangur Samfélagsverðlaunanna?** „Markmið verðlaunanna er að draga fram það sem vel er gert í samfélaginu en jafnvel fáir vita af; vekja athygli á öllu því starfi sem er unnið af fórnfýsi og umhyggju fyrir náunganum.“

**Hverjir koma til greina?** „Verðlaunin skiptast í fimm flokka: Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum, Heiðursverðlaun og sjálf Samfélagsverðlaunin. Allir koma til greina sem lagt hafa eitthvað af mörkum sem er umfram það sem við getum ætlast til af samferðafólki okkar, bæði einstaklingar og samtök. Tilnefningar má senda í tölvupósti – samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða á visir.is/samfelagsverdlaun. Þar má finna nánari upplýsingar um flokkana.“

**Hversu margar tilnefningar hafa borist?** „Nú hafa borist vel yfir hundrað tilnefningar. Fresturinn til að skila inn tilnefningum rennur út mánudaginn 28. janúar.“




# 100 dagar Tjarnarkvartetts liðnir

**Stuttur tíma félagshyggjumeirihlutans í borgarstjórn er senn á enda. Síðasta verk borgarstjóra var að tryggja framtíð Kolaportsins. Ýmis verkefni voru í undirbúningi. Enginn málefnasamningur var lagður fram sem var ein ástæða þess að Ólafur F. Magnússon sleit samstarfinu, að hans sögn.**



**VIÐ TJÖRNINA** Margrét Sverrisdóttir, varamaður Ólafs F. Magnússonar, Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir og Björn Ingi Hrafnsson sjást hér saman við Tjörnina. Þau voru kölluð Tjarnarkvartettinn eftir þetta.

„Það kom okkur öllum sem hér stöndum, Tjarnarkvartettinum, verulega á óvart að þetta skyldi hafa farið svona,“ sagði Dagur B. Eggertsson, fráfarandi borgarstjóri um klukkutíma eftir að Ólafur F. Magnússon og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tilkynntu um það á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum að Sjálfstæðismenn og Frjálslyndir og óháðir hefðu náð saman um meirihlutasamstarf.

Eftir mikið pólitískt fárviðri vegna málefna Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest tók meirihluti Framsóknarflokks, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og F-lista við stjórn borgarinnar. Dagur B. Eggertsson varð borgarstjóri. „Forseti, góðir borgarfulltrúar. Sá meirihluti sem nú er tekinn við stjórn borgarinnar er félagshyggjumeirihluti. Þetta þýðir, að hinn nýi meirihluti telur það eitt af brýnustu úrlausnarefnum samfélagsins að vinna gegn ójöfnuði, að heilu þjóðfélagshóparnir dragist ekki aftur úr og standi frammi fyrir mun færri og fábrotnari tækifærum til þess að njóta lífsins en aðrir,“ sagði Dagur eins og hálfs tíma langri stefnuræðu sinni 20. nóvember, við framlagningu fjárhagsáætlunar.

Við tók tími upplýsingaöflunar og skipulags af hálfu meirihlutans. Kjarnamarkmið hans varðandi þjónustu við íbúa var að „færa hana út í hverfin“.

### Aðgerðir og undirbúningur

Eitt fyrsta verk nýs meirihluta var að gera tilraun til þess að taka á starfsmannavanda í skólum og umönnurstörfum, með beinum aðgerðum. Um 800 milljónir króna voru lagðar til þess taka á vandanum, samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Steingrímssyni aðstoðarmanni borgarstjóra. „Það er kominn tími til þess setja mannauðinn í forgang hjá borginni,“ sagði Dagur. Við aðgerðina bötnuðu kjör leikskólakennara en mikillar óánægju hafði gætt um langt skeið innan stéttarinnar vegna vondra kjara og mikils álags. Kynntar voru hugmyndir um að leggja áherslu á að styrkja starfsumhverfi kennara og vilji sýndur til þess að beita sér fyrir hækkun launa við endurskoðun kjarasamninga.

Skipaður var stýrihópur til þess að fara yfir málefni Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Engery Invest. Svandís Svavarsdóttir stýrir því starfi í góðu samstarfi við Bryndísi Hlöðversdóttur, stjórnarformann Orkuveitunnar. „Öllu verður komið upp á yfirborðið“, sagði Svandís eftir meirihlutaskiptin. Vinnu stýrihópsins er enn ekki lokið.



**SJÁLFSTÆÐISMENN** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru reiðir Birni Inga Hrafnssyni fyrir að hafa slitið samstarfinu við sjálfstæðismenn. Engum duldist að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins var ósamstiga eftir harðar deilur um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest.

Meðal annars var ráðist í að leyfa kennurum að fara í húsdýragarðinn, og á fleiri staði á vegum borgarinnar, endurgjaldslaust. Það féll í grýttan jarðveg hjá sumum. Ýmsum úr kennarastétt fannst þetta móðgun en mótmæli vegna þessa voru þau ekki háværð. Öllum skilaboðum um vilja borgaryfirvalda til að þess að taka á rótgrónum vanda í umönnunarstéttum var vel tekið.

Þó að mikill tími allra fulltrúa og borgarstjóra hafi farið í að móta nánasta starfsumhverfið og afla upplýsinga, á þeim tíma sem fráfarandi meirihluti var við völd, voru stefnumarkandi ákvarðandi teknar. Vinna var hafin við að gera Reykjavík að kvikmyndaborg auk þess sem lögð var áhersla á að hraða uppbyggingu útvistarsvæða, hverfatorga, sparkvalla og skólalóða í hverfum borgarinnar. Verkefnið sem snýr að uppbyggingu í hverfum heitir 1,2 og Reykjavík. Einnig var forvarnasjóður fyrir hverfatengd verkefni efldur umtalsvert, ráðgert að 100 milljónir fari til ýmissa forvarnaverkefna í stað tíu milljóna.

Ýmis önnur verkefni voru í undirbúningsferli, meðal annars kynning á stefnuskrá meirihlutans en hún átti að fara fram í febrúar.

### Enginn málefnasamningur

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn gagnrýndu harðlega að enginn málefnasamningur hefði verið lagður fram af fráfarandi meirihluta. „Borgarbúar vita ekkert hvað meirihlutinn ætlar að gera,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson í viðtali við Fréttablaðið í október. Dagur sagði óvenjulegar aðstæður í borgarmálunum kalla á að meirihlutinn færi yfir stöðu mála, einsetti sér að vinna að stefnumálum í sameiningu og leggja fram skýrar lausnir. Ólafur F. Magnússon hefur sagt að það hafi verið hans vilji að vinna á grundvelli málefnasamnings, og nefndi það meðal annars sem ástæðu fyrir því að hann sleit samstarfinu. „Í raun voru þetta slit án ástæðu,“ voru viðbrögð Dags eftir að nýr meirihluti F-lista og Sjálfstæðisflokks hafði verið myndaður.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is





**85.999**

**Hlaupabretti**
HK-1689, 2,5 hestafla mótor, sterkt afrafmagnað álagsþolið fjaðrandi færiband 167x41,5 sm, tímaklukka, vegalengdarmælir, kaloríumælir, hraða- og púlsmælir, 5 hraða og hallastillingar 0-12%, hraði frá 0,8-16 km/klst, hámarks líkamsþyngd 120 kg, þyngd á tæki 89 kg, hægt að leggja saman
3899525



**46.999**

**Göngubretti**
JDB-1300, 1,5 hestafla mótor, hraði 1-12 km/klst, sterkt álagsþolið fjaðrandi færiband 115x38 sm, 1,6 mm belti, öryggislykill, tímaklukka, vegalendarmælir, kaloríumælir, hraða og púlsmælir, 5 æfingakerfi, 3 innbyggð kerfi, hámarks líkamsþyngd 100 kg., hægt að leggja saman, þyngd á tæki 63 kg.
3899532

# HEILSUDAGAR



**Safapressa**
Lifestyle, 300W
1840891

**4.999**
~~6.999~~




**1.599**

**Æfingamotta**
MAT3 PVC, svampmotta, 180x60x2,5 sm
3899536



**15.999**

**Þrekhjól**
YK B-19, hljóðlátt, segulviðnám, mælir sem sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd, hraða, sveifarsnúning og púls, þyngdarstilling á bilinu 1-10 kg., þyngd á tæki 26 kg.
3899530



**Æfingasett**
YK-TS303, 2x1 kg. lóð, 2x grip, sippuband
3899537

**1.599**



**Magaþjálfi**
YK-A09
3899547

**3.999**



**6.990**

**Trampolin**
48" æfingatrampolin, hentar vel innanhúss
3900569

Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## Útgjöldin

> Kílóverð á kjúklingi í nóvember síðastliðin fimm ár.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: FLOSI EIRÍKSSON, BÆJARFULLTRÚI Í KÓPAVOGI

## *Farsíminn reyndist fínasta leikfang*

„Það er engin spurning að mín bestu kaup gerði ég þegar ég keypti öll 34 bindin af nýjustu útgáfunni af Britannica alfræðiorðabókinni árið 1991,“ segir Flosi. „Þetta var heljarinnar fjárfesting sem kostaði á við ein og hálf mánaðarlaun en á þessum tíma starfaði ég sem smiður. En það er búið að fletta mikið upp í bókinni og hún komið að góðum notum.“ Reynslan sem smiður hefur svo reynst Flosa vel þegar hann vildi sýna bókunum þá virðingu sem þeim ber en þá smíðaði hann bókahillur sem tóku mið af alfræðibókunum. Það þýðir ekkert að reyna að svekkja hann með því að benda á að nú sé allur þessu fróðleikur kominn á netið. „Það er allt annað að hafa þetta við höndina og geta flett þessu upp. Reyndar hefur tíminn sett nokkrar gloppur í fróðleikinn sem færður var í letur fyrir 17 árum, til dæmis er landafræðin úr sér gengin þegar kemur að fyrrum Sovétlýðveldunum eða Júgóslavíu.

En verstu kaupin gerði ég hins vegar þegar ég keypti Nokia-farsíma sem búinn var svokallaðri Wap-tækni sem lítið fer fyrir núna enda reyndist þetta hið versta tæki þótt dýrt væri. Það má þó segja tækinu til ágætis að það hefur reynst ágætlega sem leikfang fyrir krakkana, þau hafa bara nokkuð gaman af gripnum. En þetta þótti fínt á sínum tíma enda skaust einhvers konar eyra úr því sem notandinn átti svo að tala í þegar ýtt var á hnapp. En þetta sýnir að það er ekki alltaf gott að fylgja nýjustu tækni.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SYKURMOLI Á STUNGUR

■ *Atli Bollason lumar á ráði við geitungastungum*



Þegar vorar fara býflugur og geitungar á kreik, sumum til mikillar armæðu sem hræðast stungur þeirra. Atli Bollason hljómborðsleikari í hljómsveitinni Sprengjuhöllin kann gott ráð við því.

„Ef maður er stunginn af býflugu eða geitungi þá er um að gera að stökkva inn í eldhús, bleyta sykurmola og leggja hann á sárið. Þá verður lítil sem engin bólga og sársaukinn hverfandi. Þetta svínvirkar.“ Atli segir að á sínu heimili hafi oft verið talað um að setja lauk á svona stungur en hann hafi þó meiri trú á sykrinum.

■ Neytendur

## Spáir hærra verði á landbúnaðarafurðum



Íslenskar landbúnaðarafurðir geta hækkað í verði vegna mikilla hækkana á heimsmarkaðsverði á fóðri. Þetta er álit Haralds Benediktssonar, formanns Bændasamtakanna, sem kemur fram í nýrri grein hans sem birt er á vef Bændasamtakanna.

Þar segir hann að auk hækkandi verðs á fóðri muni áburður hækka verulega, þótt enn sé ekki vitað hversu mikil hækkunin verði. Hún geti orðið allt að 60 prósent. Þá hafi kjarnfóður, eldsneyti og fleiri aðföng hækkað í verði. Eini kostur bænda til að bregðast við þessu sé að velta þessum aukna kostnaði út í verðlagið.

■ Umhverfi

## Grænasta borg í heimi



Grænasta borg í heimi mun rísa í olíuríkinu Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum árið 2009 gangi áætlanir yfirvalda þar eftir. Í borginni verða um fimmtíu þúsund íbúar og fimmtán hundruð fyrirtæki. Bílar verða bannaðir þar en íbúar munu komast á milli staða á hjólum, fótgangandi eða í léttvagnakerfi. Öll orka borgarinnar verður endurnýjanleg og mun urðun sorps nánast heyra sögunni til. Þá verður allur matur lífrænt ræktaður svo fátt eitt sé nefnt.

■ Jólapakkar Icelandair

## Bóka í síðasta lagi á morgun




Á heimasíðu Icelandair er þeim sem fengu jólagjafabréf fyrir jólin bent á að bókun á jólapakkatilboðinu skuli fara fram í síðasta lagi á morgun, föstudaginn 25. janúar. Tekið er fram að ef gjafabréfið sé ekki notað fyrir þann tíma þá gildi það sem inneign og megi nýta sem greiðslu upp í önnur fargjöld.

Ferðatímabil eru mismunandi eftir borgum en tekið er fram að ferð verði að hefjast á Íslandi og eingöngu sé hægt að ferðast til og frá sömu borg. Einnig er tekið fram að eftir útgáfu farseðils séu breytingar aðeins leyfðar á brottförum og dagsetningum og þá til sama áfangastaðar og bókað var á og innan gildistíma fargjaldsins gegn 10 þúsund króna breytingargjaldi.



**KRAKKAR Á MÁNABREKKU** Seltirningar og Akureyringar borga minnst fyrir matinn á leikskólanum en Ísfirðingar og íbúar í Reykjanesbæ borga hæsta gjaldið. Myndin sýnir börn á leikskólanum Mánabrekku á Seltjarnarnesi gæða sér á síðdegishressingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Leikskólamaturinn ódýrastur á Seltjarnarnesi

**Fullt fæði á leikskóla er ódýrast á Seltjarnarnesi og Akureyri. Þar kostar morgunverður, hádegisverður og síðdegishressing aðeins rúmar fimm þúsund krónur á mánuði. Dýrastur er maturinn á Ísafirði og í Reykjanesbæ. Munurinn á milli hæsta og lægsta gjalds er 2.700 krónur eða sem nemur helmingnum af lægsta gjaldinu.**

**FÆÐISKOSTNAÐUR Á LEIKSKÓLUM**

| | Fullt fæði | Hádegisverður |
|---|---|---|
| Akureyri | 5.127 | 2.565 |
| Hafnarfjörður | 5.861 | 3.441 |
| Kópavogur | 5.620* | 4.150 |
| Reykjavík | 6.070 | 3.630 |
| Garðabær | Vantar | 4.370 |
| Seltjarnarnes | 5.023 | 2.839 |
| Mosfellsbær | 5.890 | 2.950 |
| Reykjanesbær | 6.750 | 3.250 |
| Árborg | 6.685 | 3.923 |
| Ísafjarðarbær | 7.728 | 3.362 |
| Vestmannaeyjar | 6.580 | 3.180 |
| Fljótsdalshérað | 6.025 | 3.155 |

* Ekki er rukkað fyrir morgunverð heldur litið svo á að hann sé innifalinn í leikskólagjaldinu.

Matur í öll mál á leikskóla er ódýrastur á Akureyri og Seltjarnarnesi. Þar kostar morgunverður, hádegisverður og síðdegishressing aðeins rúmar fimm þúsund krónur á mánuði. Maturinn er dýrastur á leikskólunum á Ísafirði og í Reykjanesbæ. Á Ísafirði kostar það rúmlega 7.700 krónur og í Reykjanesbæ 6.750 krónur.

Á hæsta og lægsta fæðisgjaldi munar 2.700 krónum eða rúmlega helmingi af lægsta gjaldinu. Garðabær er ekki inni í þessum samanburði.

Þetta kemur fram í yfirliti sem leikskólafulltrúarnir Guðríður Helgadóttir og Guðrún Helga Bjarnadóttir hafa tekið saman yfir fæðisgjaldið í tólf sveitarfélögum, það á meðal öllum fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Fæðisgjaldið fyrir Garðabæ er 4.370 krónur á mánuði en inni í því er aðeins hádegisverður, ekki morgunverður og síðdegishressing eins og hjá hinum sveitarfélögunum og það því ekki samanburðarhæft.

Ef gjaldtaka fyrir hádegisverðinn er skoðuð sérstaklega kemur í ljós að Garðabær rukkar mest fyrir hádegisverðinn og Kópavogur næstmest en ódýrastur er hádegisverðurinn á leikskólunum á Akureyri. Tekið skal fram að gjald fyrir morgunverð er ekki inni í fæðisgjaldinu í Kópavogi sem dregur úr samanburðarhæfninni þar.

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi í Reykjanesbæ, segir að skýringin á háu fæðisgjaldi sé sú að í leikskólum bæjarins sé áhersla á hollt og gott fæði og um leið dýrt, grænmeti og ávextir séu til dæmis í boði tvisvar á dag.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, segir að bærinn hafi þá stefnu að halda leikskólagjöldum og þar með fæðisgjaldi eins lágu og hægt sé, það sé liður í fjölskyldustefnu bæjarins. „Niðurgreiðsla okkar er í hærri kantinum. Leikskólagjöldin hafa ekki tekið hækkunum – við höfum haldið þeim í frosti – en fæðisgjaldið hefur hækkað í takt við verðlagsþróun síðustu tvö ár.“

Guðjón Einarsson, bæjarritari í Garðabæ, segir að keppni hafi allt í einu hafist milli sveitarfélaganna í landinu fyrir einu og hálfu til tveimur árum og þau hafi keppst um að lækka leikskólagjöld. Garðabær hafi ekki viljað taka þátt í þessari keppni. Kostnaðurinn við morgunverð og síðdegishressingu sé inni í heildargjaldinu en rukkað sérstaklega fyrir hádegisverðinn.

ghs@frettabladid.is



# Meiriháttar tilboð í Vatnsvirkjanum

**Baðkör og blöndunartæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans. Komdu og gerðu frábær kaup**

**Paris**



Verð áður:
16. 999,-
**Tilboðsverð kr. 6.799,-**
60% afsláttur

**Novelda**



Verð áður:
29. 999,-
**Tilboðsverð kr. 11.999,-**
60% afsláttur

**Catí**



Verð áður:
12. 999,-
**Tilboðsverð kr. 6.499,-**
50% afsláttur

**Plan**



Verð áður:
39. 999,-
**Tilboðsverð kr. 23.999,-**
40% afsláttur

**Skagen**



Verð áður:
94. 999,-
**Tilboðsverð kr. 66.499,-**
30% afsláttur

**Rhone**



Verð áður:
24. 999,-
**Tilboðsverð kr. 12.999,-**
50% afsláttur

**Dafne Twin Jet**



Verð áður:
269. 999,-
**Tilboðsverð kr. 148.499,-**
45% afsláttur

**Action**



Verð áður:
19. 999,-
**Tilboðsverð kr. 9.499,-**
50% afsláttur

**Nacelle**



Verð áður:
31. 999,-
**Tilboðsverð kr. 17.599,-**
45% afsláttur

**Kubik**



Verð áður:
119. 999,-
**Tilboðsverð kr. 83.999,-**
30% afsláttur

**Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár**

VATNSVIRKINN

**Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Smiðjuvegi 42 - Kópavogi - Sími: 557 5400 - www.vatnsvirkinn.is - www.pottaland.is**

## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum landsins, miðað við stöðugildi.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

NEMANDINN: SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR, NEMANDI Í UMHVERFIS- OG AUÐLINDAFRÆÐUM

# *Fjölbreytilegt nám um umhverfi og náttúru*

„Námið er komið á fullt hjá mér en ég er eingöngu í tímum til að byrja með. Þessa stundina erum við til dæmis að læra um ábyrgð ríkisvalds, almennings og einkageirans í tímum hjá Brynhildi Davíðsdóttur dósent,“ segir Sigrún María Kristinsdóttir, nemandi í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands.

„Ég er á annarri önn af fjórum og mun skrifa fimmtán eininga meistararitgerð, sem ég byrja væntanlega að undirbúa á þessari önn. Ég einbeiti mér mikið að skipulagi þessa dagana en er þó ekki komin með lokaverkefni enn þá. Ég býst við að skoða íbúalýðræði og aðkomu almennings að ákvörðunum stjórnvalda um framkvæmdir í meistararitgerðinni minni en á eftir að ákveða það betur.“



Sigrún María segir að námið sé fjölbreytt og gefi góða yfirsýn yfir umhverfi og náttúru, umhverfisvernd og notkun manna á auðlindum jarðar. Í náminu sé til dæmis skoðað hvernig hægt sé að bregðast við loftslagsbreytingum, hvernig skapa megi umhverfisvitund, hvort og hvaða mengun sé vandamál á Íslandi og hvernig megi meta virði náttúrunnar. Hún segir að allir nemendur taki ákveðinn kjarna til að byggja á og sérhæfi sig svo í því sem þeir hafa mestan áhuga á. Hún nefnir sem dæmi um mismunandi sérhæfingu rannsóknir á umhverfismerkingum í sjávarútvegi frá sjónarhorni Íslands og loftgæði í grunnskólum Reykjavíkur og áhrifum þeirra á heilsufar barna.

Í umhverfis- og auðlindafræðinni safnast saman nemendur með margbreytilegan bakgrunn; úr raunvísindum, heimspekideild, blaðamennsku, leiklist og sjávarútvegsfræði svo dæmi séu nefnd. Mikil og stöðug þörf er fyrir umhverfis- og auðlindafræðinga en starfsvettvangurinn getur falist í ráðgjöf á sviði umhverfis- og orkumála, hjá fyrirtækjum með virka umhverfisstefnu, í stjórnsýslu á sveitarstjórnarsviði og á landsvísu, við rannsóknir hjá opinberum stofnunum og hjá einkaaðilum og við kennslu.

■ Ráðstefna

## Rask-ráðstefna



Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun Háskóla Íslands halda hina árlegu Rask-ráðstefnu um íslenskt mál og almenna málfræði nú á laugardaginn, 26. janúar. Verður ráðstefnan haldin í stofu 101, sem nefnd er Hringstofa í Háskólatorgi HÍ og hefst klukkan níu árdegis.

Meðal dagskrárliða má nefna fyrirlestur Bjarka M. Karlssonar, Kristjáns Árnasonar og Þórhalls Eyþórssonar um lífsmörk Eddukvæða, fyrirlestur Jóns G. Friðjónssonar um tengsl stjórnar og Guðbrandsbiblíu og fyrirlestur Sigrúnar Ammendrup um flámæli á 19. öld, rannsókn á stafsetningu einkabréfa.

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir en nánari dagskrá og efniságrip má finna á slóðinni www.imf.hi.is

■ Málþing

## Enginn er eyland – fjölmenning á Íslandi



Málþing í tilefni af útkomu bókarinnar Fjölmenning á Íslandi fer fram í Skriðu, fyrirlestrarsal í Hamri, Kennaraháskóla Íslands milli klukkan 13 og 16 á morgun. Aðalfyrirlesarar er þau Magnús Þorkell Bernharðsson, dósent við Williams College og lektor við Háskóla Íslands, og Elín Þöll Þórðardóttir, dósent við McGill University, en að loknum fyrirlestrunum er gert ráð fyrir pallborðsumræðum þar sem rædd verður framtíð fjölmenningar á Íslandi. Er aðgangur að málþinginu ókeypis og allir velkomnir.

Bókin Fjölmenning á Íslandi er gefin út af Rannsóknarstofu í fjölmenningarfræðum við Kennaraháskóla Íslands og Háskólaútgáfunni.

■ Fyrirlestur

## SPÚTNIK: 50 ár frá upphafi geimaldar

Þórir Sigurðsson, kennari við Háskólann á Akureyri, heldur erindi klukkan 17 í dag, fimmtudag, sem hann nefnir SPÚTNIK: 50 ár frá upphafi geimaldar.



Í ágripi Þóris kemur fram að þegar Sovétmenn hafi skotið fyrsta gervihnettinum á braut um jörðu hafi þeir breytt stjórnmálum, menntamálum, vígbúnaði og vísindum í veröldinni. Í erindi sínu ætlar Þórir að rekja sögulegan aðdraganda og stikla á helstu áföngum geimferðanna frá Spútnik 1 til Apolló 11 sem og lýsa með dæmum þeim breytingum sem urðu á kennslu í eðlis- og stærðfræði á þessum árum.

Er fyrirlesturinn haldinn á vegum Stjarnvísindafélags Íslands og Eðlisfræðingafélags Íslands í stofu 158 í VR-II húsi verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands við Hjarðarhaga.

■ Fyrirlestur

## Lúther og konurnar

Lúther og konurnar: Um áhrif siðabótar Marteins Lúther á líf kvenna er heitið á fyrirlestri Arnfríðar Guðmundsdóttur, dósents í guðfræði við Háskóla Íslands (HÍ), en fyrirlesturinn heldur hún á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu næstkomandi miðvikudag, 30. janúar klukkan 20.



Í tilkynningu á vef HÍ segir að nýjar áherslur í guðfræði Marteins Lúther á fyrri hluta 16. aldar vörðuðu ekki aðeins kenningar og starfshætti kirkjunnar, heldur höfðu þær víðtæk áhrif á líf fólks í samfélögum þar sem siðabótin festi rætur. Þá segir enn fremur að í fyrirlestrinum ætli Arnfríður að huga sérstaklega að hugmyndum Lúthers um konur og þeim áhrifum sem siðabótin hafði á konur og hlutverk þeirra.

Fundurinn er öllum opinn og verður kaffistofa Norræna hússins opin að fundi loknum.

■ Málþing

## Lagaleg staða íslenskunnar



Fyrsta málþing íslenskrar málnefndar sem vinnur nú að því að semja drög að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðuneytið fer fram föstudaginn 25. janúar í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

Stendur málþingið milli klukkan 14 og 17 og verða þar flutt fimm erindi og umræður leyfðar. Fyrirlesarar eru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, Sigurður Líndal lagaprófessor, Þór Vilhjálmsson rithöfundur og Mörður Árnason íslenskufræðingur. Er málþingið það fyrsta af tíu en markmið nefndarinnar er að efna til umræðu um mismunandi svið málstefnunnar og kalla fram sjónarmið hlutaðeigandi hópa.

# Stuð hjá stoðkennaranum

**Nýr gagnvirkur námsvefur hefur fengið góðar viðtökur í íslenska skólakerfinu en um fimmtíu skólar nýta sér hann við kennslu. Upphaf vefsins má rekja til þess þegar Starkaður Barkarson, fyrrverandi framhaldsskólakennari, hugaði að því hvernig hafa mætti í sig og á þegar hann var fjarri heimaslóðum.**



**STARKAÐUR BARKARSON** Námsvefurinn Stoðkennarinn styður nú nemendur í fimmtíu skólum og fleiri námfúsa menn. Ungmennin taka honum vel þótt enn hafi hann ekki fengið viðurnefnið Stuðkennarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það má segja að þetta hafi byrjað á samskonar neyð og kenndi nöktu konunni að spinna,“ segir Starkaður um upphafið á gagnvirka námsvefnum Stoðkennarinn sem nú vísar nemendum menntaveginn í fimmtíu skólum. „Ég var framhaldsskólakennari í íslensku en eftir tvö ár fannst mér ég ekki vera tilbúinn að helga mig því eingöngu svo ég fór til útlanda. Þá þurfti ég að finna leið til að hafa í mig og á. Fyrir algjörla tilviljun fór ég að fikta við forritun og sá þá að þar eygði ég nokkra möguleika á að kenna í gegnum netið. Ég byrjaði með íslensku en svo bætti ég við ensku, dönsku og stærðfræði.“

Árið 2002 var vefurinn orðinn að veruleika og ári síðar voru grunnskólar farnir að færa sér hann í nyt.

„Þetta eru allt gagnvirk verkefni svo nemandinn fær alltaf viðbrögð. Ef hann gerir villu þá fær hann leiðsögn um hæl. Þá er útskýrt hvaða reglur hann hefur farið á mis við og svo framvegis. Svo fara allar þessar upplýsingar í gagnagrunn svo kennarinn getur haldið utan um einkunnir. En þó þurfa nemendur ekki að örvænta ef illa gengur með eitt ákveðið verkefni því það er alltaf hægt að gera það aftur og bæta þannig árangurinn.“

En það eru ekki einungis skólar sem sækja um aðgang að vefnum heldur hafa foreldrar sótt um fyrir börn sín ef þeir sjá að þau þurfa frekari tilsögn við námið. Ein námsgrein kostar þúsund krónur á mánuði en fyrir tvö þúsund krónur má fá aðgang að öllum námsgreinunum á vefnum sem ætlaðar eru grunnskólanemendum. Starkaður hefur fengið jákvæð viðbrögð frá kennurum en hvernig mælist Stoðkennarinn fyrir hjá nemendum? „Ja, hann hefur reyndar ekki enn fengið viðurnefnið Stuðkennarinn en þó hef ég heyrt að nemendur óski oft eftir því að komast á hann. Kannski er auðveldara að fá unglinga að skjánum en að fá þá til að opna bók.“

Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskóla og svo 1. bekk í framhaldsskóla. En hægt og bítandi er námsefni fyrir aðra hópa að ryðja sér til rúms á vefnum. Starkaður er að kenna íslensku í Frakklandi og geta nemendur hans nálgast námsefnið á Stoðkennaranum. „Svo er kærastan mín frönsk svo mér ættu að vera hæg heimatökin að setja frönsku inn á vefinn,“ segir hann og brosir við.

Stoðkennarann er að finna á vefslóðinni stodkennarinn.is.

jse@frettabladid.is

Opinn fundur í KHÍ í tilefni af að 100 ár eru frá setningu fyrstu fræðslulaganna:

# Að verða of seinn í skólann

„Þú ert að verða of seinn í skólann“ er yfirskrift fyrirlestrar Péturs Gunnarssonar rithöfundar sem hann heldur í Kennaraháskóla Íslands miðvikudaginn 30. janúar næstkomandi. Er fyrirlesturinn haldinn af því tilefni að nú á háskólaárinu 2007-2008 minnist Kennaraháskólinn þess að liðin eru 100 ár frá setningu fyrstu fræðslulaga á Íslandi og stofnun Kennaraskóla Íslands sem nú er Kennaraháskóli Íslands (KHÍ).

Í tilkynningu frá KHÍ kemur fram að „einhver augljósasta breyting sem orðið hafi á okkar dögum sé hin gríðarlega aukning aðvífandi, aðfengins, aðstreymandi efnis. Eitt sé þó óbreytt og það sé geta mannsins til að taka á móti.“ Segir þar enn frekar að „þar sem við getum ekki endalaust aukið við, hljótum við í æ ríkari mæli að þurfa að velja og hafna. Sem aftur feli í sér gildismat.“ Þá sé spurt „hvað verðskuldar að við gefum því gaum?“

Í fyrirlestrinum, sem haldinn er í salnum Skriðu og hefst klukkan fjögur, mun Pétur leitast við að máta samfélag og einstakling við þessa nýtilkomnu stöðu. Aðgangur að fyrirlestrinum er ókeypis og öllum opinn en honum verður einnig sjónvarpað á slóðinni http://sjonvarp.is. Verður hann og aðgengilegur á sömu slóð eftir útsendingu. - ovd



**PÉTUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR** Heldur fyrirlestur á miðvikudaginn klukkan fjögur í Kennaraháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT


VETRARDAGAR
Í RÖNNING
Tilboðsverð
110.900
Tilboðsverð
79.900
Tilboðsverð
89.900
Tilboðsverð
55.900
Tilboðsverð
54.900
NRK63321E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 229L
Nýtanlegt rými frystis: 75L
Hljóðstig: 41dB(A)
LCD-skjár
Sjálvirk afþýðing frystis
Hæð: 180 cm
RK6335E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frystis: 103L
Hljóðstig: 39dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 177 cm
R63392E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 388L
Hljóðstig: 39dB(A)
LCD-skjár
Kælivifta
Hæð: 180 cm
RK6285W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frysti: 59L
Hljóðstig: 39dB(A)
Hæð: 155 cm
RF6275W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 190L
Nýtanlegt rými frysti: 68L
Hljóðstig: 41dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 143,5 cm
Fjöldi annarra tilboða á kæli- og frystiskápum
Kíktu við og fáðu frítt eintak af uppflettiritinu „Brrrhh“. Góð ráð þegar þú kælir og frystir.
5 vel valin ráð úr „Brrrhh“
1 Appelsínur eru bestar að vetri til. En ef þig langar líka í appelsínur hinn hluta ársins veldu þá appelsínur með brúna flekki - þeir eru til marks um gæði.
2 Ef þú átt smá dreitil eftir af rauðvíni í flöskunni, eða eitthvað af þeyttum rjóma, ekki henda honum. Settu rauðvínið í kælipoka og rjómann í klakabox og frystu svo. Þá er alltaf hægt að bæta í sósuna síðar.
3 Settu avókadókjarnann í guacomole-ídýfuna þannig að aðeins efsti hlutinn sést og settu plastfilmu yfir skálina. Þá ertu með ídýfu í marga daga – og í rétta litnum.
4 Settu eitt lag af jarðarberjum á bakka inn í frysti án þess að þau snertist. Eftir sólarhring skaltu frysta þau í plastpoka. Þannig geturðu verið viss um að berin hafa ekki frosið saman í einn stóran kökk þegar þig vantar ber í fordrykkinn
5 Ef ísskápurinn lyktar illa settu inn í hann bolla af kaffikorgi í einhverja hilluna. Hann fjarlægir lyktina.
Góð ráð þegar þú kælir og frystir
brrrhh
RÖNNING
ronning.is
REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011
AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 460 0800
REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020
REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200
Tilboðin gilda meðan birgðir endast eða til 24. febrúar.
PIPAR • SÍA • 80004

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.051 **-4,48%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.086x
**Velta:** 7.101 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATL. AIRWAYS** | +4,15% |
| **ALFESCA** | +0,15% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | -11,03% |
| **SPRON** | -7,57% |
| **EIMSKIPAF.** | -6,42% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,15 -3,21% ... Bakkavör 48,30 -5,29% ... Eimskipafélagið 27,70 -6,42% ... Exista 11,07 -11,03% ... FL Group 9,78 -3,65% ... Glitnir 18,85 -4,07% ... Icelandair 26,00 -1,52% ... Kaupþing 682,00 -4,88% ... Landsbankinn 30,00 -3,54% ... Marel 95,50 -1,65% ... SPRON 5,62 -7,57% ... Straumur-Burðarás 12,95 -2,41% ... Össur 90,50 -3,11% ... Teymi 5,60 -3,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Deila um nafnlausar sendingar

Í Færeyjum er tekist á um grundvallaratriði vegna nafnlausrar póstkortssendingar inn á hvert heimili í eyjunum. Í sendingunni eru færeysku stjórnmálaflokkarnir kortlagðir eftir því hvort þeir teljist kristilegir eður ei. Miðflokkurinn telst þar einn flokka 100 prósent Jesúmegin, Fólkaflokkurinn og Sambandsflokkurinn eru ofar miðju, í miðið situr Sjálfstýrisflokkurinn, en Javnaðarflokkurinn og Tjóðveldi eru nokkuð undir miðju, segir í frétt Útvarps Færeyja. Sendingin hefur vakið nokkra reiði og margir sem krefjast þess að upplýst verði um sendanda. Sofus Clementsen, forstjóri Póstsins í Færeyjum, segir það hins vegar ekki munu gert og Pósteftirlitið segir málið ekki heyra undir valdsvið þess.



### Enn af póstmálum

Í Danmörku er líka fjallað um póstmál, en nokkuð á öðrum nótum þó. Þar hefur stjórnendum Post Danmark ofboðið ástandið, en að meðaltali er hver starfsmaður með 18 veikindadaga á ári. Útvarp Færeyja greinir frá að til úrbóta hafi stjórn fyrirtækisins gripið til þess ráðs að búa til happdrætti meðal þeirra starfsmanna sem ekki nýta sér veikindarétt á heilu ári. Dregnir verða út átta vinningar upp á 100 þúsund danskar krónur hver, eða sem jafngildir um 1,3 milljónum íslenskra króna. Auk aðalvinninganna verða svo líka dregnir út smærri vinningar sem ganga til heppinna í hópi starfsmanna sem að hámarki hafa nýtt sér tvo veikindadaga.




## MARKAÐSPUNKTAR

Míla og Geisli hafa gert sín á milli samstarfssamning þess efnis að Geisli taki að sér að þjónusta fjarskiptakerfi Mílu í Vestmannaeyjum.

Straumur hefur ráðið til starfa á skrifstofu bankans í Stokkhólmi þá Mats Ericsson, forstöðumann sölusviðs markaðsviðskipta í Svíþjóð, Peter Bengtsson, sölustjóra í markaðsviðskiptum, og Peter Näslund, yfirmann greiningar.

Greiningardeild Landsbankans spáir að vísitala neysluverðs hækki um 0,1 prósent í janúar. Gangi spáin eftir verður tólf mánaða verðbólga um sex prósent.

Petrea I. Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Markaðssviðs hjá Símanum.

# Ógnar ekki SPRON

„Þótt það verði sveiflur eins og í Existu, þá hefur það lítil áhrif á áhættugrunn okkar," segir Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON.



**GUÐMUNDUR HAUKSSON** Eiginfjárhlutfallið er rúmt. Þótt gengi í Existu sveiflist þá hefur það lítil áhrif.

SPRON á beint og óbeint um 7,4 prósenta hlut í Existu. Gengi hlutabréfa í Exista hefur lækkað mikið undanfarnar vikur.

„Þegar áhættugrunnurinn er reiknaður út eru fjárfestingar í fjármálafyrirtækjum dregnar frá eigin fé. Þannig hafa verðsveiflur ekki áhrif á áhættugrunninn," segir Guðmundur. Áhættugrunnurinn, eða eiginfjárhlutfall (CAD-hlutfall), sé mjög rúmur.

Guðmundur segir að rekstur sparisjóðsins sé tvíþættur. Annars vegar viðskiptabankaþjónusta og síðan fjárfestingar. „Þótt fjárfestingar sveiflist, þá hefur það ekki áhrif á viðskiptabankastarfsemina."

- ikh

# Engin fækkun í bönkum

„Áætlanir okkar gera ráð fyrir fjölgun á árinu," segir Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans.

Vangaveltur hafa verið um stórfelldan niðurskurð í fjármálageiranum á árinu. Allt að 650 störf kunni að glatast á árinu.

Bankamenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að árið 2008 verði þungt undir fæti en fullyrða að ekkert hafi verið ákveðið um fækkun.

Ólafur Teitur Guðnason, fjölmiðlafulltrúi Straums, segir að starfsmönnum Straums hafi fjölgað umtalsvert á undanförnum vikum.

Um tuttugu manns hafa verið ráðnir þangað undanfarið, þar af rúmur helmingur hér á landi.

Engar uppsagnir vegna niðurskurðar munu vera fyrirhugaðar hjá Kaupþingi, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Sömu sögu er að segja af SPRON.

Vala Pálsdóttir, upplýsingafulltrúi Glitnis, segir að síðastliðið ár hafi verið metár í ráðningum hjá bankanum og það komi ekki á óvart þótt úr þeim dragi í ár. Hins vegar hafi ekki komið til uppsagna og engin ákvörðun verið tekin um slíkt. „Hér er ráðið í störf sem losna."



**Í BANKANUM** Fullyrt er að þrátt fyrir niðursveiflu verði ekki fækkað í röðum bankamanna.

Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, kannast ekki við að bankamenn séu að missa vinnuna.

Um 6.000 manns starfa hjá fjármálafyrirtækjum. Hátt í 40 prósent í útibúum.

- ikh



**FRÁ AÐALFUNDI EXISTU** Stjórnendur Existu á aðalfundi félagsins í fyrra. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, segir umfjöllun sænska bankans SEB Enskilda illa unna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugleiðingar um Existu víðs fjarri veruleikanum

**Greiningardeild sænska bankans SEB Enskilda segir Existu berjast við lausafjárskort. Stjórnarformaður félagsins og greinendur segja umfjöllunina illa unna og forsendur rangar.**

„Þessar hugleiðingar greiningarmanns Enskilda eru illa unnar og fjarri öllum veruleika. Greiningarmaðurinn þekkir greinilega ekki vel til Existu og gerir sig þar að auki sekan um rangfærslur í útreikningum," sagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, í tilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær.

Greiningardeild sænska bankans SEB Enskilda birti umfjöllun um Existu og lausafjárstöðu félagsins í vikubyrjun. Umfjöllunin, sem ekki er formleg greining, er ætluð viðskiptavinum og ráðgjöfum. Þar kemur fram að gengi stærstu eigna Existu, þar á meðal kjölfestan í Kaupþingi og finnska tryggingafélaginu Sampo, auk norska fjármálafyrirtækisins Storebrand, hafa fallið mikið í óróleikanum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum frá síðasta hausti og megi Exista ekki við nema allt að tíu prósenta lækkun til viðbótar áður en félagið neyðist til að selja eignir upp í skuldbindingar. Líklegt þyki að bæði skandinavísku félögin séu viljug til að kaupa eigin bréf að því gefnu að afsláttur verði gefinn á markaðsgengi þeirra.

Exista er stærsti hluthafi Sampo með tæpan tuttugu prósenta hlut. Athygli vekur að greinendur SEB Enskilda mæla með kaupum á tryggingafélaginu á meðan staða stærsta hluthafans er dregin í efa.

SEB Enskilda reiknar gengisþróun á eignasafni Existu frá hæsta gildi þess á öðrum ársfjórðungi í fyrra en þá stóð gengi hlutabréfa almennt hátt. Við þessa forsendu er miðuð eiginfjárstaða Existu á þriðja ársfjórðungi. Slíkur útreikningur veldur því að áætlað tap er meira en raunin er, líkt og greiningardeild Glitnis benti á í gær. Fleiri taka í sama streng enda eðlilegra að miða út frá gengislækkun eignasafns Existu um svipað leyti.

Þá er hlutdeild Existu í þriggja milljarða evra hagnaði Sampo af sölu á bankastarfsemi til Danske Bank í fyrra dregin frá eiginfjárstöðu félagsins. Slíkur viðbótarfrádráttur er sagður rangur.

Niðurstaða SEB Enskilda er að lausafjárstaða Existu nemi nú 365 milljónum evra, jafnvirði 35,4 milljörðum íslenskra króna, samanborið við 260 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi síðasta árs.

Stjórnendur Existu hafa ákveðið að tjá sig ekki frekar um málið þar sem þagnarskylda hvíli á þeim fyrir birtingu uppgjörs á fimmtudag í næstu viku. „Við munum þá gera nákvæma grein fyrir stöðu félagsins," heldur Lýður áfram. Exista hefur þegar haft samband við SEB Enskilda og óskað eftir útskýringum á rangfærslunum.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu, sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir hálfum mánuði aðgang fyrirtækisins að lausafé nægja til að mæta endurfjármögnunarþörf félagsins nær allt árið. „Eru þá ekki taldar með auðseljanlegar eignir," sagði hann.

jonab@frettabladid.is

**STÆRSTU EIGNIR EXISTU***

| Eign | Hlutfall |
|---|---|
| Skipti (móðurfélag Símans) | 43,6% |
| Bakkavör | 39,60% |
| Kaupþing | 23,00% |
| Sampo | 19,98% |
| Storebrand | 8,70% |

* Í lok þriðja ársfjórðungs 2007

# Versta ársbyrjun í sögu Kauphallarinnar

**Úrvalsvísitalan hefur lækkað um fimmtung á árinu. Gríðarlegur órói er á alþjóðamörkuðum.**

Hlutabréf hríðféllu í Kauphöll Íslands í gær og lækkaði Úrvalsvísitalan um 4,48 prósent. Vísitalan fór lægst í um 4.980 stig en endaði daginn í 5.051 stigi. Hún hefur nú lækkað um 8,7 prósent það sem af er vikunni og um tuttugu prósent frá áramótum. Árið sem nú er nýhafið er enn sem komið er það versta í sögu hlutabréfaviðskipta hér á landi. Þá hefur evra aldrei verið sterkari gagnvart krónu, en nú fást 97,7 krónur fyrir hverja evru.



**FRÁ BRASILÍU** Ekkert lát virðist á lækkun hlutabréfa víðs vegar um heim. Sérfræðingar segja stýrivaxtalækkun seðlabanka Bandaríkjanna of seint fram komna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mest lækkun varð á bréfum í Existu sem rýrnuðu um rúm ellefu prósent. Spron lækkaði um tæplega átta og Eimskip um rúmlega sex prósent. Bréf Atlantic Petroleum hækkuðu um rúmlega fjögur prósent.

Lækkunin var nokkru meiri en á alþjóðamörkuðum, þar sem bréf lækkuðu þrátt fyrir 75 punkta stýrivaxtalækkun bandaríska seðlabankans á þriðjudag. Hin breska FTSE-vísitala féll um 3,9 prósent, bandaríska tæknivísitalan NASDAQ um tvö prósent og Dow Jones um rúmlega eitt prósent. C20 vísitalan í Kaupmannahöfn lækkaði um 1,41 prósent og hin sænska S30 um 3,69 prósent.

**ÚRVALSVÍSITALAN**
**— Þróunin frá áramótum:**




Sérfræðingar eru sammála um að lækkanir á alþjóðlegum mörkuðum megi rekja til ótta um yfirvofandi kreppu í Bandaríkjunum. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans hafi hreinlega komið of seint fram. Fram kemur í hálffimmfréttum Kaupþings að Úrvalsvísitalan hafi ekki lækkað svo mikið á einum degi síðan 4. janúar 2006.

- jsk

# Kaupa ráðgjafarfyrirtæki

AppliCon AB í Svíþjóð, sem er í eigu Nýherja, hefur keypt öll hlutabréf í sænska fyrirtækinu Marquardt & Partners. Kaupverð er ekki gefið upp.



**ÞÓRÐUR SVERRISSON.**

Fram kemur í tilkynningu frá Nýherja að kaupin séu í samræmi við þá stefnu AppliCon að útvíkka starfsemi sína á sviði hugbúnaðarlausna fyrir fjármálafyrirtæki í Norður-Evrópu.

Marquardt & Partners er ráðgjafarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni og sérhæfir sig í innleiðingu hugbúnaðar, ráðgjöf og þjónustu við fjármálafyrirtæki. AppliCon rekur skrifstofur í þremur löndum auk Íslands; í Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð.

- jsk

SÉR TILBOÐ!

tab ÍTALÍA

# HEILIR STURTU-KLEFAR

MEÐ ÖLLU

80x80 kanntaður
90x90 rúnaður






Sturtuhaus

Handsturta

Hitastýrð blöndunartæki

8 nuddstútar

Sæti

VERÐ FRÁ 88.900,-

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Allt í lagi í Reykjavík:

## Fálm, flaustur og fals í ráðhúsinu

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Sagan endurtekur sig, fyrst sem tragikómedía og síðan sem farsi, segir gamalt máltæki. Nú var ekki að sjá að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins væru himinlifandi þegar þeir stóðu á Kjarvalsstöðum aftan við forystumenn hins nýja meirihluta Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, Kjartans Magnússonar og Ólafs F. Magnússonar. Svipurinn var óráðinn, tómur, frosinn: Í hverju erum við nú lent?

Skiljanlega vilja forystumenn Sjálfstæðisflokksins ná völdum í Reykjavík. Þeir stigu sigursælir og reifir á stjórnpallinn að lokinni öruggri kosningabaráttu. Svo splundraðist meirihlutinn í höndum þeirra. Var ljóst að innan þeirra raða ríkti ekki traust þótt snarlega tækist að berja í rifurnar og sameinast um stefnumið í málinu sem sundraði. Bræðingurinn sem varð að fárra ráðum og framganga þeirra Vilhjálms og Ólafs er ekki til marks um að þeirra sess sé tryggur. Yfirlýsingar duga ekki til að sannfæra almenning um að samstarf Sjálfstæðisflokksins við Ólaf F. Magnússon verði langlíft. Sú hugmynd að þessi leikur sé gerður til að kaupa tíma svo finna megi traustari rekkjunaut er ekki ósennileg.

Vandi sjálfstæðismanna er forystan: það er slétt sama hve oft Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson endurtekur í fjölmiðlum hve lengi hann hafi starfað í borgarstjórn og að sveitarstjórnarmálum, tími hans sem stjórnmálamanns og leiðtoga er liðinn. Hin misheppnaða hallarbylting félaga hans sem lýsir sér best í fleygum orðum – til í allt án Villa – var söguleg nauðsyn borgarstjórnarflokknum: Hanna Birna og Gísli Marteinn verða að finna vatnaskil og taka þau völd sem þeim ber, hvernig svo sem þau deila þeim.

Þegar Þorbjörg Helga lýsir áhyggjum yfir ástandi í embættismannakerfinu og hjá kjósendum ratar hún á staðreynd: kjósendur eru rasandi. Framferði Björns Inga fyrr á kjörtímabilinu er engin afsökun. Hans stjórnkænska er ekki til eftirbreytni, jafnvel þótt honum takist að troða sér í uppbótarsæti í næstu kosningum. Fram undan var kynning á stefnumálum fyrrverandi meirihluta. Kjósendur eiga fullan rétt á að það plagg verði lagt fram.

Þá verður ekki síður kyndugt að sjá alþjóðlegar tillögur um framtíð Vatnsmýrarsvæðisins – hvor þeirra, Ólafur eða Vilhjálmur, á að kynna það fyrir borgarbúum? Ætla Hanna Birna, Gísli Marteinn, Þorbjörg og Júlíus að standa þar aftur baka til með tóman svip og þegjanda í augunum? Kannski er betra að vera bara heima.

Það er ekki hollt fyrir samfélag að taka brigður og svik, blekkingar og fals fram sem meginreglu í samskiptum manna. Almenningur vill ekki sjá slík vinnubrögð, jafnvel þótt mönnum sé brátt til valdsins. Að kalla til samstarfs veika og styrklitla aðila er hættuspil: fyrir skipulögð og órofin vinnubrögð, fyrir samfellu í stjórnháttum, fyrir þau mörgu og mikilvægu framfaramál sem þarf að vinna að fyrir borgarbúa. Slíkt spil þarf ekki að enda sem algjör skrípaleikur, það getur snúist upp í aðra andhverfu: harmleik. Og þótt menn hafi í hita leiksins skort greind til að sjá svo langt í fléttuverkinu er ábyrgð þeirra söm.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Markaðurinn í lok dags




Fylgstu með Markaðinum í lok dags kl. 16:45 á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

visir.is
...og sá það á visir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Grundvallarplagg?

Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista tekur við í borginni í dag. Sjálfstæðismenn gagnrýndu fráfarandi meirihluta harðlega fyrir að gera ekki málefnasamning og því kemur ekki á óvart að þeir leggja ríka áherslu á að hafa gert slíkan samning. Það rýrir reyndar gildi þessarar bragarbótar að aðeins þrír borgarfulltrúar tóku þátt í að semja plaggið og gerðu það augljóslega í miklum flýti. Víða er samningurinn almennt orðaður og óskýr. Ef málefnaskrá er jafn mikil grundvallarforsenda fyrir meirihlutasamstarfi og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson vill meina, hefðu menn þá ekki átt að gefa sér meiri tíma til að semja hann og ganga úr skugga um að það væri sómasamlega gert?



### Árni feginn

Líklega er þó enginn kátari yfir sviptingunum í borginni en Árni Mathiesen fjármálaráðherra, sem hefur fengið langþráða hvíld frá kastljósinu og erfiðum spurningum vegna umdeildrar dómaraskipunar hans fyrir áramót. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar í því máli. Umboðsmaður Alþingis á enn eftir að skila áliti sínu um hvort skipun setts dómsmálaráðherra teljist til góðra stjórnsýsluhátta.

### Líkamleg skuldbinding

Nýr flötur er kominn á fatapóker Framsóknarflokksins, það er að frambjóðendum flokksins hafi láðst að gefa skæðin upp til skatts. Björn Ingi Hrafnsson segist ekki hafa talið þörf á því þar sem upphæðirnar hafi ekki verið háar. Hann skýrði líka frá því í fréttum Sjónvarpsins á mánudag að fötin nýttust honum ekki einu sinni lengur því hann hefði bætt á sig frá því í kosningabaráttunni og kæmist ekki lengur í spjarirnar. Jæja, þær slitna að minnsta kosti ekki á meðan. En eiga kjósendur Framsóknarflokksins þá ekki heimtingu á því að Björn Ingi mæti slank til leiks fyrir kosningarnar 2010 og noti fötin aftur?



bergsteinn@frettabladid.is

# Mannréttindi eru algild

Mannréttindi eru algild en ekki afstæð og geta því aldrei gengið kaupum og sölum. Íslendingar hafa yfirleitt skipað sér framarlega í sveit þeirra þjóða, sem bera mesta virðingu fyrir mannréttindum. Síðasta aftakan á Íslandi fór fram í Húnavatnssýslu 1830. Eftir það voru tíu Íslendingar að vísu dæmdir til dauða í Hæstarétti, en konungur mildaði dómana, svo að enginn var tekinn af lífi. Dauðarefsing var afnumin í tveim áföngum, 1869 var felld úr lögum dauðarefsing fyrir blóðskömm og dulsmál, það er útburð til að leyna barnsfæðingu, og 1928 var dauðarefsing afnumin með öllu, mörgum áratugum á undan afnámi dauðadóma annars staðar um Norðurlönd. Tyrkir afnámu dauðarefsingu 2004 og Albanar 2007, því að öðrum kosti fengju lönd þeirra ekki inngöngu í Evrópusambandið. Gervöll Evrópa hefur nú hafnað dauðarefsingu. Bandaríkin eru eina iðnríkið utan Asíu, þar sem dauðadómar tíðkast enn – og nú einnig pyndingar, því að sjaldan er ein bára stök. Dauðarefsing er mannréttindabrot vegna þess, að hún er óafturkræf: sá, sem er tekinn af lífi og reynist saklaus, verður ekki vakinn aftur til lífsins.

### Saga frá Síle

Til eru lönd, þar sem stjórnvöld og almenningur líta mannréttindi og mannréttindabrot öðrum augum en flestir Íslendingar. Sleppum Kína, því þá dæmi liggur í augum uppi: ríkisstjórn Kína brýtur mannréttindi í stórum stíl, enda liggja mannréttindabrot í eðli allra einræðisstjórna. Tökum heldur Síle, sem er nú lýðræðisland. Þar studdi um þriðjungur landsmanna herforingjastjórn Pinochets 1973-90 þrátt fyrir gróf mannréttindabrot, sem allir vissu um, en sumir heimamenn horfðu fram hjá eða vörðu með skírskotun til þess, að hagstjórnin hjá Pinochet og þeim



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Mannréttindabrot

væri svo skínandi skilvirk. Að baki þessarar afstöðu bjó sú hugmynd, að mannréttindabrotin – morðin, mannshvörfin, pyndingarnar – hefði verið nauðsynlegur liður í landsstjórninni og herforingjunum hefði ekki getað tekizt að bæta lífskjörin og lyfta þjóðarbúskapnum svo sem raun varð á nema með því að koma þúsundum stjórnarandstæðinga fyrir kattarnef. En þetta er rangt, og siðlaust. Engin áreiðanleg gögn styðja þá skoðun, að mannréttindabrot af nokkru tagi séu nauðsynlegur liður árangursríkrar hagstjórnar, hvorki í einstökum löndum né í heiminum í heild. Hitt virðist mun líklegra í ljósi tiltækra gagna, að lýðræði og full virðing fyrir óskoruðum mannréttindum stuðli að betri hagstjórnarháttum og betri lífskjörum.

Mannréttindabrot eru valdníðslutæki glæpamanna. Augusto Pinochet (1915-2006) varð sem betur fer svo langlífur, að sannleikurinn um hann kom í ljós í lifanda lífi. Hann reyndist vera stórtækur mútuþegi og þjófur auk annarra glæpa. Nú er allur vindur úr fyrrum stuðningsmönnum hans og herforingjanna, sem sitja nú margir á bak við lás og slá eða bíða dóms.

### Sama firra

Mannréttindi og mannréttindabrot snúast ekki alltaf um líf og dauða, heldur einnig um jafnræði og réttlæti. Stjórnarskrá lýðveldisins geymir svofellt ákvæði í 65. grein: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Þessi grein er tekin nær orðrétt upp úr 26. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og var leidd í lög 1995. Á grundvelli þessarar greinar auk atvinnufrelsisákvæðis 75. greinar stjórnarskrárinnar felldi Hæstiréttur þann dóm í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu 1998, að fiskveiðilögin brytu í bága við stjórnarskrána. Alþingi brást við dóminum með því að breyta lögunum, en þó aðeins til málamynda. Þennan dóm Hæstaréttar hefur Mannréttindanefnd SÞ nú í reyndinni innsiglað og þá um leið ógilt dóm Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu 2000, þar sem rétturinn sneri við blaðinu undir ódulbúnum þrýstingi frá formönnum beggja ríkisstjórnarflokkanna þá.

Úrskurður Mannréttindanefndar SÞ um daginn er áfellisdómur yfir mannréttindabrotum af hálfu Alþingis með fulltingi Hæstaréttar. Tvær vikur eru nú liðnar frá birtingu úrskurðarins, en Alþingi hefur samt ekki séð ástæðu til að lýsa því yfir, að fiskiveiðilögunum verði breytt til samræmis við stjórnarskrána og Mannréttindasáttmála SÞ. Alþingi virðist líta svo á líkt og herforingjarnir í Síle á sínum tíma, að þjóðarhagur útheimti mannréttindabrot. En það er firra. Hefði fiskveiðunum verið stjórnað með vel útfærðu veiðigjaldi, þar sem allir sætu við sama borð, eins og lagt var til strax í upphafi og við veiðigjaldsmenn höfum æ síðan haldið fram með fullbúið lagafrumvarp í höndunum, hefðu fiskveiðilögin ekki þurft að koma til kasta Mannréttindanefndarinnar. Boðið stendur.

# Tæpitungulaust

**UMRÆÐAN**

Borgarmál

Nýi borgarstjórnarmeirihlutinn er óstarfhæfur. Hann er myndaður á grundvelli lyga. Ólafur F. var keyptur til fylgilags við Sjálfstæðisflokkinn með borgarstjórastólnum og með ósönnum fullyrðingum um að Sjálfstæðisflokkurinn væri annars að mynda meirihluta með öðrum flokki. Þessi framganga fékk blessun formanns Sjálfstæðisflokksins eins og hann hefur staðfest. Ef eitthvað er pólitísk misneyting þá er það framganga Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, einkum oddvitans sem svo eftirminnilega brást trausti félaga sinna í haust og klúðraði þáverandi meirihluta. Hann brást þá líka trausti borgarbúa. Hví skyldu þeir treysta honum nú?

Ólafur F. Magnússon var í veikindaleyfi nánast allt árið 2007. Hann tók þó þátt í að mynda nýjan meirihluta í október þegar ágreiningur milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, og innbyrðis í Sjálfstæðisflokknum, um orkumál urðu þeim meirihluta að aldurtila. Ólafur kom til starfa í borgarstjórn eftir veikindi í desember og tók þá við sem forseti borgarstjórnar. Hann segir nú að honum hafi ekki þótt hlutur F-listans nægilega sýnilegur. Hvað breyttist frá því meirihlutinn var myndaður í október, og sem Ólafur var giska ánægður með, og þar til nú í janúar? Jú, eina breytingin var sú að Ólafur tók við sem forseti borgarstjórnar af Margréti Sverrisdóttur. Getur verið að við það hafi F-listinn orðið ósýnilegur?



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

Forsætisráðherra segir að meirihlutaskiptin í borginni hafi engin áhrif á stjórnarsamstarfið frekar en þegar Sjálfstæðisflokkurinn hrökklaðist frá völdum í haust. Hér er ólíku saman að jafna. Í haust féll meirihluti tveggja flokka vegna ágreinings um grundvallarstefnu í orkumálum og þar sem bullandi ágreiningur var einnig innbyrðis í Sjálfstæðisflokknum. Nú gerist það að Sjálfstæðisflokkurinn seilist inn í starfandi meirihluta og kaupir með gylliboðum og ósannindum einn borgarfulltrúa, sem hefur ekki einu sinni varamenn sína með sér. Hér er farið langt út fyrir eðlilegar leikreglur stjórnmálanna í örvæntingarfullu valdabrölti. Það þarf enginn að segja mér að það hafi ekki áhrif á stjórnarsamstarfið. Hvernig og hvenær það brýst upp á yfirborðið er svo annar handleggur.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

# HORFÐU Á HEIMSINS BESTA HANDBOLTA

# Í SHARP® SJÓNVARPI

Handball euro 2008
17-27 January

## *Handboltaverð*
## *– meðan á keppninni stendur!*




**32" LCD SHARP sjónvarp**
SHARP LC32WD1E
***Handboltaverð kr. 119.900,-***

**42" LCD SHARP sjónvarp**
SHARP LC42WD1E
***Handboltaverð kr. 184.900,-***

• HD Ready: 1366x768 punkta upplausn • Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa • Svartími: 6ms • Sjónsvið: 176°/176° • DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort • Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur • TruD myndvinnsla: eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar • Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

SHARP®
- Frumkvöðull LCD-sjónvarpstækninnar.
- Einn stærsti sjónvarpsframleiðandi í heimi.

## *GERÐU GÓÐ KAUP – OG VELDU VANDAÐ!*

# ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 / ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 / ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 / ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 / ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 / ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 / ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 / ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 / ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 / ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# Vitnað í sannanir

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Ef einhverjir, sem hafa lesið aðvörunargreinar mínar í gegn um árin um skelfilega skaðsemi beitar búfjár á viðkvæman villigróður landsins og stækkandi eyðimerkur, hugga sig með því að ég viti ekki hvað ég er að segja og fari með ýkjur og sé ekki fræðingur í náttúruvísindum þá ætla ég að vitna í alvöru fræðinga, um hvað þeir segja um áhrif rányrkjunnar á landið.

Þeim verðum við þó að trúa. Frá því landgræðslan tók til starfa fyrir hundrað árum, hafa allir sem að málinu hafa komið varað við rányrkjunni en þurft að berjast varnarbaráttu við uppgræðsluna með bitvarginn á hælunum og stöðugar viðgerðir á skemmdum beitarlöndum enn þann dag í dag. Allt er þetta vegna skammsýni bændastéttarinnar og hugleysis ráðamanna, og þeirra fræðimanna sem vinna hjá ríkinu og verða að sætta sig við ástandið þegjandi til að halda vinnunni.


HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Og hér kemur fyrsta tilvitnunin úr riti Landgræðslunnar, Græðum Ísland, og er úr grein eftir Andrés Arnalds. Hann segir „að þar sem land hafi verið friðað fyrir beit búfjár með girðingum eða vegna breytingar á búsetu hafi gróskan margfaldast á stuttum tíma ef náttúran hafi fengið tækifæri til að sýna gróðurmátt sinn. Fimm gróðurfræðingum beri saman um að þvílík hnignun landkosta sem hér hefur átt sér stað eigi sér fáar hliðstæður í heiminum á sögulegum tíma. Hann segir að um landnám hafi allt að 65% landsins verið þakin gróðri en nú sé aðeins um fjórðungur eftir, sem hafi þó víða skipt um svip þar sem margar plöntutegundir hafi horfið úr beitilandinu oft þær viðkvæmustu og fallegustu. Nú sé aðeins um fjórðungur þakinn gróðri, mismunurinn hafi orðið gróðureyðingunni að bráð.Hann endar greinina með því að segja að þegar gróðursagan sé rakin sé ljóst að það séu ekki náttúruöflin sem skipti sköpum um framvindu hennar heldur sé það á okkar valdi að skrá sögu hennar svo sæmd sé að“.

Ég spyr ykkur lesendur sem eigið afkomendur, sem eiga eftir að lifa í þessu skemmda landi, segir samviskan ykkur ekki að það sé löngu kominn tími til að stöðva skaðann af rányrkjunni og gefa landinu grið, svo hægt verði að snúa vörn í sókn?

Áframhald á vitnisburði sérfræðinga um eyðileggingu gróðurþekjunnar vegna búskaparhátta okkar mun halda áfram á næstunni.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*

# Besta þjónustan á Íslandi

**UMRÆÐAN**
Verslun og þjónusta

Mikið var gaman að fá að vera þátttakandi í neytendaumræðu á Íslandi – úr fjarska að vísu, þar sem ég fylgdist með umræðunni frá Minnesota – eftir að nöldurgrein sem ég sendi heim um lélega þjónustu á Fróni varð að umfjöllunarefni í sjónvarpsþættinum Ísland í dag. Í kjölfarið fékk ég tölvupóst og upphringingar frá fjölda fólks sem allt hafði margvíslegar sögur að segja af miður skemmtilegum viðskiptum við íslenska kaupmenn.


ÍRIS ERLINGSDÓTTIR

En eftir þessa flóðöldu af yfirlýsingum um lélega þjónustu við íslenska neytendur hugsaði ég með mér að það væri góð hugmynd að skrifa greinarkorn um jákvæðar hliðar málsins. Hvar hef ég fengið virkilega góða þjónustu heima á Íslandi? Ég settist niður með penna og blað og hugsaði um allar ferðirnar heim síðastliðin ár. Það var ekki erfitt að hugsa um vörur eins og íslenskan fisk og lambakjöt eða rjóma og smjör, en fyrirtæki... ? Hverjir taka alltaf á móti manni með bros á vör og „hvað get ég gert fyrir þig“?

Glitnir var fyrsta fyrirtækið sem kom upp í huga mér. Ég man ekki hvað ég var gömul þegar ég opnaði fyrst reikning uppi í Gullinbrú og bankinn hét ekki Glitnir þá, en ég er sannfærð um að maður þarf að leita lengi yfir fjöll og firnindi til að finna fyrirtæki sem hugsar jafnvel um viðskiptavini sína og Glitnir. Og ég verð að bæta við að ég er nú bara meðlimur af sauðsvörtum almúganum sem alltaf er að berjast í bökkum en ekki flottur fjárfestir... Ég man ekki nákvæmlega hvernig auglýsingaslagorðið frá Glitni var hérna um árið, en skilaboðin voru „þinn fjárhagur er okkar mál“ – eitthvað svoleiðis. Það er ekkert grín með það. Þeir virkilega meina það. Glitnir er besti banki í heimi.

Fiskbúðin í Vogunum, sennilega ein af síðustu „á horninu“-fiskbúðum landsins, alltaf með frábæran, rassskellandi ferskan fisk – og afgreiðslufólkið brosandi og sjarmerandi. Og Kjöthöllin á Háaleitisbraut 58-60, pínulítil búð með besta nautakjöt í bænum og kjötkaupmann sem vill allt fyrir mann gera. Af e.t.v. minna „sexí“ stofnunum – Lánasjóður íslenskra námsmanna. Starfsfólkið þar er ekkert nema kurteisin og þolinmæðin, sama hvað maður biður um, hvort sem það er að leita uppi 135 ára gömul lán eða senda eyðublað. Og þetta er fólk á launataxta ríkisstarfsmanna, sem örugglega er ekkert skemmtilegt þegar maður býr á dýrasta landi í heimi. Og fólk sem sennilega þarf daglega að hlusta á meiri kvartanir, kvabb og dónaskap en flest okkar alla ævina. Alltaf ekkert nema elskulegheitin.

Líka Hagstofa Íslands – þegar ég hef þurft að hafa samband við þá stofnun – starfsfólkið þar hefur alltaf samband strax eða sendir manni tölvupóst næsta dag.

Ég verð nú að bæta við uppáhaldsbakaríinu mínu – Jóa Fel. Gómsæt vara. En lélegt að loka bakaríinu niðri í Kleppsholtinu. Það var alltaf viðkomustaður númer tvö eftir Keflavík – mamma eða Ásdís systir sóttu mig út á völl og svo fórum við beint niður í Jóa Fel til að fá vínarbrauð, hvítlauksbrauð og túnfisksalat (en ekki rækjusalat, sorrí Jói, rækjusalatið hennar mömmu er það besta í heimi. Ef til vill gefur hún þér uppskriftina ef þú biður hana fallega...) Það var svo þægilegt að geta lagt beint fyrir framan bakaríið. Maður bara stökk út og verslaði og aftur beint út í bíl. Nú er búið að loka þessu bakaríi og Jói er kominn niður í boxsamstæðuna niðri í Görðum og nú þarf maður að leita að bílastæði. Sem sagt: vesen.

En mikið væri gaman ef Jói Fel væri með bakarí við hliðina á Kjöthöllinni á Háaleitisbrautinni, sem er við hliðina á Glitni og ef fiskbúðin í Vogunum opnaði svo við hliðina á Glitni... Besta þjónusta og vara landsins væri öll á einum stað! Það væri, eins og börnin segja – geðveikt kúl!

*Höfundur er fjölmiðlafræðingur, fyrrverandi ritstjóri Gestgjafans og fréttamaður á Stöð 2.*




# Númer eitt eða 125

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál

Fögnuður Íslendinga yfir því að vera komnir í fyrsta sæti á lífsgæðakvarða Sameinuðu þjóðanna er skiljanlegur. Ég bý nú í landi sem er í 125. sæti og munurinn þar á milli er mikill. Til að byrja með nægir að nefna meðal-ævilíkur: Namibíumenn verða að meðaltali fertugir, Íslendingar slaga hátt upp í að lifa næstum tvöfalt lengur. Og sú langa ævi er að meðaltali miklu meira en tvöfalt betri. Af því að hlutabréfamarkaðurinn er að falla, krónan að gefa eftir og þorskurinn líka er ágætt fyrir okkur Íslendinga að gæta að því hvaða verkefni blasa við í landi númer 125 og bera saman við okkar hag. Skoðum nokkur „Þúsaldarmarkmið“ Sameinuðu þjóðanna og stöðu landsins sem um ræðir.


STEFÁN JÓN HAFSTEIN

**Baráttan gegn fátækt**

Heimili eru skilgreind fátæk ef þau verja meira en 60% af tekjum sínum í mat, og mjög fátæk ef hlutfallið er 80% eða meira. Í Namibíu er þriðjungur heimila undir þessum fátæktarmörkum. Atvinnuleysi er 37%, en í sveitum er það 45% og meðal ungs fólks í kringum 60%. „Flóttinn af landsbyggðinni“ er því staðreynd hér sem annars staðar, en það sem við tekur eru kofahreysi á jöðrum bæja og borga þar sem ekkert er að hafa, ekki skólar, heilsugæsla, grunnþjónusta eða atvinna. Fjórðungur barna undir fimm ára aldri er vannærður.

**Almenn grunnmenntun**

Menntamál eru stærsti útgjaldaliður ríkisins og hlutfallslega stærri en á Íslandi. En hlutfall af hverju? Tekjurnar eru svo litlar að menntakerfið stendur fráleitt undir kröfum. Reyndar fara 90% barna í grunnskóla en mörg eru dottin út eftir fimmta bekk og einungis rúm 50% ljúka tíunda bekk til að komast í framhaldsnám.

**Barnadauði**

Listinn yfir orsakir barnadauða, ungbarna og barna yngri en 5 ára, sýnir að koma megi í veg fyrir stóran hluta dauðsfalla. Niðurgangur vegna óhreins vatns, malaría, vannæring, berklar, lungnabólga og vanþroski í fæðingu eru allt ástæður barnadauða sem hægt er að leysa með betri heilsugæslu og minni fátækt.

**HIV-smit og malaría**

Eitt af þúsaldarmarkmiðunum er að koma böndum á HIV-smit. Hlutfall þess er ótrúlegt í löndum eins og Namibíu (20%), Botsvana (24%) og Malaví (14%). Ekki hefur tekist að snúa þróun við. Þetta þýðir að lífslíkur minnka og grafið er undan samfélaginu í heild. Aldraðir einstaklingar, afar og ömmur, verða að taka að sér sífellt fleiri munaðarleysingja. HIV-smit er aðalástæða dauðsfalla í Namibíu, árlega deyja 23.000 manns úr sjúkdóminum og hefur sú tala hækkað um tíu þúsund á fimm árum. Þetta er hátt hlutfall hjá tveggja milljóna manna þjóð: 100 þúsund manns á hverjum fjórum árum. Sjúkdómurinn leggur gríðarlegar byrðar á heilbrigðiskerfið auk þess sem samfélög og fjölskyldur kikna undan framfærslukostnaði þeirra sem eftir lifa.

**Sjálfbær þróun og umhverfi**

Borgir og bæir bera ekki með góðu móti fólksfjölda sem kemur úr fátækum sveitahéruðum. En þau héruð eiga við landeyðingu, þurrka og ofbeit að stríða. Manngert umhverfi þolir ekki þungann af tilflutningum innan landsins, en í dreifbýli hjara sjálfsþurftarbændur á mörkum lágmarksafkomu og skorts. Varasjóðir í formi beitarlands, vatns og búfénaðar rýrna.

**Þróunaraðstoð**

Ríki númer 125, sem hér er lýst að ofan, er talið svo vel megandi að þróunaraðstoð hefur dregist saman. Úr 132 dollurum á mann við sjálfstæði 1992, niður í 60 dollara á mann núna. Namibía reiknast nú meðaltekjuland hjá S.Þ., sem þýðir að sjálfkrafa minnkar stuðningur utan frá. Í landi þar sem ójöfnuður mælist meiri en annars staðar þýða meðaltekjur ekki neitt. GINI-stuðull sem almennt er notaður til að mæla skiptingu lífsgæða er hvergi óhagstæðari fyrir fátæka en hér.

Það eru því næg verkefni í þessu landi þótt hagur sé talinn hægt batnandi. Við sjáum lífsgæðamuninn milli númer eitt og númer 125 á þessum fáu málaflokkum sem raktir hafa verið og varða Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Nú má endalaust velta vöngum í kringum tölur og mælivarða af þessu tagi. Ein nálgun sem mér flaug í hug við lestur þessarar lýsingar á landi númer 125 er að spyrja hvenær við Íslendingar vorum á þessu stigi? Að slepptri HIV-plágunni, eru 100 ár síðan við vorum svipað á vegi stödd? Hagsögumenn kunna örugglega að lesa í þessar tölur af meiri nákvæmni en ég. En fyrir leikmann gæti ástandið í dag í landi 125 virst svipað og var á Íslandi um það leyti sem við fengum heimastjórn. Um eða eftir aldamótin 1900. Barnadauði, kröm, menntunarskortur, fjármagnsskortur, fátækt á mörgum heimilum og sjúkdómar sem drógu forfeður okkar til dauða langt á undan því sem nú þekkist. Þeir sem halda að „þróun“ sé bara spurning um hagfræðilegt töfrabragð ættu að gæta að þeim hundrað árum sem íslenska efnahags- og velferðarundrið þurfti.

*Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.*

# HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

**Verðdæmi:**

**Leðursófasett** áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

**Hornsófar** tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

**Hornsófar** leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

**Opnunartími**
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16


DRAUMKENNDUR

# DIOR

*Litagleðin var mikil á tískusýningu í París í byrjun vikunnar þar sem vor- og sumarlínan 2008 frá Dior var sýnd.*

*Fleiri myndir má sjá á síðu 3.*






*AppelSlim® Xtra*

*AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.*

***Náttúruleg innihaldsefni:***
*Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.*




BIONAL



**Ávextir** eru svo sannarlega hollir og góðir og verður sú vísa ekki of oft kveðin hversu mikilvægt er að neyta þeirra. Þeir geta hentað mjög vel sem eftirréttir og geta þannig svalað sætindaþörfinni.


Stinnari á 4 vikum...

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*



SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva

dömu / herra

kr. 19.980,-

eða 6.660 á mán. í 3 mán.



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is





**Sálfræðiþjónusta mín er flutt í Bolholt 4**

**Veiti sálfræðilega meðferð og ráðgjöf fyrir:**
- einstaklinga m.a. við kvíða, fælni, óöryggi, sorg, áföllum, kulnun, streitu.
- fjölskyldur m.a. við samskiptaerfiðleikum, gildin í fjölskyldunni, framtíðarsýn.
- fyrirtæki m.a. fyrirtækja- og starfsviðmót, stjórnun breytinga. Handleiðsla fyrir stjórnendur og fagfólk.

**Held námskeið og veiti handleiðslu í Life-Navigation um hvernig**
- takast má við það óvænta í lífinu
- vaxa sem einstaklingur og njóta lífsins

**Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur** í fyrirtækja-, vinnu- og klíniskri sálfræði cand psych. Tímapantanir í síma **663 8927** eða í netpósti **agustina@life-navigation.com**


# Farsímar spilla nætursvefni

***Farsímaspjall fyrir svefninn rænir þig sómasamlegri hvíld.***

Fram kemur í nýrri rannsókn sem farsímaframleiðendur stóðu sjálfir fyrir, að geislun frá gsm-símum geti valdið svefnleysi, höfuðverkjum og rugli. Geislun frá farsímum hefur einnig áhrif á gæði og magn djúpsvefns, og truflar hæfni líkamans til að endurglæðast og hressa sig við.

Rannsóknin fór meðal annars fram á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, en alls voru 35 karlar og 36 konur á aldrinum 18 til 45 ára rannsökuð. Hluti hópsins var geislaður með sama magni og verður við notkun farsíma, meðan öðrum var komið í sömu aðstæður en gefin „fölsk“ geislun. Þeir sem urðu fyrir farsímageislun áttu mun erfiðara með að ná djúpsvefni og sváfu auk þess styttra í dýpstum svefni, en talið er að geislun raski framleiðslu melatónín-hormóns, sem stjórnar svefn- og vökutakti líkamans.



Þessi tvö sofa örugglega ekki með farsímann á milli sín.

Segja rannsakendur að notkun farsíma sé varhugaverð og ávallt skuli nota hefðbundna landlínu þegar hringja þurfi að kvöldi. Einnig að forðast ævinlega að sofa við hlið farsíma á náttborði.

Í september á síðasta ári voru birtar niðurstöður rannsókna sem tóku til sex ára. Í niðurstöðum þeirra var ekki útilokað að notkun á farsíma yki hættu á krabbameini í heila.


# ÞORRI




**Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!**

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA



## Fullkomin blanda!

Udo's choice 3·6·9 olíublandan er fullkomin blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsu okkar. Udo's 3·6·9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra.




**Í fitusýrum er að finna tvo undirstöðuþætti sem eru okkur lífsnauðsynlegir á sama hátt og prótín, kolvetni, vítamín og steinefni. Omega fitusýrur byggja upp ónæmiskerfið á marga vegu og hafa jákvæð áhrif á:**

- *Hjarta og æðakerfi*
- *Kólesteról í blóði*
- *Blóðþrýsting*
- *Liði*
- *Orkuflæði líkamans*
- *Minni og andlega líðan*
- *Námsárangur*
- *Þroska heila og miðtaugakerfi fósturs á meðgöngu*
- *Rakastig húðar*

*Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum*

heilsa
–hafðu það gott


# Hætta á fósturláti

***Kaffidrykkja er slæm fyrir barnshafandi konur þar sem koffín hægir á blóðstreymi til fóstursins.***

Þeim konum sem innbyrða mikið koffín er tvöfalt hættara við fósturláti en þeim sem drekka ekki kaffi eða aðra koffíndrykki. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var í San Francisco í Bandaríkjunum á 1.063 barnshafandi konum.



Í Berlingske tidende segir frá þessari rannsókn og samkvæmt niðurstöðum hennar ættu ófrískar konur að halda sig frá öllum drykkjum sem innihalda koffín, svo sem kaffi og kóladrykkum.

Í rannsókninni var skilgreiningin á miklu koffíni um 200 mg eða um tveir til þrír kaffibollar yfir daginn. Efnaskipti fóstursins eru ófullkomin og það á erfitt með að brjóta niður koffínið sem berst til þess gegnum fylgjuna. Auk þess getur koffínið hægt á blóðstreyminu til fóstursins. *- rt*

## Evrópskt átak gegn leghálskrabba

BARIST GEGN LEGHÁLSKRABBAMEINI Í EVRÓPU

Í þessari viku stendur Krabbameinsfélag Íslands fyrir átaki í forvörnum gegn leghálskrabbameini í samvinnu við European Cervical Cancer Association. Á hverju ári greinast um 50 þúsund konur og 25 þúsund deyja í Evrópu af völdum leghálskrabbameins.

Tilgangur átaksins er að koma á framfæri áskorun um að stöðva leghálskrabbamein, það er að skora á Evrópuþingið, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ríkisstjórnir allra Evrópulanda að koma á fót öflugu forvarnarstarfi sem mun veita konum í Evrópu bestu mögulegu vörn gegn leghálskrabbameini.

*www.krabb.is*

**Dúkkukjólasnið** eða svo kallað „baby doll“-snið hefur notið vinsælda að undanförnu og halda þær vinsældir áfram. Sniðið er klæðilegt, þægilegt og krúttlegt allt í senn og því um að gera að verða sér úti um einn sætan dúkkukjól.



# Blanda af list og rokki

***Hátískusýning Dior-tískuhússins vakti óskipta athygli enda John Galliano í skipstjórasætinu.***

John Galliano heillaði áhorfendur og tískuspekúlanta upp úr skónum að venju með sannkölluðum listaverkum sem hann sendi fram á sviðið á hátískusýningu í París á dögunum. Þykk og mörg lög af litríku satíni voru aðalsmerki sýningarinnar sem var nokkurs konar blanda af symbólískum málverkum og rokki í anda Led Zeppelin.





Galliano notaði mörg lög af litríku satíni í kjólana. NORDICPHOTOS/AFP


Úi
Upledger á Íslandi

**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**





SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir**

**Nýtt á Íslandi! NO STRESS** pompea





Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**





*Nú eru að koma nýjar vörur*
**www.vefta.is**
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Útsala Útsala
Sparifatnaður
50%
afsláttur
Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Útsala
enn meiri verðlækkun
50 % Afsláttur
af öllum útsöluvörum
maïa
kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt
laugavegur 86-94, sími 552 6066





















Hrafnhildur er í óða önn að undirbúa sýningu í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

# Textíll til vegs og virðingar

***Þræðirnir liggja víða í lífi Hrafnhildar Sigurðardóttur listakonu. Hún er á leið til Frakklands í næsta mánuði með nokkur verk á sýningu og svo er hún nýráðinn framkvæmdastjóri nýs textíllistasafns norður á Blönduósi.***

Vinnustofan hennar Hrafnhildar er forvitnileg vistarvera enda eru viðfangsefni hennar mörg hver stór í sniðum og úr hinum ýmsu efnum. Öll tengjast þau þráðum á einhvern hátt. Þessa dagana er hún að vinna úr veiðarfæragirni. Hún notar líka hör og spotta utan-af dagblaðapökkum í verk sín, svo nokkuð sé nefnt. „Ég er með tengingar í fólk sem ber út dagblöð og safna hvítu ræmunum sem halda bunkunum saman. Er enn svolítið í endurvinnslunni,“ segir hún glaðlega.

Hrafnhildur er á förum til Frakklands um miðjan febrúar ásamt fjórum öðrum íslenskum myndlistarkonum. Verk þeirra verða til sýnis í eitt ár í einu stærsta textíllistasafni Frakklands. Svo er hún líka nýbúin að taka að sér að verða framkvæmdastjóri Textíllistasafns Íslands sem verður til húsa í gamla kvennaskólahúsinu á Blönduósi. „Safnið var stofnað 2005 og smám saman hafa hugmyndirnar verið að mótast,“ segir hún og heldur áfram. „Við erum með stór áform því við höfum hug á að hefja textílinn til vegs og virðingar aftur.“ *gun@frettabladid.is*



Verk úr veiðarfæraefni. Hrafnhildur sýnir nokkur verka sinna í Frakklandi bráðum.



Spottarnir utan af dagblöðunum orðnir að viðamiklu listaverki.





## Betri svefn

SVEFNHERBERGIÐ VERÐUR STUNDUM ÚTUNDAN Í TILTEKT HEIMILISINS EN EKKI ÞARF AÐ TAKA LANGAN TÍMA AÐ HALDA ÖLLU Í HORFINU OG ILMANDI HREINU.

**Daglega:**
Búðu um rúmið *(2 mínútur)*
Brjóttu saman og hengdu upp fatnað, og gakktu frá skartgripum *(4 mínútur)*
Taktu til á náttborðinu *(30 sekúndur)*

**Vikulega:**
Settu hreint á rúmið *(5 mínútur)*
Þurrkaðu af raftækjum, bókum, myndarömmum, gluggakistum og dyrakörmum og fjarlægðu alla köngulóarvefi *(10 mínútur)*
Þvoðu eða ryksugaðu gólfið *(5 mínútur)*
Hentu gömlum tímaritum *(1 mínúta)*
Strjúktu með rökum klút yfir hurðarhúna, dyrastafi og slökkvara *(1 mínúta)*
Strjúktu með rökum klút yfir símann *(30 sekúndur)*
Tæmdu ruslakörfuna *(20 sekúndur)*
Ryksugaðu ofna og innan úr skápum *(3 mínútur)*

**Ársfjórðungslega:**
Þvoðu gluggarúðurnar *(15 mínútur)*
Snúðu dýnunni í rúminu við *(5 mínútur)*
Þvoðu hlífðardýnuna og pífulakið.


Framandi skeljar og fallegir kuðungar í brúnum og gylltum náttúrutónum.


Girnilegir á matborðið með eldrauðum kirsuberjum og kvistum úr kirsuberjaviði.

# Dulúðleg draumaljós

***Íslendingar geta nú notið eins fegursta leyndarmáls Þýskalands sem er handgerð draumaljós úr munnblásnu gleri.***

Draumaljósin komu fyrst á íslenska grund á liðnum haustdögum, en þau urðu til meðal þýskra hönnuða hjá Traumlicht Germany árið 1999. Kertastjakarnir eru verulegt augnayndi, fegurð þeirra ber með sér stóíska ró og frið um leið og kertalýsing um handverkið er töfrum líkust þegar rökkvar og logar glitra í innviðum stjakans.

Í munnblásnu glerinu má ýmist sjá fögur blóm, girnilega ávexti, köngla, skeljar, kuðunga, krossfiska, perlur eða hvers konar lauf, strá og greinar, en hver kertastjaki er einstakur í sinni röð.

Dreamlight-kertastjakana má finna í blóma- og gjafavöruverslunum víðs vegar um landið, en það er HIS heildsala sem flytur þá inn.
*- þlg*


Yndislega rómantískt með bleikum og hvítum rósaknúppum.


Appelsínugul sumarblóm færa gleði og fögur fyrirheit í híbýlin.


Rýmingarsala - Verslunin flytur !
*Sófaáklæði - Stólaáklæði - Rúmteppi ásamt ýmsum fallegum vörum.*

*Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - s. 553 0444 - www.sofalist.is*

BFGoodrich® Tires
JEPPADEKK

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30

VERÐDÆMI ALL TERRAIN

| | |
|---|---|
| **15" Felgur** | |
| 31x10,50R15 | 17.990.- |
| 32x11,50R15 | 18.990.- |
| 33x12,50R15 | 18.990.- |
| 35x12,50R15 | 20.990.- |
| **16" Felgur** | |
| 265/75R16 31,6" | 18.990.- |
| 285/75R16 32,8" | 20.990.- |
| **17" Felgur** | |
| 265/70R17 31,6" | 17.990.- |
| 285/70R17 32,7" | 26.990.- |
| 37x12,50R17 | 36.990.- |
| **18" Felgur** | |
| 285/65R18 32,6" | 30.990.- |
| 305/65R18 33,6" | 35.990.- |
| 37x12,50R18 | 44.990.- |
| **20" Felgur** | |
| 285/55R20 32,3" | 42.990.- |
| 285/65R20 34,6" | 40.990.- |
| 325/60R20 35,4" | 52.990.- |

jk SMIÐIR
Munið heimasíðuna:
jksmidir.is
s: 6933483 & 6955219
Bygging húsa, Þakvinna, Gluggaísetningar, Uppsetning innréttinga, Parketlögn, Sumarhúsasmíði, Uppsetning milliveggja, Byggingastjórn, Þjónustum einnig húsfélög og fasteignafélög.



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2008.**

Lesendur Fréttablaðsins eru hvattir til að senda in tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Tilnefningar má senda á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

# vetrarlíf

FIMMTUDAGUR 24. JANÚAR 2008



## Lesið í snjóinn

**Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á snjóflóðanámskeið í lok janúar.**

BLS. 10




NORDICPHOTOS/GETTY



# Fyrirheitna skíðalandið

**Íslenskir skíðamenn hafa um margt að velja þegar kaupa á skíðaferð til útlanda. Hér gefur að líta lista yfir staði sem íslenskar ferðaskrifstofur bjóða skíðaferðir til í vetur.**

**EXPRESSFERÐIR:**
Lech og Ischgl í Austurríki
Davos og Flims Laax í Sviss

**HEIMSFERÐIR:**
Flachau, Lungau og Zell am See í Austurríki

**FERÐAÞJÓNUSTA BÆNDA:**
Seefeld í Týról
Katschberg í Austurríki

**ÚRVAL ÚTSÝN:**
Madonna di Campiglio og Selva Val Gardena á Ítalíu
Flachau, Wagrain, Alpendorf, Kitzbühel og Kirchberg í Austurríki

**GB FERÐIR:**
Aspen, Beaver Creek, Vail, Breckenridge og Keystone í Colorado í Bandaríkjunum

**ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN:**
Ammassalikeyjа á Austur-Grænlandi
Haute Route frá Chamoix í Frakklandi til Zermatt í Sviss
Liverpoolland á Norðaustur-Grænlandi


Skíðað í lausamjöll í Ischgl í austurrísku Ölpunum.


Auðvelt er að slaka á og njóta sólar, mannlífs og veitinga í ævintýralandinu Madonna di Campiglio.

# Skíðað með kyndla undir ítölskum stjörnum

**Fyrr í janúar kom til landsins alsæll og stæltur hópur íslensks skíðafólks eftir „Power"-skíðaferð í ítölsku Alpana. Önnur slík ferð verður farin 8. mars.**

„„Power"-skíðaferðin er til Madonna di Campiglio í samstarfi við World Class með Evert Víglundsson íþróttaþjálfara í fararbroddi. Hann er þaulreyndur skíðamaður sem leiða mun hópinn í spennandi ævintýri í heillandi andrúmslofti og frábæru færi," segir Laufey Jóhannsdóttir, sölustjóri hjá Úrvali Útsýn, en Power-skíðaferðirnar eru nýlunda á íslenskum skíðaferðamarkaði.


Lagt í hann niður ögrandi brekkur í ítölsku Ölpunum.

„Þetta er ferð fyrir þá sem vilja spreyta sig og reyna á líkamann. Farið er í erfiðari brekkur og skíðað af krafti allan liðlangan daginn, ekki síst í svörtu brekkunum sem eru þær strembnustu. Æfingar verða nokkuð stífar og fjórhjól notuð í bland við skíði," segir Laufey og lofar að Evert haldi mannskapnum í formi þessa viku.

„Kvöldin fara svo í afslöppun og notalegheit, eins og tíðkast í skíðaferðum erlendis. Hópurinn fer saman út að borða eða út á lífið eftir skíðamennsku dagsins, en Evert býður þeim upp á skíðakennslu sem vilja eða þurfa, ásamt því að veita aðstoð við að leigja skíði, kaupa skíðapassa og fleira," segir Laufey og gefur góð fyrirheit.

„Þarna koma dagar þar sem fólk rennir sér niður brekkurnar með kyndla að kvöldlagi og aðrir þar sem fólk getur valið milli fjórhjólaferðar, fallhlífasvifs og ísklifurs. Þetta er skíðaferð fyrir vana skíðamenn sem vilja aksjón allan tímann." *-þlg*

# Endurnærandi og engu líkt

**Express Ferðir hafa opnað Íslendingum leiðina að bestu skíðasvæðum austurrísku og svissnesku Alpanna.**

„Með beinu flugi til Friedrichshafen, sem er einstaklega vel staðsett, hefur íslenskum skíðaiðkendum opnast leið sem verið hefur lokuð í áraraðir nema með tengiflugi og löngum akstursleiðum. Það er leiðin að bestu skíðastöðum austurrísku og svissnesku Alpanna," segir Lilja Hilmarsdóttir, forstöðumaður Express Ferða sem bjóða skíðaferðir til Lech og Ischgl í Austurríki, og Davos og Flims Laax í Sviss, en lengst tekur tvo tíma að komast leiðar sinnar frá flugvellinum og á skíðin.

„Það er meira og minna uppselt í allar okkar skíðaferðir, en enn laust í ferð til Davos 23. febrúar. Við erum ekki stór í sniðum, en samt að ryðja okkur braut á þessum vettvangi, enda skíðaferðir ákaflega vinsælar meðal Íslendinga," segir Lilja.

„Núna er gífurlega gott skíðafæri á öllum þessum stöðum, sem eiga það sammerkt að vera skíðasvæði í fremsta flokki. Lech er raunar talið eitt besta skíðasvæði heims og þar er alveg sama á hvaða skeiði fólk er statt í sinni skíðaiðkun; allir finna eitthvað við sitt hæfi. Í Davos er ávallt tryggt að komast í snjó því þorpið liggur hæst í 1.500 metra hæð yfir sjávarmáli," segir Lilja, sem skrifar vaxandi vinsældir skíðaferða meðal annars á vetrarfrí íslenskra grunnskólabarna.


Fallegur ævintýradagur í skíðaparadísinni Ischgl í Austurríki.

„Fjöldi íslenskra skíðaferðalanga eykst frá ári til árs og skíðaferð er orðin fastur liður í tilverunni hjá mörgum. Vetrarfrí í skólum er skemmtileg viðbót því þá gefst fjölskyldunni kostur á að njóta lífsins saman í skíðabrekkum erlendis. Í öllum þessum skíðaþorpum er líflegt og dásamlegt að vera, en segja má að Ischgl sé vinsælastur hjá ungu fólki þar sem staðurinn er þekktur fyrir fræga skemmtikrafta sem troða upp á kvöldin," segir Lilja, sem sjálfri þykir ekkert frí betra en skíðaferð.

„Það er mikið ævintýri og engu líkt að fara á skíði í útlöndum. Skíðaferð sameinar hreyfingu, útiveru og afslöppun. Maður kemur endurnærður heim því líkamleg áreynsla er svo góð og fer alltaf snemma að sofa eftir sællega útivist á daginn." *-þlg*

# VETRARDEKK

## NEGLANLEG




| | Stærð | Mál | útsöluverð |
|---|---|---|---|
| NordMaster ST | 13” | 175/70R13 | 5.990 |
| NordMaster ST-310 | 14” | 175/R6514 | 6.600 |
| NordMaster ST | 14” | 185/65R14 | 6.900 |
| NordMaster ST | 15” | 195/65R15 | 7.990 |
| NordMaster ST | 15” | 205/65R15 | 8.600 |
| NordMaster ST | 15” | 205/70R15 | 8.900 |
| NordMaster ST-310 | 16” | 205/55R16 | 9.990 |

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

# Hlaupið í frosti og funa

**Frost og snjór er engin ástæða til að hætta við útihlaup. Það þarf einfaldlega að klæða sig betur.**

Hlaupafatnaður í dag er ekki lengur þykkur og fyrirferðarmikill heldur þunnur og léttur úr gerviefnum sem hleypa í gegnum sig svita og þorna fljótt.

„Maður klæðir sig í rauninni eins og á sumrin, fer kannski í þykkari buxur en þetta er orðinn svo góður fatnaður að maður getur hlaupið í hvaða veðri sem er," segir Pétur I. Frantzson, leiðbeinandi Laugaskokks hjá World Class. Hann segir nauðsynlegt að vera í síðbuxum á veturna. Fólk velji sér þá þykkari gerðina af hlaupabuxum þegar kalt sé en óþarfi sé að fara í utanyfirbuxur þar sem efnin séu orðin svo góð. „Svo er maður með lambhúshettu eða góða húfu og vettlinga og hlýja sokka og svo eru margir sem hlaupa á keðjum í hálkunni," bætir hann við en bæði er hægt að fá gadda undir skóna eða eins konar keðjur sem smeygt er á sólann. Hlífðarjakkinn þarf að vera vatnsheldur en hleypa í gegnum sig raka frá líkamanum og gott er að vera í síðermabol innanundir sem má þó ekki vera úr bómull því hún kólnar þegar hún blotnar. Í skammdeginu er líka nauðsynlegt að vera með endurskinsmerki á hlaupagallanum og svo er bara að drífa sig af stað.

Útsölurnar eru víða í hámarki núna og nýjar vörur streyma inn í íþróttaverslanir. Auðvelt er því að galla sig upp fyrir útihlaupin og starfsfólk verslana getur leiðbeint með heppilegan hlaupafatnað í kuldanum. Meðfylgjandi eru myndir af fötum úr versluninni Útilífi í Glæsibæ. *-rt*



Kuldi er engin afsökun fyrir því að hætta að skokka úti. Það þarf einfaldlega að búa sig eftir veðri. NORDICPHOTOS/GETTY



Síðar hlaupabuxur úr DryFit-gerviefnablöndu sem hleypa í gegnum sig svita og þorna fljótt. 6.990 kónur. Útilíf Glæsibæ.



Hlaupahanskar á 1.490 krónur.



Hlaupasokkar 1.990.



Hlaupaskór á 16.990 kónur.



North Face-lambhúshetta á 3.990 krónur.



Hlaupabelti undir vatnsbrúsa á 3.990 krónur.



Storm Fit-hlaupajakki sem hrindir frá sér vatni, hleypir í gegnum sig svita og er með endurskini, á 12.490 krónur.



Hlaupabolur úr DryFit-gerviefni kostar 6.990 krónur.



Síðerma bolur frá Nike, einnig úr Dry Fit-gerviefnablöndu, á 4.990 krónur.

# Ísköld rómantík

**Veturinn er rómantískur út í ystu æsar. Náttúran skreytt sínu fegursta skarti þar sem stirnir og glitrar á allt sem fyrir augu ber. Mannlífið svo yfirvegað og hlýlegt. Borgarysinn lágur og bjóðandi með öllum sínum notalegu innlitum og uppákomum. Heima er svo allra best. Þar er senan alltaf klár fyrir stolnar stundir og minningabakstur meðan fagurformuðum hvítkristöllum kyngir úti.**



Ekki gleyma smáfuglunum. Það er rómantískt að taka til korn og heilnæma matarafganga handa smávinum fögrum sem leita án árangurs að ætilegum bita með litlum goggum í frostinu.




Skammdegið er að stórum hluta innitími. Skrabbl í góðum félagsskap er ein af betri gjöfum tilverunnar. Búið til ykkar eigin reglur: Bara ástarorð leyfð og hafið við hendina heitt súkkulaði með koníakslettu og aðrar lífsins dásemdir.



Skoðaðu náttúru Íslands í vetrarfötunum. Dýr skynja sömu rómantísku áhrifin og mennirnir og kossar mannanna smita þau öll af hamingju og ást. Eins og kærleikur ferfætlinga lætur engan ósnortinn.



Göngutúr í snjónum er upplífgandi. Skilur eftir sig fótspor merkra daga. Takið með ástarrautt teppi til að fá stundarfrið fyrir snjókornum milli kossa.



Bakstur er rómantískur og heimilislegur. Þegar ekki er hundi út sigandi er gaman að fara ekkert á fætur en rísa helst upp úr rúmi til að baka. Sköpunin, biðtíminn í ofninum og afraksturinn býður allur upp á eftirsóknarverða vetrarerótík.



Sumarhúsaferðir á vetrum eru ómótstæðilegar. Það er upplifun að finna sveitamyrkrið grúfa yfir húsinu meðan máninn tifar í takt við snarkið í arninum. Heitur pottur beinlínis kallar á gleði og ástarfjör.


ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®
Skoðið úrvalið
í skíðadeildinni
okkar í Glæsibæ
15% afsláttur
af skíðapökkum
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 40783 01/08
SMÁRALIND SÍMI 545 1550
GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500
KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

# Vill fjölga konum á vélsleðum

**Í Team Lexi sleðaskólanum gefst færi á að læra undirstöðuatriðin í vélsleðamennsku áður en þeyst er af stað upp um fjöll og firnindi.**



Þátttakendur á vélsleðanámskeiðum skólans urðu um fimmtíu talsins á síðasta ári, sem varð til þess að námskeiðum var fjölgað.



Á námskeiðum Team Lexi sleðaskólans eru kennd undirstöðuatriði í vélsleðamennsku og svo keppnismennsku fyrir þá sem eru lengra komnir.



Þátttakendum er kennt að stjórna sleðanum, stýra honum í lofti, stökkva rétt, beygja, fara upp og niður hengjur í ferðum og svo framvegis.



Ólíkt því sem ætla mætti við fyrstu sýn er gaupan á myndinni ekki að ráðast til atlögu, heldur er þetta húfa sem Alexander ber jafnan með stolti. Þess má jafnframt geta að hann er fjórfaldur Íslandsmeistari í snjókrossi.

„Við kennum undirstöðuatriði í vélsleðamennsku. Hvernig best er að stjórna sleðanum, stýra honum í lofti, stökkva rétt, beygja, fara upp og niður hengjur í ferðum og svo framvegis," segir Alexander Kárason um starfsemi Team Lexi Sleðaskólans, sem hefur nú verið starfræktur í fimm ár með aðalbækistöðvar á Ólafsfirði.

Alexander, gjarnan kallaður Lexi, fór upphaflega af stað með námskeið til að fjölga nýliðum í sportinu, sem honum þótti bera of mikinn keim af einkaklúbbi. Fyrst um sinn var aðeins eitt námskeið í boði, sniðið að drengjum frá fjórtán ára aldri, og vegna þess hversu vel gekk var grunnurinn lagður að skólanum.

„Þetta stækkaði síðan, sérstaklega í fyrra en þá urðu nemendurnir um fimmtíu talsins. Í framhaldi fórum við að kenna snjókrossnámskeið fyrir stráka og stelpur, þar sem kennd eru undirstöðuatriðin í keppnismennsku," segir Alexander og bætir við að nú sé kennt sérstakt kvennanámskeið fyrir konur og er aldurstakmarkið fimmtán ára aldur.

„Ég ætla að halda námskeið að beiðni kvenna sem eru að keppa og vilja fjölga konum í greininni," segir hann. „Upphaflega átti þetta að verða dagsnámskeið en svo skráðu sig svo margir að ég breytti því í helgarnámskeið sem fer fram um næstu helgi, en enn er hægt að skrá sig. Líkt og á öðrum námskeiðum er innifalin gisting, kvöldmatur, sleði og hlífðarbúnaður og í þessu tilviki einnig tveggja daga kennsla."

Skólinn heldur líka námskeið fyrir björgunarsveitarmenn og ferðahópa að sögn Alexanders. „Í síðara tilvikinu er helmingur dagsins tekinn í braut, hinn í ferð þar sem farið er yfir helstu öryggisatriði til að auka kunnáttu og öryggi á fjöllum. Þetta er svipað því þegar menn eru látnir rífa í handbremsu á möl, þeir verða að upplifa það til að skilja hvað átt er við. Svo eru þeir látnir endurtaka leikinn, til að koma þessu upp í vana."

Alexander er því önnum kafinn við rekstur skólans, auk þess sem hann hefur í nógu að snúast við gerð sjónvarpsþáttaraðar um vélsleðamennsku og vetrarsport sem frumsýna á næsta vetur. „Já, þetta verða vonandi fjórtán þættir," segir Alexander hress í bragði. „Helmingurinn snýst um keppni, hinn um allt sem því við kemur; almenna vélsleðamennsku og ferðamennsku, þar sem farið er í fjallaferðir og litríkir karakterar heimsóttir. Þættirnir munu heita Snow X og margt bendir til að þeir verði sýndir á Skjánum."

Nánari upplýsingar um starfsemi Team Lexi sleðaskólans á www.lexi.is. *- rve*



www.toyota.is




## Land Cruiser - Fegurðin liggur í frelsinu

Þú ferð á fjöll og tekur landslagið inn. Þú skoðar stílinn, formin og lita-samsetningarnar. Þú nýtur þess að vera algjörlega frjáls og óbundinn af smekk annarra og lætur jökulinn bera við himinn á öllum árstímum.

**Breyttur Land Cruiser er rétti ferðafélaginn; hörkuskemmtilegur og spennandi ... eins og þú.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

# Margt planað í maí í lengstu skíðabrekku landsins



Sigurbjörn vonast til að hægt verði að hefja ferðir upp í næta mánuði.

Þótt Kaldbakur við austanverðan Eyjafjörð bjóði upp á eina lengstu skíðabrekku landsins þegar aðstæður leyfa þá er þar lítið um að vera nú vegna snjóleysis.

„Það er hálfgert hörmungarástand hér í snjómálum og starfsemin liggur því niðri eins og er. Við erum alls ekki ánægð með þetta," segir Sigurbjörn Höskuldsson, eigandi Kaldbaksferða ehf. Hann er þekktur fyrir að koma fólki upp á Kaldbak með snjótroðara. Sigurbjörn er þó frekar bjartsýnn og vonast til að hægt verði að byrja með fastar ferðir upp í næsta mánuði. „Við erum með áform um heilmikla starfsemi með vorinu. Til dæmis er margt planað í maí," segir hann og bendir fólki á að fylgjast með á heimasíðunni www.kaldbaksferdir.com.



Kaldbakur við Eyjafjörð er heillandi til útivistar þegar nægur snjór er.

Snjótroðarinn fer upp í 1.174 metra hæð þegar best lætur og tekur ferðin 45 mínútur á toppinn. Þaðan er útsýni stórbrotið. Fólk getur svo valið hvort það tekur sér far með tækinu niður aftur eða brunar á skíðum, sleðum eða snjóþotum.

„Góðu fréttirnar eru þær að vegur var lagður upp á Grenjárdal í haust í um 430 metra hæð og því verður hægt að fara í troðaraferðir lengur fram á vorið þótt snjóinn taki úr Grenivíkurfjallinu," segir Sigurbjörn.



Alltaf gaman á skautum.

## Skautasvell

**SKAUTAHÖLLIN Í LAUGARDAL**
Börn: *500 krónur*
Fullorðnir: *700 krónur.*
Leiga á skautum: *300 krónur*
Leikskólabörn borga 200 krónur bæði fyrir aðgang og skautaleigu.
Afsláttur er veittur fyrir hópa yfir 20 manns á almenningstímum.

**SKAUTASVELLIÐ EGILSHÖLL**
Börn: *450 krónur*
Fullorðnir: *500 krónur.*
Skautaleiga: *300 krónur.*
Eldri borgarar, öryrkjar og leikskólabörn frá ókeypis aðgang.

**SKAUTAHÖLLIN Á AKUREYRI**
Börn frá 5 til 16 ára: *400 krónur*
Fullorðnir: *500 krónur*
Skautaleiga: *300 krónur.*

## Aukin þátttaka

Skíðastaðagangan fer fram norður á Akureyri um helgina, en þar verður keppt í 5, 10 og 20 kílómetra skíðagöngu. Að sögn Jóhannesar Kárasonar, formanns skíðagöngunefndar Skíðafélagsins á Akureyri, nýtur gangan sífellt meiri vinsælda á milli ára og þess vænst að þátttaka verði góð í ár.

„Þeim fer fjölgandi sem taka þátt, en í fyrra gengu 80 manns þótt sá fjöldi hafi auðvitað deilst niður á vegalengdir," segir Jóhannes máli sínu til stuðnings, en þess má geta að gangan er hluti af svokallaðri Íslandsgöngu, sem er samheiti yfir göngur vítt og breitt um landið og lýkur með göngu á Ísafirði.

Engin skilyrði eru sett fyrir þátttöku í göngunni þótt Jóhannes mæli reyndar með því að menn hafi undirbúið sig gerist þeir svo djarfir að ganga 20 kílómetra. Þeir sem ná því hljóta að launum stig en verðlaun og viðurkenningar verða veittar og boðið upp á kaffi í dagslok.

Gangan hefst klukkan 13 á laugardag við Gönguhúsið í Hlíðarfjalli, en nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.skidi.is.






DEKK OG FELGUR
FYRIR JEPPA

Fellsmúla 24, Rvk. s: 530 5700
Réttarhálsi 2, Rvk. s: 587 5588
Ægisíðu 102, Rvk. s: 552 3470
Langatanga 1, Mos. s: 566 8188
Reykjavíkurvegi 56, Hfj. s: 555 1538
Dalbraut 14, Akranes. s: 431 1777

2779 / TA 10.2007

N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
WWW.N1.IS



# SKÍTAKULDI ER HUGARÁSTAND

Gerð: Tinna

Litir: Marron og svart

Efni: Vatnshelt 3 laga efni með öndun

Verð: 32.990 kr.

CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11
WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG


Púsluspil fyrir alla aldurshópa, við öll tækifæri!
Mikið úrval af spilum!
Spilavinir
Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna
Langholtsvegur 126 · 104 Reykjavík · Sími 553 3450 · www.spilavinir.is

TENNIS Í VETUR
Ennþá eru lausir nokkrir vikulegir tímar!
Morgun- og hádegistímar í boði og nokkrir aðrir tímar enn lausir.
Byrjendanámskeið fyrir fullorðna eru að hefjast. 10 tíma námskeið kostar **17.900 kr.** Aðeins fjórir á hverju námskeiði. Spaðar og boltar á staðnum.
**Tennis er skemmtileg hreyfing.**
**Skráning og upplýsingar** í síma 564 4030 og á www.tennishöllin.is
TENNISHÖLLIN Dalsmári 13 Kópavogi


# Lesið og rýnt í snjóinn



**Snjóflóðanámskeiði á að gera þátttakendum kleift að ferðast af öryggi í fjalllendi að vetri til," segir Leifur Örn Svavarsson, fjallaleiðsögumaður og jarðfræðingur við snjóflóðadeild Veðurstofunnar.** MYND/JÓN GAUTI JÓNSSON

Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á snjóflóðanámskeið í lok janúar fyrir alla sem hafa yndi af ferðalögum að vetri.

„Snjóflóðanámskeiðið er fyrir alla sem stunda einhverja ferðamennsku að vetri. Hvortheldur fólk er gangandi, á gönguskíðum, fjallaskíðum eða á brettum," segir Leifur Örn Svavarsson, fjallaleiðsögumaður og jarðfræðingur við snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands. Markmið er að kynna snjóflóð, viðbrögð og varnir þannig að þátttakendur geta ferðast af öryggi í fjalllendi að vetri að námskeiði loknu. „Auk þess að kenna öryggisatriði og viðbrögð er áhersla lögð á að forðast snjóflóðasvæði. Þá skoðum við ákveðna tölfræði þar sem er hægt að læra af mistökum annarra. Sem betur fer er þó ekki mikið af snjóflóðum á Íslandi en það eru alltaf einhverjir sem sleppa naumlega á ári hverju, til dæmis töluvert af vélsleðafólki sem kemur af stað eða lendir í flóði," útskýrir Leifur.

Við snjóflóð eru mestu lífslíkurnar fyrstu fimmtán mínúturnar en þá finnast níutíu prósent fórnarlamba á lífi að sögn Leifs. „Þeir sem grafast í snjóflóði hafa í flestum tilvikum mjög stuttan tíma. Þá skiptir mestu að hafa góðan öryggisbúnað og að félagarnir standi sig," segir Leifur og bætir við að hin heilaga þrenning snjóflóðabúnaðar sé snjóflóðaýlir, stangir og skófla. „Ef allir eru með ýlinn á sér er hægt að stilla á leit og þannig staðsetja viðkomandi á stuttum tíma," segir Leifur og bætir við að í þessu tilfelli hafi GPS-tæki ekkert að segja. „Það eina sem GPS tæki geta gert er að koma í veg fyrir að fólk villist, jafnvel inn á svæði þar sem er snjóflóðahætta."

Á námskeiðinu ætlar Leifur að kenna notkun öryggisbúnaðarins og segir jafnframt að þeir þátttakendur sem ekki eigi búnað geti fengið hann lánaðan. Snjóflóðahætta er víða þar sem er nægur bratti og snjór, en að sögn Leifs er ekki alltaf jafn auðvelt að varast flóðin. „Auk þess að skoða augljós hættumerki þarf að skoða snjóinn og kanna veðurfar sem hefur áhrif á flóðahættu," segir Leifur, sem ætlar að rýna gaumgæfilega í snjóinn á námskeiðinu.

Námskeiðið fer fram að kvöldi 30. janúar og 2. febrúar að degi til. Allar nánari upplýsingar: www.fjallaleidsogumenn.is

*rh@frettabladid.is*



Finnskur North Ice Winter útivistarfatnaður með Air-Tex öndunarfilmu
**Innifalið:** Úlpa, buxur, microflís, nærföt, og flísmillilag, húfa, trefill og lúffur.
Allur pakkinn á
kr. 19.500,-
Icefin • Nóatúni 17 • s., 534 3177
www.icefin.isa


50
Í DAG, Á MORGUN
OG Á LAUGARDAG
ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR
AF SÝNINGARVÖRUM
epal
Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.
Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is




# SKELLTU ÞÉR Á SKÍÐI!

Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem hefur skíðasvæðin í aðeins 20-30 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Þar getur öll fjölskyldan notið útivistar og stundað þá vetraríþrótt sem þeim líkar best.





SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf. S: 840-1616**

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## VANTAR ÞIG SMIÐI?,..

**..múrara, pípara, rafvirkja, hugbúnaðarsérfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða aðra starfsmenn?**

Höfum fólk á skrá sem óskar eftir mikilli vinnu.

Getur hafið störf nú þegar.

proventus
Traust starfsmannaþjónusta

**Sími 661-7000**

www.proventus.is sverrir@proventus.is

LJÓSIÐ

Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Markmið Ljóssins er að efla lífsgæði á erfiðum tímum með því að styrkja andlegan, félagslegan og líkamlegan þrótt.

## Starfsmaður í Ljósið

Ljósið er að leita að góðum starfsmanni í hálft starf, til að sjá meðal annars um kaffi, létta matreiðslu, og þrif. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum. Starfið er laust nú þegar.

## Starfsmaður í skrifstofustörf

Ljósið óskar að ráða starfsmann í 30% starf. Í starfinu felst almenn skrifstofustörf, bókhald í Navision og ýmiss tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af skrifstofustörfum, tölvukunnáttu (Word og Exel), vera vel ritfær á íslensku og vera góður í mannlegum samskiptum. Starfið er laust nú þegar. Vinnutími er samkomulag.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Ernu Magnúsdóttur forstöðumanns Ljóssins.

Ljósið endurhæfingar og stuðningsmiðstöð
Langholtsvegur 43, 104 Rvk
erna@ljosid.org
S: 561 3770

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Vesturvör - Hafnarbraut - Nesvör. Deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. júní 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vesturvör - Hafnarbraut - Nesvör. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 21. janúar 2008.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Smári Smárason**
**Skipulagsstjóri Kópavogs**

ATVINNA

## VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:
- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtímavistanir
- meðferðarheimili

Í boði er :
- vaktavinna og dagvinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum SFR eða BHM.




## Góð störf í pípunum!

Vegna aukinna verkefna óskar traust og gott verktakafyrirtæki eftir pípulagningameistara og pípulagningamönnum til starfa.

Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf hjá fyrirtæki sem leggur mikið upp úr vönduðum vinnubrögðum, metnaði og góðum starfsanda. Hópurinn er samheldinn og margt spennandi að gerast hjá fyrirtækinu á næstu mánuðum.

Ef þú vilt vinna með skemmtilegum hóp í fjölbreyttum verkefnum er þetta starf fyrir þig

**Starf pípulagningameistara:**
- Meistararéttindi í pípulögnum
- Yfirumsjón með pípulagningaverkum ásamt framkvæmdastjóra
- Samskipti við viðskiptavini
- Tilboðagerð
- Almenn pípulagningastörf

**Störf pípulagningamanna:**
- Sveinspróf í pípulögnum æskilegt
- Reynsla í pípulagnavinnu nauðsynleg
- Stundvísi og vinnugleði
- Almenn pípulagningastörf

TALENT RÁÐNINGAR
| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Mjöll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum, mjoll@talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2008

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



# Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Hálsaborg óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.**

Hálsaborg er þriggja deilda leikskóli í Seljahverfi. Þar er starfað samkvæmt kenningum Berit Bae um samskipti með virðingu, viðurkenningu og sjálfræði að leiðarljósi. Skólinn hefur í áratugi verið í nánu samstarfi við aðra leikskóla og grunnskóla í Seljahverfi um að brúa bilið á milli skólastiga.

Leitað er að fólki sem mætir morgundeginum með bros á vör því enginn dagur er eins í Hálsaborg.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri Ólöf Helga Pálmadóttir í síma 5578360 og 6939855

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

# METNAÐARFULLUR MARKAÐSFULLTRÚI

PÓSTURINN
allur pakkinn

## Erum við að leita að þér?

Við leitum að kröftugum liðsmanni í markaðsdeild Íslandspósts í 75–100% starf, eftir samkomulagi.

Fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg verkefni í boði og hjá okkur fær fólk tækifæri til að vaxa af verkum sínum!

**Helstu verkefni:**

- innri markaðsmál og skipulagning á ýmsum viðburðum
- samvinna og samskipti við aðrar deildir og svið innan fyrirtækisins
- samskipti við auglýsingastofu, birtingahús, prentfyrirtæki o.s.frv.
- samræming á útliti afgreiðslustaða
- þátttaka í daglegu markaðsstarfi
- ýmis tilfallandi verkefni

**Hvað þarf til?**

- menntun í markaðsfræðum og/eða reynsla af sambærilegum störfum
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og ákvarðanatöku
- gott vald á töluðu og rituðu máli
- færni í samskiptum við samstarfsfólk og samstarfsaðila

***Íslandspóstur er***

- *Markaðsdrifið þjónustufyrirtæki*
- *Fyrirtæki sem keppir að því að vera leiðandi á sviði flutninga-, dreifinga- og samskiptalausna*
- *Fyrirtæki þar sem starfsfólkið er kjarni starfseminnar*

*Íslandspóstur veitir almenna og sérhæfða bréfa- pakka- og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki innanlands og utan.*

***Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2008***

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa Hrund Steinarsdóttir.*

*Starfsumsókn og ferilskrá skal skilað á starf@postur.is merkt „markaðsfulltrúi" í efni. Einnig er hægt að setja inn starfsumsókn á www.postur.is*

Íslandspóstur hf. · Stórhöfða 29 · 110 Reykjavík · Sími 580 1000 · www.postur.is

Skipulags stofnun

# Hringvegur um Hornafjörð

## Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hringveg um Hornafjörð.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **24. janúar til 7. mars 2008** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, á bókasafni-upplýsingarmiðstöð Nýheimum, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum Vegagerðarinnar: **www.vegagerdin.is** og VSÓ ráðgjafar: **www.vso.is**

Vegagerðin mun kynna frummatsskýrslu vegarins með opnu húsi í Nýheimum á Höfn **fimmtudaginn 7. febrúar kl. 20.00-22.00.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdirnar og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **7. mars 2008** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

## Suðurhólar 10, Hólabrekkuskóli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar Hólabrekkuskóla að Suðurhólum 10 vegna sparkvallar með gervigrasi.
Tillagan gerir ráð fyrir boltagerði sem verður staðsett í suðvesturhluta lóðar. Aðkoma á völlinn er um op á langhlið, lýsing er skermuð af og beint inn á völlin með fjórum allt að átta metra háum staurum. Girðing umhverfis völlinn er allt að einn komma tveir, metrar á langhliðum og hæst um þrír metrar fyrir miðjum velli við mörkin. Lóðin er stækkuð til suðvesturs vegna breytinga á bílastæðum sem fjölgar um sex.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Holtavegur 23, Langholtsskóli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar Langholtsskóla að Holtavegi 23 vegna sparkvallar með gervigrasi.
Tillagan gerir ráð fyrir boltagerði sem verður staðsett í norðvesturhluta lóðar. Aðkoma á völlinn er um op á langhlið, lýsing er skermuð af og beint inn á völlin með fjórum allt að átta metra háum staurum. Girðing umhverfis völlinn er allt að einn komma tveir, metrar á langhliðum og hæst um þrír metrar fyrir miðjum velli við mörkin. Skólahús stækkar í suðaustur um allt að 200 m² og bílastæði á suðausturhluta eru felld niður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 24. janúar 2007 til og með 6. mars 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábending**um og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 6. mars 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 24. janúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Hvers vegna hækkar ekki lífeyrir eldri borgara?

**UMRÆÐAN**
Kjör aldraðra

Hvers vegna hækkar ríkisstjórnin ekki lífeyri aldraðra frá almannatryggingum eins og lofað var fyrir kosningar? Hvers vegna segir ríkisstjórnin að hún sé að bæta kjör aldraðra, þegar hún er eingöngu að draga úr tekjutengingum, sem aðeins koma hluta eldri borgara til góða? Ellilífeyrisaldur er 67 ára. Þegar fólk hefur náð þeim aldri getur það farið á eftirlaun. Það hefur þá lokið starfsævi sinni. Þeir eru tiltölulega fáir, sem vilja halda áfram að vinna. Aðgerðir ríkisstjórnar til þess að bæta kjör aldraðra eiga að sjálfsögðu að miðast við þá, sem eru orðnir ellilífeyrisþegar og hættir störfum. Aðgerðirnar eiga ekki eingöngu eða fyrst og fremst að miðast við þá sem eru heilsuhraustir og kjósa að vinna áfram. Það er mikill minnihluti aldraðra. Og það á ekki að blekkja eldri borgara og tala eins og það sé verið að bæta kjör allra eldri borgara, þegar aðeins er verið að bæta kjör þeirra, sem eru á vinnumarkaðnum.

Það eru nú átta mánuðir frá því að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við völdum en samt hefur lífeyrir aldraðra, sem hættir eru að vinna, enn ekki hækkað um eina krónu fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar.


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur samþykkt að lífeyrir eldri borgara verði miðaður við neysluútgjöld samkvæmt könnun Hagstofu Íslands.

Hagstofan birti slíka könnun 18. desember 2007. Þá voru neysluútgjöld einhleypinga komin í 226 þúsund krónur á mánuði, að viðbættri vísitöluhækkun frá því könnunin var gerð. Skattar eru ekki meðtaldir í könnun Hagstofunnar. 60+ hjá Samfylkingunni hefur gert svipaða ályktun og Félag eldri borgara í Reykjavík, þ.e. að miða eigi lífeyri aldraðra við neyslukönnun Hagstofunnar.

Lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum er í dag 130 þúsund krónur á mánuði hjá einhleypingum, sem ekki eru í lífeyrissjóði, þ.e. fyrir skatta eða 118 þúsund eftir skatta. Það vantar því 108 þúsund á mánuði upp á að lífeyririnn dugi fyrir neysluútgjöldum. Tilkynning ríkisstjórnarinnar um að hún ætli að láta þá, sem ekki eru í lífeyrissjóði, fá 25 þúsund á mánuði úr lífeyrissjóði frá 1. júlí nk. hrekkur skammt til þess að brúa þetta bil. Mjög lítill hópur fær þessa upphæð og hún verður skattlögð og veldur skerðingu tryggingabóta eins og allar tekjur úr lífeyrissjóði. Hjá einhleypingi verða ekki nema rúmlega 8 þúsund krónur eftir á mánuði þegar búið er að skerða þessa upphæð með sköttum og skerðingu bóta. Þetta útspil ríkisstjórnarinnar er því aðeins til málamynda.

Samfylkingin lofaði því fyrir síðustu kosningar að hún ætlaði að leiðrétta lífeyri aldraðra og miða hann við neysluútgjöld samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar. Sú leiðrétting yrði gerð í áföngum. Fyrsti áfangi þessarar leiðréttingar hefur ekki tekið gildi enn. Það er ekki nóg að draga úr tekjutengingum til þess að efna þetta loforð. Kjarabætur til aldraðra verða að ná til allra ellilífeyrisþega en ekki eingöngu þeirra, sem eru á vinnumarkaði. Það á ekki að mismuna eldri borgurum. Sjálfstæðisflokkurinn hét eldri borgurum einnig kjarabótum fyrir síðustu kosningar. Ég tel því að ríkisstjórnin sé skuldbundin til þess að bæta kjör eldri borgara myndarlega með hækkun lífeyris allra en ekki hluta eldri borgara.

*Höfundur situr í stjórn 60+.*

# Vegavernd eykur forvarnir

**UMRÆÐAN**
Umferðaröryggi

Ingólfur Sverrisson skrifar grein á þriðjudag um Vegavernd Sjóvár sem er ný þjónusta við viðskiptavini félagsins sem lenda í því að bíll þeirra bilar. Ég vil nota tækifærið og þakka Ingólfi fyrir þann áhuga sem hann sýnir Vegavernd Sjóvá en þessi nýja þjónusta hefur vakið mikla athygli og margir STOFN-félagar Sjóvár hafa þegar nýtt sér hana.


ÞÓR SIGFÚSSON

Ingólfur veltir fyrir sér hvort réttlætanlegt sé fyrir Sjóvá að gefa öllum STOFN-félögum þessa þjónustu endurgjaldslaust þar sem það hljóti að þýða hærri iðgjöld. Miðað við eftirspurnina eftir þessari þjónustu félagsins fyrstu vikurnar er ljóst að það er þörf fyrir hana. Vegaþjónusta fagmanna eins og FÍB, sem sinna þessari þjónustu, getur skilað sér í færri tjónum. Nokkur slys hafa orðið hér og erlendis þar sem bílar hafa bilað og ökumenn ekki staðið rétt að málum.

Sjóvá vill fara nýjar leiðir í forvörnum og umferðarmálum. Boð okkar til ríkisins um að flýta framkvæmdum við stofnbrautir eins og Suðurlandsveg og Vesturlandsveg eða gjöf okkar til viðskiptavina um vegavernd eru leiðir sem geta stuðlað að fækkun slysa og öryggi í umferðinni.

Ingólfur bendir einnig á að þjónustan sé einungis veitt á höfuðborgarsvæðinu, Árborg, Reykjanesbæ og á Akureyri. Við stefnum á að veita þessa þjónustu til 80% af íbúum landsins og munum þegar á næstu vikum tilkynna um stækkun þjónustusvæðisins í samvinnu við FÍB.

*Höfundur er forstjóri Sjóvár.*










Höfuðstólstryggðir reikningar

KAUPÞING
Hugsum lengra

**Nú getur þú tekið þátt í að fjárfesta á hlutabréfamarkaðnum eða í gengi mynta án þess að eiga á hættu að tapa höfuðstól og átt möguleika á góðri ávöxtun.**

Sala er hafin á **tveimur nýjum** reikningum, **ICEin 0708** og **EURin 0708**, sem eru höfuðstólstryggðir reikningar. ICEin fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, OMXI15. EURin fylgir gengi evrunnar.

**ICEin 0708**
- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **sex mánuði**
- Ávöxtun að hámarki **11%** á tímabilinu sem jafngildir **23%** á ársgrundvelli
- Fylgir **OMXI15** vísitölunni
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. janúar
- Sölutímabilið er frá **17. - 24. janúar**

**EURin 0708**
- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **sex mánuði**
- Ávöxtun að hámarki **15%** á tímabilinu sem jafngildir **32%** á ársgrundvelli
- Fylgir **gengi evrunnar**
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. janúar
- Sölutímabilið er frá **17. - 24. janúar**

Nýjung
Bundið í 6 mánuði

Kynntu þér málið á kaupþing.is, í síma 444 7000, eða komdu við í næsta útibú.

**WINSTON CHURCHILL, FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS, ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1965.**

*„Blóð, sviti og tár.“*

***Churchill er einn af þekktustu stjórnmálaleiðtogum Bretlands. Hann var auk þess hermaður, rithöfundur, blaðamaður og listmálari og hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1953.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. JANÚAR 1985

## Ekkert mál fyrir Jón Pál

Jón Páll Sigmarsson hlaut titilinn sterkasti maður heims í fyrsta sinn þennan dag árið 1985 eftir harða keppni við sjö kraftakarla frá ýmsum löndum. Keppnin var háð í Mora í Svíþjóð og meðal þrauta sem lagðar voru fyrir hina sterku menn var dráttur átta tonna trukks um 30 metra vegalengd. Jón Páll sigraði í þeirri grein og var aðeins 30 sekúndur að, þó að snjór væri á jörðu. Hann setti líka heimsmet í trjábolakasti og tókst að lyfta þyngri steini yfir höfuð sér en öðrum keppendum.



Jón Páll var 24 ára að aldri þegar hann náði titlinum sterkasti maður heims í fyrsta sinn en hann átti eftir að vinna slíka aflraunakeppni margoft á ferli sínum eftir það. Áður hafði hann hlotið Íslandsmeistaratitil í vaxtarrækt. Hann var lengi í hópi dáðustu íþróttamanna þjóðarinnar og um tíma í hópi fremstu kraftlyftingamanna heims. Hann var orðheppinn og hnyttinn og ýmsar gullvægar setningar hrutu af hans munni. Sú þekktasta er „Ekkert mál fyrir Jón Pál“.

### MERKISATBURÐIR

**1855** Kirkjan á Hvanneyri í Siglufirði fýkur af grunninum og hafnar á hliðinni í kirkjugarðinum.
**1908** Robert Baden-Powell stofnar fyrsta skátahópinn í Englandi.
**1924** Rússneska borgin Sankti Pétursborg endurnefnd Leníngrad.
**1962** Brian Epstein verður umboðsmaður Bítlanna.
**1965** Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, deyr níræður að aldri.
**1966** 117 farþegar Air India láta lífið þegar Boeing-707 þota félagsins flýgur á Mont Blanc.
**1984** Fyrsta Apple Macintosh-tölvan kemur í verslanir.

**ÞRÍTUGUR:** HJALTI ÞÓR VIGNISSON, BÆJARSTJÓRI HORNAFJARÐAR

# Allir hafa skoðanir hvort sem þeir eru tvítugir eða sextugir

„Ég er hress og kátur. Er að reyna að redda af mér mynd. Það hefst. Læt bara taka hana af svölunum. Það snjóaði aðeins í morgun en er að birta til. Nú sé ég orðið Öræfajökul.“

Þannig byrjaði Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði, samtal sitt við blaðamann í gær eftir að hafa fengið beiðni í tölvupósti um afmælisviðtal og mynd. Hann er nefnilega þrítugur í dag. Skyldi hann ætla að halda upp á það? „Ég mæti í vinnuna og borða svo heima með mínu fólki. Það er ekkert annað á döfinni. Er reyndar nýkominn úr ágætu fríi. Fór í sumar og sól í Karíbahafinu með fjölskyldunni. Það var nú meðal annars gert í tilefni afmælisins og var mjög gott, fínt loftslag og gaman fyrir okkur öll að vera saman.“

-Hvað áttu af börnum?

„Ég á þrjú. Tvær stelpur, aðra fjögurra og hálfs árs og hina tveggja og hálfs og svo strák átta mánaða. Það fjölgaði svolítið ört á heimilinu en það er allt í lagi, bara líf og fjör og frábært að vera með börn í kringum sig.“

-Ertu ekki með yngstu bæjarstjórum landsins, Hjalti?

„Jú, mér er sagt það en ég hef ekkert gáð að því. Þegar ég er á fundum með sveitarstjórnarfólki eru þar flestir mun eldri en ég. En ég tel mikilvægt að sveitarstjórnir endurspegli samsetningu íbúa. Þá er ekki hægt að miða við eitthvert ákveðið aldursbil, ákveðna þekkingu eða kyn. Það hafa allir skoðanir hvort sem þeir eru tvítugir eða sextugir.“

-Telur þú þig hafa aðra sýn á hlutina en þeir sem eldri eru?

„Já, ég býst við því. Málefni fjölskyldunnar eru mér hugleikin og ég vil móta hér umhverfi sem er framúrskarandi fyrir fjölskyldur að búa í og lifa. Mannvirkin á vegum bæjarins endurspegla líka að einhverju leyti mínar áherslur sem er að byggja hér upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu. Við opnuðum frjálsíþróttavöll á síðasta ári, tókum í notkun mótorkrossbraut og ný sundlaug er í byggingu auk þess sem bygging knattspyrnuhúss er í bígerð. Ég hef líka áhuga á útivist og Vatnajökulsþjóðgarður opnar ýmsa möguleika.“

-Er frúin heimavinnandi?

„Nei, nei. Guðrún kona mín er skrifstofustjóri hjá Skinney/Þinganesi svo það er nóg að gera hjá henni líka. En það er frábært að búa hér og stutt í alla þjónustu svo sem að sækja börnin í leikskóla og versla. Við þurfum því ekki að eyða löngum tíma á dag í bíl. Þetta gerist allt á fimm mínútum.

-Ferðu heim í hádeginu?

„Stundum. Það fer eftir stöðunni. Oft er langur vinnudagur, fundahöld á kvöldin og á álagstímum er unnið um helgar líka. En ég nýt starfsins og hef afskaplega gaman af því. Ég er uppalinn hér á Hornafirði og finnst frábært tækifæri og mikill heiður að fá að starfa fyrir þetta samfélag.“

gun@frettabladid.is



**EINN YNGSTI BÆJARSTJÓRI LANDSINS** „Ég er uppalinn hér á Hornafirði og finnst frábært tækifæri og mikill heiður að fá að starfa fyrir þetta samfélag,“ segir hann. MYND/HAUKUR INGI EINARSSON.

---



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Klöru Guðmundsdóttur**

Hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, áður Tjarnarlundi 13i.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hlíðar fyrir góða og alúðlega umönnun.

**Kristinn Ketilsson**
**Bjarney Sigvaldadóttir**
**Einar Már Guðmundsson** **Katrín Melstað**
**Bjarni Freyr Guðmundsson** **Arna Hrönn Skúladóttir**
**Klara Guðmundsdóttir**
**og langömmubörn.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Edvard K. Kristensen**

bifreiðarstjóri, Hjallaseli 55 (Seljahlíð), áður Rjúpufelli 29, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi að kvöldi 17. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. janúar kl. 13.00.

**Kristín Kristensen** **Guðmundur H. Jónsson**
**Ingibjörg Kristensen**
**Steinunn Kristensen** **Tómas Stefánsson**
**Jón Valgeir Kristensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Bjarney Garðarsdóttir**

Stigahlíð 30, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Garðar Halldórsson** **Inga Jónsdóttir**
**Kristín Jóna Halldórsdóttir**
**Anna Þórunn Halldórsdóttir** **Ágúst Þorsteinsson**
**Helgi Þór Helgason** **Guðbjörg Hanna Gylfadóttir**
**Hanna Ragnheiður Helgadóttir** **Steffen Simbold**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir,**

Dvalarheimilinu Hlíð, áður Ránargötu 27, Akureyri,

lést hinn 16. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.30.

**María Elínborg Ingvadóttir**
**Herdís Ingvadóttir**
**Jón Grétar Ingvason** **Hjördís Arnardóttir**
**Bjarni Rafn Ingvason** **Rósa Þ. Þorsteinsdóttir**
**Áslaug Nanna Ingvadóttir**
**Ingvi Júlíus Ingvason** **Unnur Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ásdís Óskarsdóttir**

Framnesvegi 15, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 19. janúar. Útför hennar verður gerð frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 14.00.

**Jóhannes Jóhannesson** **Hjördís B. Sigurðar**
**Halldóra Jóhannesdóttir** **Sigurgísli S. Ketilsson**
**Helga Jóhannesdóttir** **Gylfi Bergmann**
**Gunnar Jóhannesson**
**Jón Jóhannesson** **Hanna Dóra Hjartardóttir**
**Petrína M. Jóhannesdóttir** **Ögmundur M. Ögmundsson**
**Þröstur Jóhannesson** **Guðbjörg H. Magnadóttir**
**ömmu-, langömmu- og langlangömmubörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Drafnarstíg 2,

lést mánudaginn 21. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Magnús Ingi Ingvarsson** **Aðalheiður Alexandersdóttir**
**Guðjón Magnússon** **Anna Björk Eðvarðsdóttir**
**Ingvar Magnússon** **Bryndís Björk Karlsdóttir**
**Rut Magnúsdóttir** **Ingólfur Garðarsson**
**Anna Ingvarsdóttir**
**Sigríður María Torfadóttir** **Arinbjörn V. Clausen**
**Tómas Torfason** **Karen Bjarnhéðinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



TÖLVULISTINN
NÝ VERSLUN Á SELFOSSI
OPNUNAR TILBOÐ
TÖLVULISTINN OPNAR Í DAG NÝJA VERSLUN AÐ AUSTURVEGI 34 Á SELFOSSI, AF ÞVÍ TILEFNI ERU FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ Í DAG OG NÆSTU DAGA, HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!
1GB VINNSLUMINNI
VALUE SELECT
CORSAIR
Viðskiptavinum Tölvulistans á Selfossi býðst Corsair 1GB 667MHz DDR2 Value Select vinnsluminni á frábæru opnunartilboði Lífstíðarábyrgð er á öllum minnum frá Corsair. Margverðlaunað og 100% áreiðanlegt vinnsluminni
VERÐ 1.990
ACE OPNUNARTILBOÐ
FRÁ 4.147 KR Á MÁNUÐI
ACE OPNUNARTILBOÐ
• Intel Core 2 Duo E6750 2.66GHz, 4MB
• 2GB Dual DDR2 667MHz minni
• 1000GB SATA II geymslupláss
• 20xDVD±/12xDL skrifari
• 22" LCD Acer AL2216WBD skjár
• 256MB MSI Geforce8 NX8600GT skjákort
• 2.1 hátalarakerfi
• Logitech UltraX lyklaborð og mús
• Windows Vista Home Premium
ACE SPECIAL EDITION
VERÐ 129.900
ACER 5720 - 1A
FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI
ACER 5720-1A FARTÖLVA
• 1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250, 2MB
• 1GB DUAL DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA harður diskur
• 8xDVD±RW DL skrifari
• 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
• 128MB ATI Radeon HD2300 skjákort
• 5 in1 kortalesari
• Gigabit netkort
• Windows Vista Home Premium
acer
VERÐ 89.900
19" ACER 1916WA
acer
19" Acer LCD AL1916WA breiðtjaldsskjár með 5ms viðbragðstíma, 1440x900 upplausn, 700:1 í skerpu og VGA tengi. Flottur svartur og silfurlitaður breiðtjaldsskjár á ótrúlegu opnunartilboði Þú mátt ekki missa af þessu!!!
VERÐ 17.900
ICYBOX HÝSING
ICYBOX
RaidSonic USB2 SATA hýsing utanáliggjandi svört harðdiskahýsing úr áli sem skilar hámarks kælingu. Auðveld í notkun og virkar jafnt fyrir PC og Mac Hægt er að fá glæsilega tösku sem aukabúnað
VERÐ 2.990
500GB HARÐUR DISKUR
WD Western Digital
5 ÁR ÁBYRGÐ
500GB SATA2 Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er með 7200RPM, 16MB buffer og Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum. Western Digital eru mest seldu hörðu diskanir í dag
VERÐ 9.990
MARGMIÐLUNARSPILARI
ICYBOX
3.5" RaidSonic ICY BOX SATA MP303 margmiðlunarspilari Horfðu á kvikmyndir, ljósmyndir eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu. Spilarinn virkar einnig eins og venjulegur flakkari. Fjarstýring fylgir með
VERÐ 16.900
Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
2%
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765
SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | ÞJÓNUSTUDEILD • HÁTÚN 6A • S: 414 1720



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**Óskað er eftir tilnefningum til Samfélags-verðlauna Fréttablaðsins 2008.**

Lesendur Fréttablaðisns eru hvattir til að senda in tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Tilnefningar má senda á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






# STUÐ MILLI STRÍÐA Fóstrur og kennara í Ráðhúsið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SÉR LEIKSKÓLAKRAKKA VIÐ TJÖRNINA



Þegar ég var á leikskóla var oft mikil valdabarátta um bestu rólurnar. Til voru tvenns konar rólur, annars vegar þær sem voru lítið spýtuprik, hengd upp með keðjum og hægt var að hoppa úr. Og hins vegar stór og notaleg vörubílsdekk þar sem tveir gátu rólað saman en þær söfnuðu vatni sem hægt var að nota í vatnsstríðum á góðum dögum.

Oftar en ekki gilti frumskógarlögmálið en stundum tóku fóstrurnar völdin í sínar hendur og skiptu tímanum bróðurlega á milli þeirra sem vildu róla sér í stóru vörubíladekkjunum og hinna sem vildu sitja á einhverju spýtnabraki. Restin eyddi tíma sínum síðan í að borða sand eða lemja næsta mann með skóflu.

Hinu blóðuga valdatafli var síður en svo lokið þegar leikskólatímabilið kláraðist. Í grunnskóla er börnum nefnilega skipt upp í hópa, svokallaða bekki, og þeir berjast hatrammlega um knattspyrnuvöllinn með tveimur mörkum eða einu körfurnar sem enn höfðu net. Og líkt og í leikskólanum skárust yfirvöldin stundum í leikinn og úthlutuðu hverjum bekk sínum tíma á knattspyrnuvellinum.

En hjá flestum lýkur þessu valdabrölti þegar í framhaldsskólann er komið. Og lífið snýst um að halda sönsum á erfiðasta þroskatímabili mannsins. En alltaf myndast þó sérstakur hópur sem ekki hefur enn náð að svala valdafíkn sinni og þegar fram líða stundir birtast andlit þeirra yfirleitt á framboðslistum stjórnmálaflokkanna.

Óneitanlega fær maður ágætis sönnun á því að sumir hafi engan veginn þroskast upp úr sínum barnslegu valdatilfinningum þegar maður stendur í Öskjuhlíðinni og horfir yfir bárujárnshúsin, flugvöllinn og Hallgrímskirkju. Og maður veltir því fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að fá fóstru eða grunnskólakennara til að skipta upp tíma borgarfulltrúanna á skrifstofunni við Tjörnina.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Veldu Spelti!

# Bragðgæði og góð næring

Myllan velur spelti í æ ríkari mæli sem hráefni við bakstur vara sinna. Spelti er hollasta korntegund sem völ er á og með aukinni notkun á spelti leitast Myllan við að uppfylla vaxandi óskir viðskiptavina sinna um holla og góða næringu. Þess vegna færðu bæði brauð og kökur frá Myllunni sem bökuð eru úr spelti.

Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára. Það er óhemju góð uppspretta ríbó-flavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess sem speltið er góð uppspretta ýmissa steinefna á borð við kopar, járn, mangan og zink. Spelti er ríkt af ýmsum mikilvægum steinefnum og hyaluronsýru, sem inniheldur t.d. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna m.a. mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi í augum og liðum líkamans.

*Sjá nánar á www.myllan.is*

Myllu Spelt BRAUÐ   Myllu Spelt KAKA

MYLLAN — ALLTAF NÝBAKAÐ

**Veldu speltbrauð og speltkökur frá Myllunni. Fást í næstu búð**

www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.

# Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi

1970-2007, 70 titlar



## Slavoj Žižek

heldur fyrirlestur á Háskólatorgi HÍ, sal HT-102, laugardaginn 26. janúar kl. 13.30.

Að loknum fyrirlestrinum áritar hann bók sína *Órapláguna* í **Bóksölu stúdenta**. Sérstakt tilboðsverð verður á öllum 70 Lærdómsritunum.



## Óraplágan

*Eftir Slavoj Žižek*
*Haukur Már Helgason þýddi.*
*Inngang rituðu Andri Fannar Ottósson og Steinar Örn Atlason.*

Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek er í hópi þekktustu samfélagsrýna samtímans og vakti mikla athygli þegar hann sótti Ísland heim á síðastliðnu ári. *Óraplágan* er einstök vitsmunaleg rússíbanareið þar sem vísunum í alþekktar kvikmyndir og hversdagsleg menningarfyrirbæri er blandað saman við kenningar merkustu heimspekinga á listilegan hátt, þannig að úr verður fræðilegt dýnamít sem á engan sinn líka í samtímanum.



## Um holdgun Orðsins

*Eftir Aþanasíus frá Alexandríu*
*Kristinn Ólason þýddi.*
*Inngang ritaði Einar Sigurbjörnsson.*

Aþanasíus kirkjufaðir var einn áhrifamesti hugsuður frumkristninnar. Hugmyndir hans um eðli heilagrar þrenningar höfðu mótandi áhrif á helstu kennisetningar kirkjunnar og má t.d. sjá merki þeirra í trúarjátningu kristinna manna. *Um holdgun Orðsins* er sígilt rit á sviði kristinna fræða.

## Um trúarbrögðin

**– Ræður handa menntamönnum sem fyrirlíta þau**



*Eftir Friedrich Schleiermacher*
*Jón Árni Jónsson þýddi.*
*Inngang ritaði dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.*

Schleiermacher (1768–1834) var þýskur guðfræðingur og heimspekingur. Hann hefur stundum verið kallaður faðir nútíma mótmælendaguðfræði og er jafnframt talinn einn helsti höfundur nútíma túlkunarfræði. Hann gagnrýnir skynsemishyggju og kalda rökhyggju upplýsingarinnar og skilgreinir trúarbrögðin í tengslum við upplifun mannsins – það sem snertir hjarta hans eða innsta veruleika. Hér birtist mikilvægi þess fyrir samfélagið allt að trúarbrögðin, rétt eins og heimspeki og hugmyndafræði almennt, verði viðfangsefni lifandi og opinnar rökræðu. Tómas Sæmundsson sat fyrirlestra Schleiermachers á námsárum sínum og gætir áhrifa þess í verkum hans.

Landsbankinn er sérstakur bakhjarl Lærdómsritanna. Landsbankinn

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is


**Kl. 20**
*Heimildarmyndin „Borgarmúrar: Mín eigin Teheran“ eftir íranska leikstjórann Afsar Sonia Shafie verður sýnd í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu í kvöld kl. 20. Leikstjórinn verður sjálf viðstödd sýninguna og svarar spurningum að henni lokinni. Aðgangur að viðburðinum er ókeypis og öllum opinn.*

**> Ekki missa af...**

Djasstónleikum á Gauki á Stöng í kvöld. Fram koma gítarleikarinn Hilmar Jensson og norski trommuleikarinn Oyvind Skarbo og leika listir sínar fyrir viðstadda. Þeir félagar hafa komið fram saman áður á hinni virtu Nattjazz-hátíð í Bergen í Noregi og fengu þar mikið lof fyrir leik sinn. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og miðaverð er 1000 kr.

# menning

menning@frettabladid.is



**SIÐAÐAR SAMRÆÐUR** Mynd úr uppfærslu Þjóðleikhússins á leikritinu Vígaguð.
MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

# Villimaðurinn haminn

**Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Vígaguðinn eftir franska leikskáldið Yasminu Reza annað kvöld. Yasmina þessi Reza er eitt vinsælasta samtímaleikskáld heimsins og er þess skemmst að minnast þegar uppfærsla Þjóðleikhússins á hennar þekktasta leikriti, Listaverkinu, sló í gegn árið 1997.**

Vígaguðinn er í senn gamansamt og harmrænt leikrit sem nær að sameina spennu, grín og áleitnar vangaveltur um samfélagið. Verkið segir frá tvennum hjónum sem hittast í kjölfar þess að ellefu ára gömlum sonum þeirra sinnast á leikvellinum. Með fundinum ætla hjónin að ræða málið á siðmenntaðan og yfirvegaðan hátt en þegar líður á kemur í ljós að undir fáguðu yfirborði paranna krauma frumstæðar hvatir. Með hlutverk hjónanna fara þau Baldur Trausti Hreinsson, Þórunn Lárusdóttir, Friðrik Friðriksson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.

Hin óljósu mörk siðmenntunar og villimennsku sem búa innra með okkur öllum er því eiginlegt viðfangsefni verksins. Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leikstjóri sýningarinnar, segir persónur leikritsins geta komið kunnuglega fyrir sjónir, enda teflir leikskáldið saman fjórum einstaklingum sem eru hálfgerðar erkitýpur í samtímanum. „Reza skoðar nútímann og siðmenninguna sem honum fylgir í gegn um þessar fjórar persónur sem mætast til að útkljá erfitt mál. Verkið varpar ljósi á hvernig við þurfum að ná stjórn á tilfinningum okkar og hvötum til þess að geta lifað í samfélagi við aðra. Viðfangsefnið er áleitið og það má segja að þetta sé óvægið gamaleikrit.“

Vígaguðinn er nýjasta leikrit Yasminu Reza og var fyrst frumsýnt í Sviss árið 2006 þar sem það sló umsvifalaust í gegn. Verkið hefur síðan verið sett upp víða um heim við miklar vinsældir og góð viðbrögð gagnrýnenda. „Yasmina Reza er fyndinn og skemmtilegur höfundur en kemur um leið fram í verkum sínum sem glöggur þjóðfélagsrýnir og hugsuður. Hún beitir einstökum húmor til þess að vekja okkur til umhugsunar um ýmsa þætti mannlegrar tilveru. Henni tekst oft að koma okkur á óvart með því að varpa nýju ljósi á ýmsa þætti mannlegrar tilveru. Hún kann að koma áhorfendum til að hlæja og fær þá til að hugsa um leið,“ segir Melkorka.

Leikritið er sýnt á Smíðaverkstæðinu, en á þessu leikári helgar Þjóðleikhúsið sviðið spennandi erlendri samtímaleikritun. Leikmyndahönnuðurinn Stígur Steinþórsson hefur gert leikmynd sem, með smávægilegum breytingum, nær að þjóna þeim þremur sýningum sem tilheyra þessari leikritasyrpu. Smíðaverkstæðið er þannig orðið einn helsti vettvangur nútímarýni í Reykjavík í vetur og ætti því að vekja áhuga allra þeirra sem láta sig samfélagið varða.

vigdis@frettabladid.is

# Sævar velur aðeins það besta

Sýning á myndlist úr eigu verslunareigandans fyrrverandi, Sævars Karls Ólasonar, opnaði um síðustu helgi í Gerðarsafni. Sævar hefur lengi safnað myndlist og á stórt og áhugavert safn verka, en á sýningunni má sjá úrval þeirra. Segja mætti að Sævar hafi „valið aðeins það besta“ úr safni sínu á sýninguna enda er hann þekktur fyrir sinn góða og vandaða smekk.

Á meðal þess sem sjá má á sýningunni eru verk eftir Gunnlaug Blöndal, Kristján Davíðsson og marga af þekktustu samtímalistamönnum þjóðarinnar. Að auki eru til sýnis áhugaverð verk eftir erlenda listamenn og bera þar hæst fimm sjaldgæfar litógrafíur eftir Salvador Dalí frá árinu 1971. Í verkunum myndgerir Dalí hugmyndir sínar um klæðnað spjátrunga framtíðarinnar.

Sem alkunna er starfrækti Sævar Karl lengi gallerí í verslun sinni í Bankastræti þar sem flestir af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar sýndu verk sín. Á sýningunni í Gerðarsafni gefst tækifæri til að rifja þessar skemmtilegu sýningar upp þar sem til sýnis er merkileg röð veggspjalda sem listamenn gerðu fyrir sýningar sínar í galleríinu. Veggspjaldaröðin gerir sýningargestum kleift að rekja sögu gallerísins allt til upphafsins og fá yfirlit yfir þau fjölbreyttu verk sem þar hafa verið sýnd.

Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út í tengslum við sýninguna. Í henni má meðal annars finna grein eftir Guðberg Bergsson um hlutskipti kaupmanna og málverkasafnara og ítarlegt viðtal Guðbjargar Kristjánsdóttur við Sævar Karl og konu hans Erlu Þórarinsdóttur. - vþ



**SPJÁTRUNGUR FRAMTÍÐARINNAR** Ein af litógrafíum Salvadors Dalí sem sjá má á sýningunni í Gerðarsafni.



SLÓVENSKI HEIMSPEKINGURINN SLAVOJ ŽIŽEK ER FJÖRLEGUR FYRIRLESARI.

# Žižek í heimsókn

Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek kemur hingað til lands í vikulokin og heldur fyrirlestur við Háskóla Íslands á laugardag 26. janúar kl. 13.30 í sal á Háskólatorgi. Eins og tíðkast gjarna um þekkta einstaklinga verður hann reiðubúinn að árita verk sín að fyrirlestrinum loknum, og þá einkum nýja þýðingu á riti sínu, Óraplágunni, sem kom út fyrir jól í flokki Lærdómsrita Bókmenntafélagsins, í nýjum vistarverum Bóksölu stúdenta á hinu glæsilega Háskólatogi við hlið gömlu aðalbyggingarinnar.

Žižek kemur hingað til lands á vegum útgefanda síns á Íslandi, Hins íslenska bókmenntafélags. Fyrirlesturinn er í boði Bókmenntafélagsins, Heimspekistofnunar Háskóla Íslands, Félags áhugamanna um heimspeki og Listaháskóla Íslands.

Žižek fæddist í Ljubljana 1949 og hefur vakið mikla athygli um allan heim á síðustu árum og áratugum fyrir frjóa, líflega og vægðarlausa greiningu á samfélagi og menningu Vesturlanda. Hann er mikill tískuhöfundur og hefur gríðarlega víðan grunn í samræðu sinni við hugmyndir og ýkjur í samtíma okkar. Þá þykir hann með eindæmum snjall fyrirlesari og fer víða til að halda ræður sem þessa.

Hér fyrir neðan má sjá útdrátt úr fyrirlestrinum, sem fluttur verður á ensku og nefnist „Embedded in ideology“ eða Innlimuð í hugmyndafræði eins og heitið hefur verið þýtt.

Þar spyr hann hvað hugmyndafræði sé? „Þegar fengist er við vanda sem eflaust er raunverulegur, hefur sú athöfn að festa fingur á honum og skynja hann á hugmyndafræðilegan hátt ósýnilegan blekkingarleik í för með sér. Svo dæmi sé tekið: Hugtakið umburðarlyndi vísar til raunverulegs vanda – hvernig er hægt að vera á móti umburðarlyndi í garð útlendinga eða á móti femínisma eða hlynntur hómófóbíu? Það sem menn ættu hins vegar að snúast gegn er sá skilningur á rasisma (sem í dag er orðinn sjálfvirkur) að hann sé skortur á umburðarlyndi: hvers vegna er talið að fjölmörg álitamál nú um stundir snúist um umburðarleysi, frekar en ójöfnuð, arðrán eða óréttlæti? Hvers vegna er umburðarlyndi lagt fram sem lausn á vandanum, frekar en frelsisbarátta, pólitísk barátta, eða jafnvel vopnuð barátta? Að sveipa málin dulúð með þessum hætti er ekki til marks um fágaðan málflutning og rökræðu: það er hluti af ósjálfráðum hversdagsskilningi okkar á hugmyndafræði – líkt og blaðamennirnir sem segja fréttir frá Írak eru umkringdir hermönnum Bandaríkjahers erum við öll innlimuð í hugmyndafræði.“

Sem fyrr segir hefst fyrirlesturinn kl. 13.30 á Háskólatorgi.

- pbb

# Draugalest í kvöld

Leikritið Draugalest eftir Jón Atla Jónasson verður á dagskrá Útvarpsleikhússins í kvöld kl. 22.20 í leikstjórn Stefáns Jónssonar. Draugalest segir frá fjórum mönnum sem koma saman í herbergi úti í bæ og segja sögur sínar meðan blóðið rennur niður veggina. Leikritið, sem var frumraun höfundar, var frumsýnt í Borgarleikhúsinu og vakti að vonum athygli. Það ruddi braut fyrir fjölda annarra verka úr smiðju Jóns Atla. Hann var tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2006 fyrir Brim.

Með hlutverkin í Draugalest, sem verður á dagskrá Útvarpsleikhússins í kvöld á Rás 1, fara leikararnir Ellert A. Ingimundarson, Pétur Einarssson, Þór Tulinius og Gunnar Hansson, tónlistin er eftir Ghostigital og hljóðvinnslu annaðist Einar Sigurðsson.

- pbb

## *Myndlistarfélag stofnað*

Haldinn verður opinber stofnfundur hagsmunafélags myndlistarfólks á Norðurlandi næstkomandi laugardag. Félagið mun ganga undir nafninu Myndlistarfélagið og er því ætlað að vinna að eflingu myndlistar og menningar í landshlutanum.

Undirbúningsfundur að stofnun félagsins var haldinn í nóvember síðastliðnum og mættu þá hátt í 30 myndlistarmenn. Þar voru hagsmunamál myndlistarfólks á Akureyri og nágrenni rædd og fjölmargar hugmyndir komu fram. Valinn var undirbúningshópur til að vinna að stofnun félagsins, en í honum eru Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Brynhildur Kristinsdóttir, Gunnar Kr. Jónasson, Þórarinn Blöndal og Hlynur Hallsson. Varamenn eru Arna Valsdóttir, Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Jónas Viðar.

Á stofnfundinum á laugardag verða drög að lögum félagsins kynnt, kosin stjórn og rætt um hagsmunamál myndlistarfólks. Fundurinn fer fram í Deiglunni á Akureyri kl. 17 á laugardag.

- vþ





## *Sorg og sorgarviðbrögð*

**Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju**
**í kvöld 24. janúar kl. 20.**
**Fyrirlesari Sigríður Kristín Helgadóttir.** ***Allir velkomnir***





**NÝ DÖGUN**

*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*




# Síðasta sýning Öskubusku

Barna- og unglingaleikhúsið hefur í haust og vetur sýnt frumsaminn söngleik sem byggður er á ævintýrinu um Öskubusku í Austurbæ við Snorrabraut. Nú fer hver að verða síðastur að berja herlegheitin augum þar sem að á sunnudag kl. 16 fer fram síðasta sýningin á verkinu.

Barna- og unglingaleikhúsið hefur verið starfrækt í tvö ár og er Öskubuska þriðja sýning hópsins. Fríður flokkur ungmenna á aldrinum 9-15 ára sem valin voru með áheyrnarprufum skipa leikhópinn, en fullorðið fagfólk kemur að öðrum þáttum sýningarinnar. Söngleikurinn inniheldur allt það sem prýða þarf góða skemmtun: hressandi sönglög og dansa, spennu og fyndni og ætti því að geta höfðað til allrar fjölskyldunnar.

Barna- og unglingaleikhúsið stendur annars í ströngu þessa dagana við að undirbúa sína næstu sýningu sem verður frumsýnd á menningarnótt í ágúst næstkomandi. Mikil leynd hvílir yfir verkefninu, enda er alkunna að skemmtilegra er að vinna að leyndarmáli en því sem allir vita af.


**HÆFILEIKARÍKIR KRAKKAR** Hluti leikhópsins sem stendur að Öskubusku.

Miðasala á síðustu sýningu Öskubusku fer fram á vefsíðunni www.midi.is og í síma 5514700.

**- vþ**

# Brísingsbók

Hér á landi greip sig æði meðal ungra lesenda þegar fyrstu bindin tvö eftir hinn barnunga höfund Christopher Paolini um Eragon komu út. Nú hefur verið tilkynnt um titil titil og utlit þriðju bókarinnar. Mun hún heita Brísingr. Bókin kemur út í Bandaríkjunum 20. september. Eragon hefur verið þýdd á 50 tungumál og samanlagt hafa selst meira en 12,5 milljónir eintaka af bókunum tveimur. Það er Forlagið sem gefur þriðja hlutann af bálknum hér á landi og leggja menn þar á bæ kapp á að þýða bókina eins fljótt og unnt er svo að íslenskir lesendur og aðdáendur Eragons drekavinar geti lesið sem fyrst hvernig ævintýrið endar og stefnir á útgáfu á íslensku snemma hausts.



**BÓKMENNTIR** Kápan á fyrirhugaðri bók Christophers Paolini um Eragon og dreka hans Safíru.

**- pbb**

# Tilnefning og rostungur

Fyrir réttu ári ákvað Safnaráð að tilnefna Minjasafn Reykjavíkur til Evrópusafnaverðlaunanna 2008 fyrir glæsilega viðbót við safnið, Landnámssýninguna Reykjavík 871±2 í Aðalstræti.

Á sýningunni er miðlað fróðleik um lífið á landnámsöld og möguleikar margmiðlunartækninnar nýttir með nýstárlegum hætti.

Minjasafnið hefur í kjölfar tilnefningarinnar verið valið á lista safna sem keppa munu til úrslita um Evrópsku safnaverðlaunin.

Fleira er fréttnæmt frá landnámssýningunni þar sem á safnanótt, 8. febrúar næstkomandi, verður þar til sýnis uppstoppaður rostungur. Þá verður sagt frá rostungum og þeirri hugmynd sem fram hefur komið að ein af ástæðunum fyrir landnámi Íslands hafi verið eftirsókn eftir rostungstönnum.


**LANDNÁMSSÝNINGIN REYKJAVÍK 871** Tilnefnd til Evrópusafnaverðlaunanna.

**- vþ**

Salurinn

SUN 27. JANÚAR KL. 20
TÍBRÁ: MUSIC FOR A WHILE
JÓHANNA HALLDÓRS OG BAROKKSVEIT.
SÖNGVAR OG DANSAR FRÁ 16.ÖLD
Miðaverð 2000 kr

LAU 2. FEBRÚAR KL. 13
TÓNLEIKAR TKTK
MYNDIR Á SÝNINGU
ÚR HNOTUBRJÓTNUM
PÉTUR OG ÚLFURINN

MYRKIR MÚSÍKDAGAR
VIKUNA 3. – 10. FEB 08
www.salurinn.is

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
25 jan uppselt
30 jan örfá sæti laus
27 febrúar
28 febrúar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Barna- og unglingaleikhúsið kynnir
söngleikurinn
Öskubuska
Í AUSTURBÆ
Aukasýning vegna fjölda áskoranna
Sunnudaginn 27.jan kl. 16.00
miðaverð kr. 1.900.-
Miðasala í síma 5514700 og á midi.is



Leiklistarskóli Leynileikhússins, skráning á leynileikhusid.is og í s. 8498877

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Vígaguðinn mið 23/1 forsýn. uppselt fös 25/1 frumsýn. uppselt. lau 26/1 uppselt
Ívanov fös. 25/1 örfá sæti laus. lau. 26/1 örfá sæti laus. Takmarkaður sýningafjöldi
Konan áður sun 27/1 örfá sæti laus Leikstjóraspjall að lokinni sýningu
Skilaboðaskjóðan sun. 27/1 kl. 14 & 17 örfá sæti laus
Gott kvöld, barnasýning sun 27/1 kl. 13.30. Fáar sýningar eftir

FOOL FOR LOVE

Gagnrýnendur eru á einu máli:

"verkið er unnið af heiðarleika, alúð og auðmýkt... Til hamingju!"
Þ.E.S. Víðsjá. RÚV

"unnendur góðrar leiklistar láti þessa sýningu ekki fram hjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

"sýning sem gleður, hræðir, skelfir og hrífur... heilsteypt flott listaverk."
E.B. Fréttablaðið

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"
M.R. Morgunblaðið

Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að framlengja sýningar á Fool for Love út febrúar.

Tryggðu þér miða núna!
Miðasala á midi.is
og í síma 551 4700

Sýnt í Silfurtunglinu, Austurbæ.
Næstu sýningar:
fös 25/1 kl. 20, uppselt.
fös 25/1 kl. 22
lau 26/1 kl. 20
fös 1/2 kl 20
fös 1/2 kl 22
fim 7/2 kl 20
lau 9/2 kl 20
fös 15/2 kl 20
lau 16/2 kl 20

Höfundur: Sam Shepard
Leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson
Tónlistarstjóri: KK
Ljósahönnuður: Jón Þorgeir Kristjánsson
Búningahönnuður: Rannveig Eva Karlsd.
Hljóðhönnuður: Sindri Þórarinsson
Leikmyndahönnun: Mekkín Ragnarsd.

Leikarar:
Sveinn Ólafur Gunnarsson, Þóra Karítas, KK og Magnús Guðmundsson.



AUSTURBÆR
PEPSI



## SINNEP

**Atli Ingólfsson**

# *Að hafa efni á vímu*

Það fellur að og fjarar síðan út. Þar á milli getum við ímyndað okkur að vatnsmassinn stoppi eitt augnablik eins og allt sem þarf að snúa við. Ef tíminn er hreyfing mætti segja að tími vatnsins nemi staðar á þessum punkti, á liggjandanum áður en byrjar að fjara. Inni í okkur eru víst lífssveiflur af ýmsu tagi sem sæta einhverjum sjávarföllum, mismiklum og mistíðum. Svo er sálin líka sveiflukennd og nokkuð háð umhverfinu. Þar er flóðið mishátt, en þegar stórstreymt er þá er maðurinn fullur.

1) Þegar menn fyllast sælu er það eins og augnabliksdvöl á öldutoppi áður en hún dalar. Þessu fylgir algleymi einmitt vegna þess að tíminn virðist nema staðar. Þetta heitir líka víma.
2) Að upplifa það að tíminn stöðvist er óviðjafnanlegt. Þá er eins og lífið verði skyndilega lóðrétt og hægt að finna allan mátt þess í einu. Allar spurningar hverfa frammi fyrir yfirþyrmandi sannleika nú-sins. Tímaleysi er auðvitað sigur á dauðanum, en bara um stund.
3) Þess vegna sækjast menn eftir vímu.
4) Það sem magnar mönnum vímu er til dæmis mystísk eða trúarleg upplifun, ást eða erótík, sérstök tengsl við náttúruna, dans eða háttbundin hreyfing, tónlist eða listræn upplifun. Svo er það áfengið og „blessuð“ eiturlyfin.
5) Þetta síðastnefnda er háskalegra en aðrar leiðir að vímunni. Sá sem reiðir sig á annarlegan aflgjafa til að finna vímuna missir smám saman hæfileikann til að komast þangað hjálparlaust. Og ef við verðum með þessari hjálp fyllri en sálin hefur efni á er hætt við að andhverfan, ógleðin, ríði okkur að fullu.
6) Tíminn stöðvast nefnilega líka á lágfjöru og þá hellast angurefnin yfir okkur öll í einu.
7) Það eru innantóm orð að vara menn við vímu. Hins vegar má benda á að lífið býður upp á hana alveg án lyfjameðferðar.
8) Hitt skiptir öllu máli: að næra vímuna, eiga innistæðu fyrir henni. Allt það sem við hugsum, lesum og upplifum hrærist saman og litar þessa litlu kjarnorkusprengingu sem algleymið er. Við getum litið á hversdagslífið sem söfnun í sprengjuna og því ríkara sem andlegt líf okkar er því magnaðri verður víman. Hægt er að lifa í ljósi vímunnar, ekki í skugga hennar.
9) Lífið og listin, þetta eru bestu eiturlyfin.
10) Það hringdi í mig fugl og spurði hvort þetta væri ekki einum of skáldlegt. Jú, líklega, því þetta er einum of satt.



**LÍFIÐ Í FÆREYJUM** Grindardráp eftir Sámal Mikines.

# Meistarar á Kjarvalsstöðum

Tvær athyglisverðar sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á laugardag. Verk eftir samtímamennina Sámal Mikines og Nínu Sæmundsson verða þar undir smásjánni, hvort í sínu sýningarrýminu þó.

Þau Sámal og Nína eiga það sameiginlegt að hafa sótt menntun sína í Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn á fyrri hluta síðustu aldar og að hafa unnið sér sess utan síns heimalands.

Mikines hefur svipaðan sess í færeyskri listasögu og Jóhannes S. Kjarval hefur í þeirri íslensku. Mikines sótti innblástur til verka sinna mikið í náttúru Færeyja og lifnaðarhætti þjóðar sinnar. Sýningin á Kjarvalsstöðum verður fyrsta yfirlitssýning á verkum hans sem haldin er hérlendis og því eflaust margir sem bíða hennar með nokkurri óþreyju. Til sýnis verða um 50 málverk sem spanna um hálfrar aldar tímabil í ferli listamannsins. Mikines átti við ýmsan krankleika að etja á ævi sinni en náði þó að vera afkastamikill. Í tilefni sýningarinnar verður færeyski myndlistarmaðurinn Bárður Jákupsson með leiðsögn um verk Mikines á sunnudag kl. 15.

Nína Sæmundsson var af íslensku bergi brotin og gat sér gott orð vestan hafs fyrir list sína. Hún bjó lengst af erlendis en hélt sínum íslenska ríkisborgararétti til dauðadags. Verk Nínu, Móðurást, hefur fyrir löngu unnið sér sess í borgarlandslagi Reykjavíkur. Verkið var sett upp árið 1928 og var fyrsta listaverk konu sem var sett upp í almenningsrými í höfuðborginni. Árið 2004 færði náinn ættingi Nínu, Ríkey Ríkarðsdóttir, Listasafni Reykjavíkur ellefu höggmyndir eftir Nínu til eignar, en þær eru nú sýndar saman í fyrsta skipti á safninu.

Nína var víðförul en lengst af bjó hún í Bandaríkjunum. Meðal opinberra verka hennar þar má nefna höggmynd fyrir Waldorf Astoria-hótelið í New York en hún var einnig kunn fyrir brjóstmyndir af frægum leikurum í Hollywood.

Sýningarnar verða báðar opnaðar á Kjarvalsstöðum á laugardag kl. 16.

ENNEMM / SÍA / NM31831

ÚTSALA

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

Á kaffihúsinu sem Te & kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 um helgar.

## > STOLT AF HÖRMUNGUM SÍNUM

Lindsay Lohan segist vera stolt af kvikmyndinni I Know Who Killed Me sem hlaut níu tilnefningar til gullna rifsbersins. „Ég vona að samband mitt við leikstjóra myndarinnar verði svipað og samband Martin Scorsese og Leonardo Di Caprio,“ sagði Lohan við The Sun.



# bíó

bio@frettabla-

# Spennandi kapphlaup fram undan

Greint var frá tilnefningunum til Óskarverðlaunanna á mánudaginn og voru þær flestar eftir bókinni. Reyndar kom á óvart hversu margar tilnefningar kvikmynd George Clooney, Michael Clayton, fékk en það sýnir kannski glöggt hversu valdamikill þessi fyrrverandi læknir á Bráðavaktinni er orðinn í draumaverksmiðjunni. Þá eru Bretar kampakátir með niðurstöðuna en kvarta þó sáran yfir því að Keira Knightley skuli ekki vera tilnefnd fyrir leik sinn í Atonement sem fékk sjö tilnefningar. Þá kom nokkuð á óvart að Cate Blanchett skyldi hljóta tvær tilnefningar; eina fyrir I'm Not There. og hina fyrir Elizabeth: The Golden Age. Hins vegar spá flestir því að það verði kvikmyndirnar There Will Be Blood og No Country For Old Men sem berjast munu um stytturnar 24. febrúar. Þeir Paul Thomas Anderson og svo Coen-bræðurnir hafa sankað að sér helstu fagverðlaunum í hinni stóru Ameríku en báðar myndirnar hlutu átta tilnefningar. Á það hefur þó verið bent að mikið sé snobbað fyrir Tjallanum í Hollywood og því gæti Atonement komið skemmtilega á óvart.



**EKKERT Í SINN HLUT** Keira Knightley er ekki tilnefnd en kvikmyndin hennar Atonement fékk hins vegar sjö tilnefningar.



**TILNEFNDUR** Javier Bardem er tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki í No Country for Old Men og er talinn sigurstranglegur.

# Skrímsli Abrams líta dagsins ljós

Kvikmyndarinnar Cloverfield hefur verið með nokkurri eftirværtingu. Enda hefur J.J. Abrams, framleiðandi myndarinnar, sýnt fádæma herkænsku við kynningu á henni. Myndbrot úr henni láku á netið, svo var þeim kippt úr umferð, sem sagt allt gert til að magna upp spennuna. Abrams hefur á örfáum árum breyst í hálfgerðan gullkálf í bandaríska afþreyingariðnaðinum, bæði með sjónvarpsþáttaröðinni Lost og leikstjórn sinni á þriðju Mission: Impossible-myndinni. Jafnframt hyggst Abrams dusta rykið af Star Trek-kvikmyndaseríunni sem væntanlega verður tekin upp hér á Íslandi. Cloverfield segir frá Rob sem er á leiðinni til Japans og hyggst kveðja vini sína og vandamenn með glæsilegu teiti í miðborg New York. Jafnframt hyggst Rob segja frá nokkrum af sínum innstu leyndarmálum. En margt fer á annan veg og kveðjuhófið snýst upp í að fylgjast með beinum útsendingum af jarðskjálftum í næsta nágrenni og viðstaddir fylgjast með eyðileggingunni ofan af húsþaki. Og þar verður þeim ljóst að ekki er um náttúruhamfarir að ræða heldur hafa einhverjar verur hertekið miðborgina.



**HERKÆNSKA** Herbragðið að leka út myndbrotum úr myndinni virðist hafa virkað vel því mikil eftirvænting ríkir fyrir myndinni.



**ÁRÁS** Íbúar New York vakna upp við vondan draum þegar skrímsli ráðast á borgina.








**STÓRLEIKARAR** Aðalleikararnir í The Darjeeling Limited, frá vinstri Adrien Brody, Owen Wilson og Jason Schwartzman. Brody segir í viðtali við Fréttablaðið að hópurinn sem vann að myndinni hafi náð einstaklega vel saman.

# Í lífshættu á Indlandi

**Óskarsverðlaunahafinn Adrien Brody leikur í The Darjeeling Limited í leikstjórn Wes Anderson. Myndin er frumsýnd hér á landi á morgun. Þóra Karitas Árnadóttir ræddi við leikarann í London.**

„Þegar ég fór til Indlands í fyrsta skipti var ég á eigin vegum og ferðaðist með vinum mínum,“ segir leikarinn Adrien Brody. „Þá hafði ég ekki hugmynd um að ég yrði svo heppinn að fá að fara aftur til Indlands að taka upp kvikmynd. Ferðin með félögunum var ævintýraleg en ég held að seinna skiptið hafi jafnvel verið dýrmætara. Þá tengdist ég fegurð landsins betur og kynntist því hvað Indverjar eru vinalegir og opnir.“

Kvikmyndin The Darjeeling Limited fjallar um þrjá bræður sem hafa ekki talast við um árabil en halda saman til Indlands í andlegt ferðalag í leit að sjálfum sér og til að ná sáttum. Auk Adriens Brody leika þeir Jason Schwartsman og Owen Wilson aðalhlutverkin.

„Við náðum mjög vel saman án nokkurrar fyrirhafnar. Jason og Owen eru frábærir strákar og ferðalagið hafði auðvitað mikil áhrif á okkur. Ævintýrið sem á sér stað í kvikmyndinni The Darjeeling Limited er líka raunverulegt ólíkt sumum kvikmyndum þegar leikarinn fær í rauninni ekki að takast á við það ferðalag sem persónan er að ganga í gegnum. Þá lítur út fyrir að karakterinn sé að ganga í gegnum svakalegt ferðalag en hann er kannski bara fastur inni í upptökuveri,“ segir Brody.

The Darjeeling Limited var tekin upp í farþegalest sem ferðast á áætlun um Indland. „Við urðum að gjöra svo vel að mæta á réttum tíma á hverjum morgni svo við misstum ekki af lestinni. Við bjuggum saman í stóru húsi og elduðum saman á kvöldin. Það hjálpaði okkur leikurunum að tengjast hvort öðrum og var frábær skemmtun.“

### Anderson eins og Polanski

*Leikstjórinn sagðist hafa haft þig í huga þegar hann skrifaði handritið en karakterinn sem þú leikur er á flótta undan kærustunni sinni, hræddur við að axla ábyrgð á ófæddum syni og á það til að stela fötum og hlutum frá vinum og fjölskyldu í tíma og ótíma.*

„Já, ég veit einmitt ekki hvort ég á að taka því vel eða illa að Wes hafi haft mig í huga þegar hann skrifaði handritið. Ég sá ekkert líkt með mér og persónunni og hef ekki gengið í gegnum það sem Peter fer í gegnum. Ég er samt búinn að krefjast þess að ég fái að halda beltinu sem Peter stelur í tíma og ótíma og Wes er búinn að lofa mér að verða við því. Það sem var sérkennilegt er að þegar við horfðum á lokaútgáfu kvikmyndarinnar sá ég meira af sjálfum mér á hvíta tjaldinu en ég hef séð áður í nokkurri bíómynd. Það var ekki planað en kannski var það vegna þess að ég hafði meira andrými og tíma til að vera ég sjálfur í Indlandi og í þessum undarlegu aðstæðum sem við bjuggum við. Ég lánaði því Peter margt úr mér við túlkunina. “

*Wes Anderson virðist vera mjög nákvæmur leikstjóri með næmt auga fyrir smáatriðum. Hvernig var upplifun þín af honum?*

„Við héldum okkur bókstaflega við handritið en margir halda að við höfum spunnið upp handritið á staðnum og það segir mikið um leikstjórnarhæfileika Wes og gæðin á handritinu. Þegar leikstjórinn er nákvæmur og veit hvað hann vill getur það bætt mjög miklu við vinnu leikarans. Það er dásamleg gjöf að hafa auga fyrir smáatriðum og Wes Anderson og Roman Polanski hafa báðir þann hæfileika.“

### Með andlitið í afturenda belju

*Er það rétt að þú hafir komist í lífshættu á Indlandi?*

„Oftar en einu sinni,“ svarar Adrien og hlær. „Á aðfangadag unnum við hálfan daginn og svo skipulagði tökuliðið sameiginlega kvöldmátíð utandyra við stóran varðeld. Umhverfið var yfirnáttúrulega fallegt og við vorum flutt þangað í uxakerrum og svo þurftum við að ganga sjö hundruð skref upp á fjallstind til að komast að staðnum þar sem við borðuðum saman jólamatinn. Kærastan mín var í heimsókn og þetta var ógleymanlegt kvöld. Við borðuðum æðislegan mat saman og þarna voru dansarar og menn að spúa eldi. En þegar við ætluðum að fara að koma okkur heim á leið voru uxarnir farnir og í staðinn fannst okkur það góð hugmynd að stökkva aftan á pallbíl. Ég held að ákvörðunin hafi haft eitthvað með Indland að gera. Mér fannst fólkið mjög frjálslegt þar og það hafði frelsandi áhrif á mig. Eins og það búi við færri reglur og minni höft og því ríki ákveðið kæruleysi,“ segir Adrien með bros á vör.

„Svo stóð ég aftan á þessum pallbíl og þetta var mjög rómantísk og falleg stund. Ég stóð þarna og starði djúpt í augun á kærustunni minni þegar við keyrðum allt í einu á rafmagnslínu sem festist undir hálsinum á mér. Ég var í mikilli hættu en bjargaðist sem betur fer. Seinni reynslan var einn daginn þegar við vorum að aka á mótorhjóli á hraðbrautinni munaði minnstu að andlitið á mér hefði endað í afturendanum á belju. Við vorum að taka fram úr og sáum ekki fyrr en það var orðið of seint að það var belja að ganga yfir veginn. Þegar við snarhemluðum var andlitið á mér í sentímetra fjarlægð frá afturendanum á kúnni. Þetta var svona „Police Academy“ atriði en svo fékk ég algjört hláturskast yfir þessu fáránlega atviki.“



JANÚAR
TILBOÐ
NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN JANÚAR
500GB
SPILARI
Frábær margmiðlunarspilari með 720P Upscaling ofl. ofl.
19.900
ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI
10DVD
ÁPRENTANLEGIR
10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða diskar frá Verbatim
890
CANON
iP4500 PRENTARI
Lang vinsælasti og mest seldi prentari á Íslandi
9.990
500GB
HARÐDISKUR
Western Digital SATA2 diskur með 16MB buffer
7.990
FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
LENDIR Á MORGUN
VERÐ FRÁ 29.900
Packard Bell
ME35
• Intel Core 2 Duo T2330
• 3GB DDR2 667MHz minni
• 160GB 5400RPM diskur
• 15.4" Diamond View skjár
• 256MB ATI X1250 skjást.
• Vista Home Premium
79.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

## > ÞAÐ ER HENTUGT...

...að eiga góðan ofnhanska og fáir hanskar eru eins sniðugir og silikon-hanskarnir frá Orka. Þeir þola 300 gráður á Celsíus og eru vatnsheldir svo hægt er að sækja soðið egg beint í bullandi pottinn án þess þurfa að fara á spítala. Hanskarnir eru rifflaðir sem gefa betra grip og þannig í laginu að bæði örv- og rétthentir geta notað þá.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGUR VIKUNNAR: JÓN GUNNAR GEIRDAL, MARKAÐSSTJÓRI SENU

# *Þorramatur móðgun við bragðlaukana*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Sælkeramats mömmu á sunnudögum sem hún eldar fyrir Geirdallana.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Eins og áður segir þá toppar ekkert gourmet-máltíðir hjá móður minni og þá sérstaklega týpískan kjúkling eða katalóníusaltfiskinn.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Þykir þorramatur móðgun við bragðlauka.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Nota helst fersk krydd sem og engifer/hvítlauk/chili, blanda sem er nothæf á nánast allt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Eitthvað létt og orkuríkt, helst góða fiskrétti með öllu tilheyrandi. Annars bjarga harðfiskur og söl oftast málunum.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ávexti, djús, lýsi, kjúkling og oxpytt (sem enginn skilur!).

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Fjölskylduna og árabát með veiðistöng.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Hrikalega góður strútur á Hakkasan í London.





**SÉÐ YFIR VEITINGAHÚSIÐ** Gullfoss er í spænskum anda. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Salt verður Gullfoss

Veitingahúsið Salt hefur verið lagt niður á jarðhæð Radison SAS hótel 1919 í Hafnarstræti. Í staðinn er kominn veitingastaðurinn Gullfoss sem opnaði formlega í síðustu viku. Útliti staðarins hefur verið gjörbreytt. Veitingastaðurinn er nú þar sem barinn var, og öfugt. Það er veitingarmaðurinn Guffi, kenndur við Gaukinn, sem keypti rekstur Gullfoss í nóvember, en Salt var rekið samhliða hótelinu.

Verðlagið er í svipuðum klassa og áður. Bæði fiskur og kjöt er á dagskrá, en Gullfoss er þó í spænskari anda en fyrirrennarinn Salt. Meðal annars er boðið upp á tíu rétta „New style tapas" smakkseðil með úrvali af réttum af matseðli sem valinn er af yfirmatreiðslumanni Gullfoss, Nicolas Vernaud. Smakkseðillinn kostar 6.500 kr. á manninn.

Í setustofu með bar er bæði boðið upp á kaffidrykki, áfengi og eitthvað til að maula með. Þar á meðal er 200 gr „Top floor" borgari með salati og cajun-kartöflum á 1400 kr.

Opnunartími Gullfoss er frá klukkan 12 til 1 virka daga, en til klukkan 2 um helgar.



**GULLFOSSBARINN** Tvöfaldur latté á 380 krónur, kókglasið á 300.

# Góð fiskisúpa í uppáhaldi

**Fiskisúpa er einn af uppáhaldsréttum myndlistarkonunnar Auðar Jörundsdóttur, sem er jafnframt einn af eigendum bókabúðarinnar Útúrdúr við Njálsgötu.**

„Ég elda frekar oft mat og þetta er uppáhaldsmaturinn minn," segir Auður, sem stal uppskriftinni að fiskisúpunni frá pabba sínum. „Það tekur smástund að gera hana. Það fer samt eftir því hvað maður vill hafa hana góða. Maður lætur hana malla lengur eftir því sem meiri metnaður er fyrir hendi," segir hún og telur fjórar til fimm klukkustundir nauðsynlegar ef gæðin eigi að vera í hámarki. „Maður notar töluvert af grænmeti og svo er hægt að ráða því hvaða fisk maður vill hafa, því maður getur notað næstum því hvaða fisk sem er. Þú getur líka notað rækjur og skelfisk, bara eftir því sem þú hefur áhuga á."

### Eldar ekki eftir bókum

Auður segist sjaldan elda beint upp úr bókum og því sé uppskriftin sem hún gefur Fréttablaðinu eingöngu grunnuppskrift sem fólk getur unnið sjálft út frá. „Mér finnst mjög gaman að skoða matreiðslubækur en ég er ekki mjög dugleg að elda eftir þeim. Ég er kannski ekki voða frumleg en mér finnst mjög gaman að elda. Til dæmis finnst mér rosalega gott að borða fisk, enda er hann aðalmálið með þessari súpu."



**AUÐUR OG GUÐMUNDUR** Auður Jörundsdóttir ásamt syni sínum og tónlistarmannsins Benedikts Hermanns Hermannssonar, Guðmundi Ara Benediktssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Engin matreiðsla í Útúrdúr

Engar matreiðslubækur eru seldar í Útúrdúr, heldur aðallega listtengdar bækur. „Búðin gengur mjög vel, ég er rosalega ánægð með það. Nú síðast vorum við með bókaparti fyrir Nýhil vegna bókarinnar sem er að gera allt vitlaust, Islam með afslætti," segir Auður.

### Eldunaraðferð:

Fyrst er kryddið hitað í ólívuolíunni og svo er laukurinn og grænmetið léttsteikt upp úr því. Þegar þetta er búið að malla í smástund þá er soðinu og tómötunum bætt út í og því leyft að malla eins lengi og tími gefst til. Ef maður hefur sérlega góðan tíma er best að búa sitt eigið soð til. Undir lokin er rjómanum, hvítvíninu, fiskinum og rækjunum bætt út í. Gott er að hafa skelfisk með í súpunni.

freyr@frettabladid.is

**Fiskisúpa Auðar:**
- 1 1/2 l vatn
- Fiskikraftur
- Ólífuolía
- Fjögur hvítlauksrif
- Tveir laukar
- Tvær tsk turmerik
- Þrjár tsk rautt karrí
- Lárviðarlauf
- Fjórar gulrætur
- Tvær paprikur
- 400 gr. tómatar í dós
- Hvítvín
- 250 ml rjómi
- 1 kg lúða
- 500 gr. rækjur

# Sítrónur í skammdeginu

Nú er tíminn til að nota sítrónur í flestan mat. Sítrónur eru fullar af C-vítamíni, í einni er 30 prósent af ráðlögðum dagskammti og sítrónan er góð fyrir meltinguna. Svo er bragðið hressandi og gefur ljúffengt eftirbragð. Hægt er að nota sítrónur í flesta rétti, til dæmis í súpur, eftirrétti og kjúklingarétti.

Þegar sítróna er keypt skal velja sítrónu sem er fremur lítil en þung miðað við stærð, glansandi, fallega sítrónugul og með sléttan eða fín-trefjóttan börk. Forðast skal léttar sítrónur, þurrar og rauðleitar, og sítrónur með grófgerðan börk eru komnar á síðasta snúning og farnar að tapa miklu af safa sínum.

Stórar sítrónur eru oft með þykkum berki og farnar að þorna upp.



Ef ætlunin er að nota sítrónubörk í eldamennsku eða til sultugerðar er langbest að velja lífrænt ræktaðar sítrónur. Þegar kreista skal sítrónu yfir salat eða sjávarrétti skal skera ávöxtinn á lengdina. Sítrónusafa skal kreista yfir mat rétt áður en hann er borðaður, annars hverfur C-vítamín innihaldið við matreiðslu. Ferskar og stinnar sítrónur geymast í nokkrar vikur í ísskáp.


Má bjóða þér upp á ljúffengan grænmetisrétt í kvöld?




Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Frosið lambakjöt 20-25% afsl.
559
Frosinn lambabógur 20% afsláttur 559 kr.kg. Merkt verð 699 kr.
879
Frosið lambalæri 20% afsláttur 879 kr.kg, Merkt verð 1098 kr.
299
Frosin lambasvið 25% afsláttur 299 kr.kg. Merkt verð 398 kr.
474
Frosið lambasúpukjöt 1.flokkur 474 kr.kg.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
349
Ferskir kryddaðir kjúkingabitar 30% afsláttur 349 kr.kg. Merkt verð 499 kr.kg. Tilbúið beint í ofninn.
SPELTA
179
Hatting frosin brauð tvær gerðir. 179 kr.
Vanillu ís 2 lítrar
SÚKKULAÐI OG VANILLU
198
Bónus-ÍS 2 ltr. 198 kr.
159
Bónus bollur 320g. Kúmen & fitnes 159 kr.
PRÓTEINBOMBA.
BITAFI
898
Gull bitafiskur 200g aðeins 898 kr.
139
Gæða orkukubbur 600g 139 kr.
298
Þorra-Hrossabjúgu 298 kr/kg.
Heinz organic BAKED BEANZ
79
Lífrænar bakaðar baunir 415g 79 kr.
398
Hákarl í bitum 100g 398 kr.
25% AFSLÁTTUR
1409
Súrmatur frá SS í fötu 1350g 1409 kr.
Egils PILSNER
49
Egils pilsner í dós 500 ml 49 kr.
BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00 til 18.30

> VISSIR ÞÚ?

Faðir leikstjórans Quentins Tarantino, leikarinn og tónlistarmaðurinn Anthony Tarantino, er af ítölsku bergi brotinn. Móðir Quentins er aftur á móti hálfur Íri og hálfur Cherokee-indíáni.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Davíð sá fyrir brotthvarf Dags

„Deginum áður en ég gaf Davíð kristalskúluna sá ég þetta enn betur. Já, Davíð sá fyrir að borgarstjórnin myndi fara frá,“ segir Sirrý Sigfús spákona. Það kom henni ekki á óvart að borgarstjórnarmeirihlutinn undir forystu Dags B. Eggertssonar skyldi falla.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því þegar Sirrý spá, eins og hún er jafnan kölluð, gekk á fund Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Þetta var þegar Davíð hélt upp á sextugsafmæli sitt, einmitt í ráðhúsinu, en við það tækifæri gaf Sirrý Davíð forláta spákristalskúlu í afmælisgjöf. Í þessari kristalskúlu hefur Sirrý séð fyrir atburði en hún er jafnframt einlægur aðdáandi Davíðs Oddssonar. Svo mikill að hún skírði kúlu sína, sem fylgt hefur spákonunni í á annan tug ára, Davíð. Þannig má segja að Davíð hafi séð fyrir brotthvarf Dags. „Sko, ég vissi þetta alltaf, eða upp úr áramótum, en kíkti betur í kúluna rétt áður en ég kyssti hana að skilnaði. Og þá var þetta alveg greinilegt.“

Aðspurð segir Sirrý reyndar að það megi vera að kristalskúlan sé hlutdræg. Það kæmi henni ekki á óvart. „Kristalskúlur eru jákvætt vopn.“ Verandi sammála Davíð Oddssyni í einu og öllu var Dagur ekki Sirrý að skapi. Hún segir borgarstjórnina sem nú er að hverfa frá ekki hafa gert neitt. Varðandi hinn splunkunýja borgarstjórnarmeirihluta segist Sirrý ekki vera búin að tékka á honum né Ólafi F. Magnússyni neitt sérstaklega. Ennþá. - jbg



SIRRÝ SPÁ Með „Davíð“ áður en Davíð fékk kúluna en þar mátti sjá fyrir vendingar í borgarstjórn.

# Laddi fékk „Dirty-weekend“

Þórhallur Sigurðsson stefnir á að ná yfir eitt hundrað sýningum af Ladda 6-Tugum í Borgarleikhúsinu. „Það væri gaman ef þetta myndi teygjast fram að páskum. Fyrst maður er kominn þetta langt væri gaman að ná hundrað sýningum. Maður reynir að halda áfram á meðan fólk vill koma og ef ég fæ einhverja daga í Borgarleikhúsinu. Það er dálítill vandi að hliðra þar til því það bjóst enginn við þessu,“ segir Laddi.

Hann hélt upp á 61 árs afmæli sitt á 83. sýningunni á sunnudag og er því ekki lengur sextugur eins og nafn sýningarinnar gefur til kynna. „Núna er það bara sextíu plús,“ segir hann í léttum dúr. Þrír leynigestir voru á sýningunni, þau Edda Björgvinsdóttir og Júlíus Brjánsson, sem rifjuðu upp gamla takta úr þáttunum Heilsubælið í Gerfahverfi, og Karl Ágúst Úlfsson, sem lék bóndann Eyjólf. „Það var mjög skemmtilegt að fá þau í heimsókn og það gerði góða lukku,“ segir Laddi, sem fékk einnig afhent gjafabréf á Hilton-hótelið frá Borgarleikhúsinu, Senu og meðleikendum sínum.



MEÐ LEYNIGESTUM Laddi ásamt leynigestunum Karli Ágústi Úlfssyni, Júlíusi Brjánssyni og Eddu Björgvinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Var haft á orði meðal viðstaddra að Laddi gæti boðið konu sinni á „Dirty-weekend“ á Hilton-hótelinu.

Hann segist snortinn yfir vinsældum sýningarinnar. „Þetta er eiginlega sjötíu og níu sýningum meira en ég bjóst við,“ segir hann og er einnig í skýjunum yfir góðu gengi tveggja safnplatna sinna. „Maður má varla verða sextugur, þá verður allt vitlaust.“

Spurður hvort hann sé ekki orðinn forríkur á Ladda 6-Tugum segir hann: „Ég er ríkur af ánægju og að sjá hvað ég á marga vini og velgjörðarmenn. Það eru allir búnir að fá sæmilegt fyrir þessa vertíð enda eru þeir búnir að leggja rosalega mikið á sig.“ - fb

ALGER
BOMBA
70-90%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
VERÐDÆMI:
BOLIR 300 - 1.500
ÚLPUR 1.500 - 2.000
GALLABUXUR 1.500 - 2.000
TOPSHOP
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

# Gísli Marteinn gestadómari í Eurovision

**Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn verður gestadómari í Laugardagslögunum. Gísli Einarsson segir nafna sinn vera sérfræðing á þessu sviði.**



GÍSLI MARTEINN „Júrónörd par excellence“ að sögn nafna síns.

„Ég á von á Gísla Marteini funheitum og grimmum, að hann komi skeleggur til leiks eftir að hafa verið að róta í skítnum í borgarmálunum. Án þess að við ætlum að blanda borgarmálum í Laugardagslögin – þar rækur grasrótin. Þar vélar þjóðin um,“ segir Gísli Einarsson, annar stjórnenda Laugardagslaganna í Sjónvarpinu.

Áfram halda menn ótrauðir við að finna framlag Íslendinga í Eurovision í Laugardagslögunum. Og næsti gestadómari er Gísli Marteinn Baldursson sem Gísli segir: „Júrónörd par excellence – hefur fylgst með keppninni frá örófi alda. Hann telst sérfræðingur þó ekki sé hann tónlistarmaður. Svo er bara aldrei of mikið af Gísla.“ Gísli Marteinn fylgir í fótspor Eyfa og Halla í Botnleðju sem sérlegur gestadómari.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Gísla Einarssyni var hann staddur í Noregi, nýkominn úr norsku fjósi. Aðspurður segir hann fjósalyktina alltaf jafn góða en íslensk fjósalykt sé þó ferskari en sú norska.

Af þeim 47 þjóðum sem leita nú eftir sínu framlagi til keppninnar teygir enginn lopann líkt og sú íslenska. Eins og fram kemur hér að neðan. Gísli kvartar ekki. Segist njóta þeirra einstöku forréttinda að verja 19 kvöldum með Ragnhildi Steinunni. „Svo hefur reynslan kennt okkur að við þurfum öðrum fremur að vanda til valsins. Þetta verður vonandi til að gulltryggja að við veljum hárrétta lagið.“

Svo er skemmtanagildið ótvírætt að mati Gísla. Hann segir alla fylgjast með hvort sem þeir viðurkenni það eður ei.

jakob@frettabladid.is



GÍSLI EINARSSON Það að lopinn sé teygður verður vonandi til þess að hárrétt framlag finnst.

# Íslendingar teygja lopann mest allra

Íslenska ríkissjónvarpið teygir lopann mest allra sjónvarpsstöðva í Evrópu við val Eurovision-lagsins í ár.

Frá því að keppnin hófst 6. október og þar til henni lýkur 23. febrúar hafa sautján þættir farið í að velja eitt lag úr 33 laga potti – nítján þættir séu tveir upprifjunarþættir taldir með.

Nú stendur yfir undanúrslitakeppni þar sem tólf laga pottur verður skorinn niður í átta laga pott. Þessi átta keppa svo í lokaþættinum 23. febrúar. Þá kemur loksins í ljós tæpum fimm mánuðum eftir að keppnin hófst hvaða lag er íslenska Eurovision-lagið í ár.

Í ár senda 43 þjóðir lög í keppnina sem fer fram í Serbíu í maí. Aðeins Búlgaría kemst með tærnar að hælum RÚV í langlokugerð. Búlgarar taka fjórtán þætti í að velja sitt lag. Flestar þjóðir teygja lopann mun minna en RÚV. Danska ríkissjónvarpið er til dæmis bara með fjórar sjónvarpsútsendingar til að velja sitt lag úr sextán laga potti. Þar greiða áhorfendur atkvæði með því að senda sms-skilaboð og kostar atkvæðagreiðslan eina krónu danska. Á Íslandi kostar hvert atkvæði 99,90 kr.


NÝTT HJÁ AGLI ÁRNASYNI
Egill Árnason hf
PERGO PARKET
30% afsláttur
AF ÖLLUM TEGUNDUM Á LAGER
STÓRÚTSALA
Allt að 70% afsláttur
PAKKATILBOÐ!
VEGGHENGT WC, SETA, LOK OG INNBYGGÐUR WC KASSI
kr. 29.675
CLEVER HANDLAUGATÆKI HÁTT
Kr. 6.952
ÁN LYFTITAPPA
ALAPE HANDLAUGAR
ALLT AÐ
40% afsláttur
BAÐDEILD
20% afsláttur
AF ÖLLU SEM EKKI ER Á ÚTSÖLU
PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR
20-40% afsláttur
FLÍSAR ALLT AÐ
70% afsláttur
KÄHRS PARKET
ALLAR GERÐIR
15-25% afsláttur
LAGERHURÐIR
25% afsláttur
Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 | Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 0590
www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16










**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| THE MIST | kl. 8 - 10.40 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |
| ATONEMENT FORSÝNING | kl. 8 | |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 5.30 | |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 6 | 10 |

**FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR - ATH: SÍÐASTI SÝNINGARDAGUR**

| | | |
|---|---|---|
| PERSEPOLIS kl. 6 | TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 6 - 10.20 | HELVÍTI kl. 10.40 |
| MOLIERE kl. 8 | | |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 5:50 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER Síð. sýn | kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8:20 - 10:20 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 | 14 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 8 - 10:20 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 8 - 10 | L |
| NATIONAL TREASURE | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:20 | 16 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:10 | 12 |







**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE MIST | kl. 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 6 | L |








**KOM ÖLLUM Í OPNA SKJÖLDU** Fréttir af andláti **Heaths Ledger** kom eins og köld vatnsgusa framan í kvikmyndaheiminn. Leikarinn skildi við leikkonuna **Michelle Williams** og hellti sér í kjölfarið ofan í vinnu sína. **Foreldrar leikarans** og fjölskylda telja af og frá að hann hafi svipt sig lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# ANDLÁT LEDGERS TALIÐ SLYS

**Ástralski leikarinn Heath Ledger fannst látinn í íbúð sinni á Manhattan á mánudagsmorgun. Talið er að andlát hans tengist einhvers konar ofneyslu á svefnlyfjum. Fjölskylda Ledgers vísar því á bug að hann hafi svipt sig lífi.**

Í yfirlýsingu sem fjölskylda Ledgers sendi frá sér kom fram að lögreglan rannsaki andlát hans ekki sem glæp og að yfirvöld hafi tjáð þeim að þetta gæti verið slys. Hún hafnar þeim kenningum að Ledger hafi svipt sig lífi. „Við viljum gjarnan koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa tjáð samhug sinn á þessum erfiðu tímum," segir í yfirlýsingunni sem var birt í fjölmiðlum í gær. Töluvert magn af pillum fannst í kringum leikarann þar sem hann lá á gólfi íbúðar sinnar við Broome-stræti í Soho-hverfinu. Töluverður fjöldi aðdáenda og fjölmiðla safnaðist saman fyrir utan íbúðina eftir að andlátið kvisaðist út.

Ledger gætti þess sérstaklega vel að halda einkalífi sínu fyrir utan kastljós fjölmiðlanna. Breska blaðið The Sun greindi hins vegar frá því að vinir hans hefðu þó haft áhyggjur af líferni leikarans eftir að hann skildi við leikkonuna Michelle Williams en þau áttu saman tveggja ára dóttur. Ledger hafði sjálfur sagst hafa átt erfitt með svefn vegna leiks síns í Batman-myndinni The Dark Knight en þar fer Ledger með hlutverk Jókersins. „Ég yfirkeyrði mig og í síðustu viku svaf ég bara tvo tíma á dag," á Ledger að hafa sagt við sálfræðinginn sinn.

Fjölmargir leikarar tjáðu sig um fráfall Ledgers og meðal þeirra var Mel Gibson sem uppgötvaði Ástralann fyrir kvikmyndina The Patriot þegar hann var einungis nítján ára. „Ég er mjög hryggur yfir þessum fréttum, hann var virkilega að ná ferli sínum á flug," sagði Gibson við fjölmiðla. „Ég dáði hann, þetta er mikill missir," lýsti John Travolta yfir og ástralski forsætisráðherrann Kevin Rudd vottaði fjölskyldu Ledgers virðingu sína. „Þetta eru sorgleg tíðindi sem mér hefur borist til eyrna. Ástralía hefur misst einn af sínum fremstu listamönnum."

## HEIMSYFIRRÁÐIN BLÖSTU VIÐ

Ferill **Heaths Ledger** var í mikilli uppsveiflu eftir stórleik hans sem Ennis Del Mar í kvikmyndinni Brokeback Mountain en þar lék hann samkynhneigðan smala á móti **Jake Gyllenhaal**. Ledger hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína en mátti sjá eftir Óskarsverðlaununum í hendur Philips Seymor Hoffman. Ledger var nýbúinn að ljúka við að leika Jókerinn í nýjustu Batman-myndinni, The Dark Knight, og var að fara að hefja tökur á kvikmynd **Terry Gilliam**, The Imaginarium of Doctor Parnassus, þegar fréttir af andláti hans bárust. Ledger birtist fyrst af alvöru á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni The Patriot. Í kjölfarið kom síðan Knight's Tale og loks Monster's Ball þar sem Ledger lék ungan mann í sjálfsvígshugleiðingum.
En stóra tækifærið kom frá **Ang Lee** þegar hann réð Ledger til að leika homma á Brokeback-fjallinu. Ledger hlaut mikið lof fyrir leik sinn og ætlaði að fylgja því rækilega eftir með Jókernum. Jafnvel leikstjórinn **Chris Nolan** og þeir sem höfðu séð Ledger í hlutverki geðsjúklingsins töldu að hann myndi skáka sjálfum **Jack Nicholson**.











**VALLI DORDINGULL** Sigvaldi Ástríðarson, eða Valli dordingull, stjórnar Hrynjanda ásamt Agli Geirssyni.

# Sameinast í einn þátt

Þungarokksþættirnir Dordingull.com og Babýlon á X-inu 977 hafa verið sameinaðir í einn þátt sem nefnist Hrynjandi. Þáttastjórnendur verða þeir Egill Geirsson og Sigvaldi Ástríðarson.

Meginefni þáttarins verður þungt rokk, hvort sem um er að ræða pönk, svartmálm eða allt þar á milli. Hrynjandi verður þriggja tíma langur og verður honum skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum sér Sigvaldi um lagavalið, í öðrum hlutanum sameina þeir krafta sína og í þeim þriðja tekur Egill við stjórnartaumunum. Þátturinn verður á dagskrá á sunnudagskvöldum frá kl. 19 til 22.



**ÖKUTÍMAR** Lay Low flytur alla tónlistina í leikritinu Ökutímar.

# Ökutímar frá Lay Low

**Plata með lögum úr leikritinu Ökutímar er komin út. Lay Low samdi fimm ný lög fyrir sýninguna ásamt því að leita í smiðju bandarísku sveitasöngkonunnar Dolly Parton. Flytur Lay Low átta lög eftir Parton í sýningunni með sínu nefi.**

**Ökutímar hafa verið sýndir fyrir fullu húsi hjá Leikfélagi Akureyrar síðan í byrjun nóvember og hefur verkið vakið mikla athygli. Hefur lagið Saman eftir Lay Low jafnframt hljómað ótt og títt í útvarpinu síðustu vikur. Allur ágóði Lay Low af sölu plötunnar rennur til Aflsins á Akureyri sem eru systrasamtök Stígamóta.**

# Hiphop á Organ í kvöld

Það verður sannkölluð rappveisla á skemmtistaðnum Organ í kvöld. Þá koma fram rappsveitin 1985! með Dóra DNA og Danna Deluxe, rapparinn Poetrix og Original Melody. Um er að ræða sjötta Uppsveiflukvöldið sem tímaritið Mónitor stendur fyrir.

Fremur rólegt hefur verið yfir íslensku hiphop-senunni undanfarið en þessir tónleikar þykja til marks um að blómlegri tímar séu í vændum. Ókeypis er inn á tónleikana í kvöld en húsið verður opnað klukkan 21.



**DÓRI DNA** Fer fyrir 1985! á Organ í kvöld.

# Slim-Fast vill Slim-Shady

Slim-Fast hefur boðið rapparanum Eminem að vera „andlit“ fyrir megrunarvörur sínar. Rapparinn hefur blásið út að undanförnu og þurfti nýlega að leggjast inn á spítala í Detroit með hjartakvilla samfara offitu. Eminem, sem gekk undir sviðsnafninu Slim-Shady, ku kominn yfir 100 kílóin, sem er ágætt miðað við að hann er ekki nema 1,73 metrar á hæð.

„Vörur okkar myndu svínvirka fyrir Eminem,“ segir talsmaður Slim-Fast, „og við bjóðum honum alla þá aðstoð sem hann vill.“

„Hann er kominn með undirhöku, bumbu og lafandi brjóst,“ er haft eftir nánum heimildarmanni. „Eminem býr í hálfgerðri einangrun og felur sig fyrir fjölmiðlum.“

Eminem hefur ekki svarað tilboðinu frá Slim-fast og mun kannski bara rappa sig aftur í form. Plötufyrirtækið segir þó enga nýja plötu á leiðinni.



**EMNIEM** Hefur blásið út undanfarið.

# Svalasta kvennaband Rússa kemur

Vetrarhátíð í Reykjavík verður haldin í sjöunda skipti 7. til 9. febrúar. Ýmsir upplífgandi menningarviðburðir verða á dagskrá, m.a. ljósaganga, tangómaraþon og ljóðaslamm. Hátíðinni verður slitið á Nasa þegar rússneska kvennabandið Iva Nova treður upp. Sveitin var stofnuð í Sankti Pétursborg árið 2002 og hefur þróað sinn stíl síðan. Þær blanda saman rússneskri þjóðlagahefð og pönki, polka og öllum fjáranum. Þetta eru fimm stelpur sem hafa verið kallaðar „rússnesku Pogues“ og Rolling stone-tímaritið segir bandið „svalasta kvennaband Rússa“. Einnig er sitthvað líkt með Iva Nova og Risaeðlunni íslensku. Stelpurnar í Iva Nova þykja ægihressar á sviði og tónlistin er hröð og skemmtileg svo gestir eru hvattir til að mæta á dansskónum.



**HRESSIR RÚSSAR** Stuðbandið Iva Nova spilar á Nasa.




## > Vinnur KR fyrsta leikinn með Sola?

Íslandsmeistarar KR-inga eiga á hættu að tapa sínum þriðja leik í röð þegar þeir sækja Snæfell heim í Stykkishólm í Iceland Express-deild karla. KR tapaði 76-87 á heimavelli fyrir Grindavík í síðasta deildarleik og datt síðan út úr bikarnum eftir 106-90 tap í Njarðvík fyrir ellefu dögum, en þetta eru einmitt tveir fyrstu leikirnir síðan að Jeremiah Sola kom til liðsins. Snæfell hefur unnið Njarðvík og Keflavík í Hólminum í þessum mánuði og eru því erfiðir heim að sækja. Fjórir aðrir leikir fara einnig fram í kvöld, Skallagrímur-Tindastóll, Fjölnir-Hamar, ÍR-Njarðvík og Þór Akureyri-Keflavík. Allir leikirnir hefjast klukkan



**sport**

sport@frettabladid.is

ARON EINAR GUNNARSSON, AZ ALKMAAR: YNGSTUR Í 30 MANNA LANDSLIÐSHÓPI ÓLAFS JÓHANNESSONAR

# *Ég bjóst alls ekki við kallinu svona snemma*



Aron Einar Gunnarsson, leikmaður hollenska liðsins AZ Alkmaar, er einn af sex nýliðum í A-landsliðshópi Ólafs Jóhannessonar fyrir æfingamót á Möltu 2.-6. febrúar. Aron Einar, sem verður nítján ára í lok apríl, hefur leikið með U-21 árs landsliði Íslands og verður af þeim sökum einungis með í fyrsta leik æfingamótsins á Möltu gegn Hvíta-Rússlandi þar sem U-21 árs landsliðið mætir Kýpur 6. febrúar í riðlakeppni fyrir EM 2009.

„Ég bjóst alls ekki við kallinu í A-landsliðshópinn svona snemma, en það er mjög gaman að þessu og ég stefni á að nýta mér þetta tækifæri og verð pottþétt reynslunni ríkari fyrir vikið. Eftir leikinn gegn Hvít-Rússum fer ég svo með U-21 árs liðinu til Kýpur og það er líka spennandi verkefni," sagði Aron Einar, sem gekk til liðs við AZ Alkmaar frá Þór Akureyri sumarið 2006.

„Það hjálpaði mér mikið að Grétar Rafn Steinsson var fyrir hjá liðinu þegar ég kom fyrst út og hann studdi mjög vel við bakið á mér og reyndist mér manna best utan vallar. Inni á vellinum átti ég í smá erfiðleikum til að byrja með enda mjög ólíkur fótbolti spilaður í Hollandi. Ég byrjaði í unglingaliðinu, þar sem leikmennirnir eru mjög tæknilega góðir og með góðar sendingar. Ég lagði því mjög hart að mér að bæta mig í þeim þáttum og var oft á tíðum síðasti maðurinn út af æfingavellinum. Það er því óhætt að segja að ég sé búinn að bæta mig 100% hvað varðar tækni og sendingar síðan ég kom út. Mér hefur gengið vel með varaliðinu og hef fengið að æfa með aðalliðinu upp á síðkastið," sagði Aron Einar, sem vonast til að taka næsta skref fljótlega.

„AZ Alkmaar hefur gengið herfilega í deildinni upp á síðkastið og ég bíð því spenntur eftir að fá hugsanlega tækifæri með aðalliðinu á næstunni, en annars er ég alveg rólegur og einbeiti mér bara að því að æfa vel og vera tilbúinn að grípa tækifærið þegar það gefst," sagði Aron Einar að lokum.



**ÖFLUGUR** Björgvin hefur staðið sig vel með Fram í N1-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björgvin Páll Gústavsson:

## Ekki á leið til Grosswallstadt

**HANDBOLTI** Sögusagnir þess efnis að handboltamarkvörðurinn snjalli Björgvin Páll Gústavsson væri við það að ganga í raðir þýska liðsins Grosswallstadt hafa verið á kreiki upp á síðkastið, en Björgvin Páll kvað lítið til í sögusögnunum í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég fór til reynslu hjá liðinu fyrir dálitlu síðan en það dæmi virðist vera dottið upp fyrir," sagði Björgvin Páll, sem hefur staðið sig vel með Fram í N1-deildinni í vetur og varið 14,7 skot að meðaltali í leik.

„Markmiðið hjá mér er að standa mig vel hjá Fram og framhaldið kemur svo í ljós," sagði Björgvin Páll að lokum. - óþ

# Nýi járnmaðurinn í landsliðinu

**Guðjón Valur Sigurðsson lék sinn 61. leik Íslands í röð á stórmótum þegar íslenska landsliðið tapaði fyrir Þjóðverjum í fyrsta leik milliriðilsins. Hann bætti með því met Ólafs Stefánssonar frá árinu 2006.**

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson afhenti Ólafi Stefánssyni aftur fyrirliðabandið þegar Ólafur sneri aftur í leikinn á móti Þjóðverjum en tók hins vegar af honum metið yfir flesta leiki spilaða í röð með íslenska landsliðinu á stórmótum. Guðjón Valur lék þar sinn 61. leik í röð og er því orðinn nýi járnmaðurinn í landsliðinu. Guðjón Valur bætti metið síðan enn frekar gegn Ungverjum í gærkvöldi.

Guðjón Valur hefur leikið alla leiki íslenska landsliðsins frá því að hann var fyrst á skýrslu gegn Rússum 23. janúar 2000 á EM í Króatíu. Mikilvægi Guðjóns Vals hefur aukist með hverju stórmótinu og á undanförnum átta stórmótum hefur það þótt til stórfrétta ef Guðjón Valur hefur sest á bekkinn enda hefur hann nánast spilað hverja einustu mínútu.

Guðjón Valur hefur verið fyrirliði í fjórum þessara leikja, en það eru þeir leikir sem Ólafur Stefánsson hefur misst af á síðustu stórmótum landsliðsins. Ólafur missti af tveimur leikjum á EM 2006 í Sviss og það endurtók sig á EM í Noregi. Í báðum tilfellum missti hann af tveimur síðustu leikjum liðsins í riðlakeppninni eftir að hafa meiðst í fyrsta leik.

Guðjón Valur lék sinn fyrsta leik á stórmóti á EM í Króatíu árið 2000. Hann var þá leikmaður KA á Akureyri og hafði verið valinn í EM-hópinn en setið uppi í stúku í fyrstu tveimur leikjunum. Guðjón Valur kom inn í hópinn í þriðja leiknum á móti Rússum og fékk að spreyta sig síðustu átta mínúturnar þegar hann leysti Gústaf Bjarnason að hólmi. Guðjón Valur sló síðan í gegn þegar hann átti frábæra innkomu í leik gegn Slóveníu og nýtti þá 5 af 6 skotum sínum en hann skoraði síðan 2 mörk úr 3 skotum í lokaleiknum þegar Ísland vann Úkraínu í leiknum um 11. sætið á mótinu.

Guðjón Valur hefur síðan fengið stærra og stærra hlutverk innan íslenska liðsins. Hann varð sjötti markahæsti leikmaður liðsins á HM í Frakklandi 2001, fimmti markahæstur á EM í Svíþjóð 2002 og varð annar markahæstur á HM í Portúgal 2003, EM í Slóveníu 20004 og Ólympíuleikunum í Aþenu 2004. Guðjón Valur hefur síðan verið markahæsti leikmaður liðsins á síðustu tveimur HM-keppnum (Túnis 2005 og Þýskalandi 2007), varð annar markahæstur á EM 2006 (skoraði flest mörk utan af velli) og er nú markahæsti leikmaður íslenska liðsins á EM í Noregi. ooj@frettabladid.is



**GÓÐUR Í METLEIKNUM** Guðjón Valur Sigurðsson lék vel gegn Þjóðverjum en það dugði þó ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### FLESTIR LEIKIR Í RÖÐ Á STÓRMÓTUM:

| | | |
|---|---|---|
| 62 | Guðjón Valur Sigurðsson | 2000- |
| 60 | Ólafur Stefánsson | 1995-2006 |
| 50 | Guðmundur Hrafnkelss. | 1995-2004 |
| 44 | Geir Sveinsson | 1986-1997 |
| 35 | Patrekur Jóhannesson | 1995-2002 |

Sextán milljónir veittar úr Afreks- og styrktarsjóði í gær:

# Ragna best í Reykjavík

**ÍÞRÓTTIR** Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir var í gær kjörin Íþróttamaður Reykjavíkur en þetta var í 29. sinn sem Íþróttamaður Reykjavíkur er kjörinn.

Við sama tilefni veitti Reykjavíkurborg 16 milljónir og 250 þúsund krónur úr Afreks- og styrktarsjóði Reykjavíkur. Það eru borgarsjóður Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalag Reykjavíkur sem standa að Afreks- og styrktarsjóði Reykjavíkur. Að þessu sinni var mikil hækkun á úthlutun úr þessum sjóði en hún hækkaði um rúm 43 prósent, eða úr 11.350.000 árið 2006 í 16.250.000 fyrir árið 2007.

Alls 46 einstaklingar, íþróttafélög og deildir afhenda styrki úr Afreks- og styrktarsjóði Reykjavíkur á bilinu 150.000 til 1.250.000 króna. Valsmenn fengu sem dæmi 3 milljónir og 750 þúsund krónur fyrir Íslandsmeistaratitla félagsins í knattspyrnu karla, knattspyrnu kvenna og í handbolta karla.

Ragna fékk til varðveislu farandbikar sem gefinn er af Reykjavíkurborg og eignarbikar ásamt 150.000 kr. styrk frá ÍBR af þessu tilefni. Auk hennar fengu tíu íþróttamenn sérstaka viðurkenningu og hlaut hver þeirra styrk að upphæð kr. 50.000. Þau eru Ásgeir Sigurgeirsson (skotíþróttamaður), Einar Sverrir Sigurðsson (vélhjólamaður), Guðmundur Stephensen (borðtennismaður), Haraldur Heimisson (kylfingur), Jakob Jóhann Sveinsson (sundmaður), Margrét Lára Viðarsdóttir (knattspyrnukona), Ragnheiður Ragnarsdóttir (sundkona), Sveinn Elías Elíasson (frjálsíþróttamaður) og Þormóður Árni Jónsson (júdómaður). - óój



**MEÐ BIKARINN** Ragna Ingólfsdóttir átti frábært ár í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Adebayor talinn hafa skallað Bendtner í fyrrakvöld:

# Ósætti hjá Arsenal

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið leitaði í gær til sjónvarpsstöðvarinnar Sky Sports um upptökur frá leik Tottenham og Arsenal í undanúrslitum deildarbikarsins á White Hart Lane í fyrrakvöld. Ástæðan er atvik sem átti sér stað á milli framherja Arsenal, Nicklas Bendtner og Emmanuel Adebayor, sem fór framhjá dómara leiksins.

Tottenham kom á óvart í leiknum og slátraði nágrönnum sínum frá Norður-Lundúnum 5-1. Eitthvað virðist mótlætið hafa farið illa í liðsmenn Arsenal því á lokamínútum leiksins þegar sigur Tottenham var í höfn virtist Emmanuel Adebayor skalla samherja sinn Nicklas Bendtner þannig að blæddi úr nefinu á honum, en atvikið fór framhjá Howard Webb, dómara leiksins. William Gallas, fyrirliði Arsenal, var fyrstur til að skerast í leikinn og reyndi að róa Danann Bendtner, sem virtist vera afar reiður með framgöngu Adebayors.

„Þeir vita það best sjálfir að þeir gerðu mistök og þurfa að svara fyrir þau sjálfir. Við verðum að læra af þessu sem lið og reyna að halda ró okkar þegar á móti blæs," sagði Gallas í viðtali eftir leik. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vildi ekki tjá sig um atvikið þar sem hann kvaðst ekki hafa orðið vitni að því.

Enska knattspyrnusambandið mun bera upptökurnar af atvikinu undir Howard Webb, sem mun ákvarða hvort frekar verði aðhafst í málinu og leikmennirnir kærðir. Skemmst er að minnast atviks árið 2005 þegar Lee Bowyer og Kieron Dyer, þáverandi samherjar hjá Newcastle og núverandi samherjar hjá West Ham, slógust í leik gegn Aston Villa og fengu báðir að líta rauða spjaldið fyrir vikið. Eftir leikinn var Bowyer gerður að sökudólgi fyrir slagsmálin og fékk fjögurra leikja bann og sekt en þriggja leikja bann Dyer var einnig látið standa. Bowyer og Dyer „sættust" fyrir framan sjónvarpsmyndavélar tveimur dögum seinna. - óþ



**HEITT Í KOLUNUM** Nicklas Bendtner horfir illum augum á Emmanuel Adebayor sem talinn er hafa skallað samherja sinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þjálfaranámskeið ÍSÍ vor 2008
Helgarnámskeið 1. stigs og 5 kennslustunda námskeið 2. stigs í feb. og mars í Rvk og á Akureyri. Fjarnám 1. stigs hefst 11. feb. Skyndihjálparnámskeið í Rvk og á Akureyri. Allar frekari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is. Skráning á namskeid@isi.is
Sjá nánar á www.isi.is




## Reynsluaktu Mazda2 í dag

# Finndu anda og kraft Mazda2

Vertu sportlegri. Neitaðu að gleyma leikgleðinni.
Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Segðu zoom zoom.
Vertu Mazda í dag. Komdu í Brimborg í dag.

**Nýr og endurhannaður Mazda2**

Gott verð á
Mazda2 Advance:
1,3i 86 hö 5 dyra beinskiptur
kr. 1.690.000*

- **Betri aksturseiginleikar**
- **100 kg léttari**
- **Miklu minni eyðsla**
- **Miklu minni mengun**
- **Meiri öryggisbúnaður**
- **Meiri rekstrarhagkvæmni**

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

Mazda2 hefur 5 stjörnur
úr öryggisprófun Euro NCAP

visthæf skref
með Brimborg

Léttur og lipur Mazda2
eyðir aðeins 5,4 l/100 km og
losar aðeins 129 g/km af CO2

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Evrópumótið í handbolta:*

**Milliriðill I.**

| | |
|---|---|
| Króatía-Svartfjallaland | 34-26 |
| Pólland-Danmörk | 26-36 |
| Slóvenía-Noregur | 33-29 |

**Stigin:** Danmörk 6 stig, Króatía 6, Noregur 5, Slóvenía 4, Pólland 3, Svartfjallaland 0.

**Milliriðill II.**

| | |
|---|---|
| Spánn-Svíþjóð | 26-27 |
| Þýskaland-Frakkland | 23-26 |
| Ísland-Ungverjaland | 36-28 |

**Mörk Íslands (skot):** Snorri Steinn Guðjónsson 11/1 (15/2), Guðjón Valur Sigurðsson 6/2 (11/2), Róbert Gunnarsson 5 (7), Ólafur Stefánsson 5/1 (11/2), Alexander Petersson 4 (7), Hannes Jón Jónsson 2 (2), Logi Geirsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (1).
**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 18/1 (37/6), 49%, 49 mínútur. Birkir Ívar Guðmundsson 1 (10/2) 10%, 11 mínútur.
**Skotnýting:** 63% skorað úr 36 af 57 skotum.
**Vítanýting:** 67% skorað úr 4 af 6 skotum.
**Fiskuð víti:** 6 (Ólafur 3, Sigfús 1, Guðjón Valur 1 og Róbert 1.
**Hraðaupphlaup:** 8 (Snorri Steinn 3, Guðjón Valur 2, Róbert 2 og Alexander 1).
**Utan vallar:** 8 mínútur (Sverre 2, Sigfús 1 og Vignir 1).
**Mörk Ungverjalands (skot):** Tamás Mocsai 6 (10), László Nagy 5 (11), Balázs Laluska 4 (6), Tamás Iváncsik 3 (4), Gergö Ivánsik 2 (3), Gábor Császár 2 (4), Fernc Ilyés 2 (6), Szabolcs Zubai 1 (1), Szabolcs Törö 1 (2), Nikola Eklemovics 1 (3), Gyula Gál 1 (4).
**Varin skot:** Nenad Puljezevic 11 (36/3), 31 %. Nandor Fazekas 6 (17/3), 35%.
**Fiskuð víti:** 4.
**Hraðaupphlaup:** 5.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frakkland** | **4** | **4** | **0** | **0** | **+17** | **8** |
| Svíþjóð | 4 | 2 | 1 | 1 | +2 | 5 |
| **Þýskaland** | **4** | **2** | **0** | **2** | **+1** | **4** |
| Ungverjaland | 4 | 1 | 1 | 2 | -5 | 3 |
| **Spánn** | **4** | **1** | **0** | **3** | **-1** | **2** |
| Ísland | 4 | 1 | 0 | 3 | -14 | 2 |

*Iceland Express-deild kvk:*

Keflavík-Grindavík 95-72 (43-44)
**Stig Keflavíkur:** Takesha Watson 28 (12 stoðs., 6 stolnir), Susanne Biemer 21, Margrét Kara Sturludóttir 19 (15 frák., 5 varin), Pálína Gunnlaugsdóttir 11 (8 frák.), Birna Valgarðsdóttir 10, Rannveig Randversdóttir 6.
**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 28 (16 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 12 (7 stoðs.), Jovana Lilja Stefánsdóttir 11 (6 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 11, Íris Sverrisdóttir 4, Ólöf Helga Pálsdóttir 3, Joanna Skiba 3.
Fjölnir-KR 58-68

*Enski deildarbikarinn:*

Everton-Chelsea 0-1
0-1 Joe Cole (69.). Chelsea vann samanlagt 3-1 og mætir Tottenham í úrslitaleik deildarbikarsins.



**SIGRI FAGNAÐ** Róbert Gunnarsson, Vignir Svavarsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Guðjón Valur Sigurðsson fagna sigri í gær. FRETTABLADID/PJETUR

Róbert Gunnarsson:

# Það var erfitt að rífa sig upp

**HANDBOLTI** „Við megum ekki tapa okkur í gleðinni þótt við höfum unnið einn leik en í dag náðum við loksins að gera það sem við höfum ætlað að gera í undanförnum leikjum,“ sagði línumaðurinn Róbert Gunnarsson sem átti fínan leik.

„Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hversu erfitt það er að rífa sig upp eftir hverja skituna á fætur annarri. Það eru allir pirraðir á okkur og við erum pirraðir út í sjálfa okkur. Þess vegna er ljúft að hafa unnið og vonandi klárum við mótið með sigri.“ - hbg

Alfreð Gíslason var afar sáttur við leik sinna manna gegn Ungverjum í gær:

# Svona er okkar bolti



**SÁTTUR** Alfreð Gíslason var afar ánægður. FRÉTTABLADID/PJETUR

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason var sáttur við sína menn í gærkvöldi og kvað liðið loksins hafa verið að spila á eðlilegri getu.

„Loksins náðum við virkilega góðum leik á okkar hraða. Þetta er svipaður bolti og á HM í fyrra þar sem við spiluðum mjög vel,“ sagði landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason eftir sigurinn á Ungverjum í gær.

„Vörnin virkaði vel, mjög góð markvarsla hjá Hreiðari og fyrir vikið var mun hraðari bolti í okkar leik. Það voru flestallir að spila vel og þann bolta sem við höfum ætlað okkur að spila. Ég var ekkert stressaður þó svo að við lentum fjórum mörkum undir því við vorum að gera hlutina rétt en skjóta illa og taka óþarfa áhættu. Ég bað Óla um að hætta að hanga of mikið á boltanum því þá slokknar á Snorra því hann er góður að nýta sér hraðann í sókninni,“ sagði Alfreð en hann er samt eðlilega svekktur að liðið skuli ekki hafa sýnt slíkan leik fyrr í mótinu.

„Það er mjög svekkjandi og líka að við skulum hafa spilað svona illa í upphafi gegn Þjóðverjum því við hefðum getað unnið þann leik. Við áttum ekki möguleika gegn Frökkum og við hefðum líka getað gert betur gegn Svíum. Vonandi náum við öðrum álíka leik gegn Spánverjum því sigur þar gæti lyft okkur í fjórða sæti riðilsins og það væri ásættanleg niðurstaða eftir það sem á undan er gengið,“ sagði Alfreð að lokum. - hbg



**FRÁBÆR Í GÆR** Snorri Steinn Guðjónsson átti frábæran leik gegn Ungverjum í gær eftir að hafa átt erfitt uppdráttar í hinum leikjum Íslands á EM. FRÉTTABLADID/PJETUR

# Velkomnir til Noregs

## Íslenska landsliðið sýndi loksins sitt rétta andlit þegar það pakkaði Ungverjum saman í Þrándheimi í gærkvöldi með átta marka mun, 36-28, í milliriðli II.

**HANDBOLTI** Loksins, loksins. Það var fyrsta hugsunin eftir að íslenska landsliðið hafði kjöldregið Ungverja, 36-28, í Trondheim Spektrum. Loksins sýndu strákarnir sitt rétta andlit og þann handbolta sem þeir geta vel spilað og hefðu átt að spila frá upphafi á þessu móti.

Rétt eins og venjulega byrjaði íslenska liðið mjög illa í leiknum. Strákarnir voru komnir fjórum mörkum undir, 4-8, eftir aðeins ellefu mínútur og allt í volli. Sóknin vandræðaleg, vörnin léleg og markvarslan engin. Alfreð var nóg boðið og tók leikhlé.

Leikur liðsins var allur betri í kjölfarið. Vörnin þéttist og Hreiðar náði sér vel á strik þar fyrir aftan. Snorri Steinn fór hreinlega hamförum í sókninni og fyrr en varði var Ísland búið að jafna leikinn, 12-12.

Það var jafnt þegar flautað var til leikhlés, 16-16, og vel gert hjá strákunum að koma sér inn í leikinn og lykillinn að því var að fá loksins markvörslu.

Íslenska liðið kom geysilega grimmt inn í síðari hálfleikinn, og vörnin var á tánum, Hreiðar í fantaformi og sóknarleikurinn spilaðist loksins af eðlilegri getu þar sem menn höfðu sjálfstraust í skotunum og öll skot lágu í ungverska markinu.

Ungverjarnir vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið og í stöðunni 24-19 tóku þeir leikhlé. Það breytti engu fyrir Ungverjana því íslensku strákarnir héldu áfram að keyra yfir þá af fullum krafti og buðu upp á leiftrandi handbolta.

Leikur liðsins náði hámarki þegar Guðjón Valur skoraði glæsilegt sirkusmark þegar tíu mínútur lifðu leiks og kom Íslandi um leið í 28-22 og ballið í raun búið.

Frábær sigur var staðreynd hjá strákunum okkar og var virkilega gaman að fylgjast með liðinu í gær. Hreiðar og Snorri voru menn dagsins en þeir áttu báðir frábæran leik. Ólafur óx er leið á leikinn, Alex var traustur og Róbert drjúgur. Vonandi verður framhald á þessu í leiknum gegn Spánverjum í dag.



EM Í NOREGI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Hreiðar Guðmundsson átti frábæran leik fyrir Ísland í gærkvöldi og varði 18 skot. FRETTABLADID/PJETUR

Hreiðar Guðmundsson:

# Blóm í hjartað

**HANDBOLTI** Hreiðar Guðmundsson markvörður átti stjörnuleik gegn Ungverjum en markvarslan hans átti stóran þátt í glæstum sigri.

„Þetta var allt annað líf. Ég var rólegri og það munaði um það. Þá leið mér betur. Ég er mun sáttari núna en eftir síðustu leiki. Mér leið mjög illa eftir síðasta leik en núna fær maður blóm í hjartað,“ sagði Hreiðar kátur.

„Það var ekki hægt að fara í gegnum keppnina með þessari spilamennsku. Vissulega er erfitt að rífa sig upp en við sýndum að við getum varið vel og liðið getur spilað þetta fínan bolta.“ - hbg



**Á FULLRI FERÐ** Ólafur Stefánsson er kominn á fulla ferð eftir meiðslin og hér sést hann skora eitt af fimm mörkum sínum gegn Ungverjalandi í gær. FRÉTTABLADID/PJETUR

Snorri Steinn Guðjónsson:

# Kominn tími á þetta

**HANDBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson hafði ekki fundið sig sem skyldi á mótinu en minnti heldur betur á sig í gær með frábærum leik.**

**„Það var kominn tími til að ég sýndi eitthvað. Þetta hefur ekki verið nógu gott hjá okkur og maður hefur oft sofið betur. Við vissum hvað bjó í liðinu og sýndum það loksins,“ sagði Snorri en hann hefur ekki verið nógu sáttur við sjálfan sig á mótinu.**

**„Ég hef verið mjög slakur og fer ekkert í felur með það. Sama hvernig fer gegn Spánverjum verð ég aldrei fyllilega sáttur með minn leik á þessu móti. Svona er þetta í handbolta. Maður finnur sig stundum vel og stundum ekki.“** - hbg



## SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM EM Í HANDBOLTA

# *Allir leikmenn liðsins eiga hrós skilið*

Allt annað var að sjá leik íslenska liðsins gegn Ungverjum í gær en í undanförnum leikjum þó að gæði handknattleiksins hefðu ekki endilega verið einhverjum klössum betri. Leikmenn voru einfaldlega mun frískari að sjá og komu mun afslappaðri til leiks.

Ekki er ólíklegt að menn hafi litið svo á að þetta gæti ekki orðið mikið verra og menn hefðu úr þessu engu að tapa.

Alfreð gerði ákveðnar breytingar á vanafröstu byrjunarliði jafnt í sókn sem vörn. Hvort sem það hafi verið lykillinn að sigri okkar manna veit ég ekki en allavega hafði það þau áhrif, að allt flæði varð einfaldlega betra og leikur liðsins meira líkur því sem við eigum að venjast.

Varnarleikur liðsins framan af var ekki mjög sannfærandi og Birkir í markinu fann sig ekki. Ungverjar leiddu því leikinn framan af og náðu mest fjögurra marka forystu.

Sem betur fer, samhliða því, þá gekk sóknarleikurinn vel og því vorum við aldrei langt undan.

Með innkomu Hreiðars í markið fóru hlutirnir að snúast á betri veg og smátt og smátt komst liðið að nýju inn í leikinn. Það var síðan frábær seinni hálfleikur og þá einkum fyrstu 15 mínútur hálfleiksins þar sem frábær markvarsla, góð vörn og fjölbreyttur sóknarleikur leit dagsins ljós, sem kláruðu leikinn.

Sóknarleikur liðsins var allur annar en í undanförnum leikjum og kom þar einkum til frábær leikur Snorra Steins sem sýndi loks sitt rétta andlit og sýndi hve mikilvægur hlekkur hann er í leik íslenska liðsins. Ekki einungis stjórnaði hann sóknarleik liðsins mun betur en í undanförnum leikjum heldur var hann einnig sjálfur mjög ógnandi og hreyfanlegur sem skilaði frá honum ellefu góðum mörkum. Hreiðar stóð sig frábærlega í markinu og hreinlega lokaði því á mjög mikilvægum augnablikum. Óli og Alex skiluðu sínu og voru virkilega ógnandi og Guðjón kom sterkur inn í seinni hálfleik eftir frekar mistækan fyrri hálfleik. Sverre kom sterkur inn í varnarleikinn og það var ánægjulegt að sjá hvernig hópnum tókst að vinna sig út úr þeim mótbyr sem það lenti í í upphafi leiks og ná að snúa leiknum sér í hag með jafn öflugum hætti.

Almennt stóðu allir leikmenn liðsins sig vel og eiga hrós skilið fyrir góðan vinnusigur, vinnusigur sem hefur náð að kveikja vonir manna að liðinu takist, þrátt fyrir allt, að öðlast þátttökurétt í forkeppni fyrir næstu Ólympíuleika.

# JANÚAR ÚTSALA

## FERÐATÖLVUR
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**50.000**
KRÓNA AFSLÆTTI
ASUS ASUS ASUS ASUS

## LCD SJÓNVÖRP
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**100.000**
KRÓNA AFSLÆTTI
PHILIPS JVC Panasonic Dantax UNITED enox.

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OFL

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Hágæða HLJÓMTÆKI og HÁTALARAR frá JBL, Infinity og Harman Kardon með góðum afslætti!

Stafrænar TÖKUVÉLAR með HÖRÐUM DISK TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR!

JVC Panasonic

32" LCD SJÓNVÖRP frá kr. 59.900

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

## > Robert Redford



Charles Robert Redford Jr. var ekki fyrirmyndarnemandi á sínum yngri árum. Hann var mikill prakkari í grunnskóla og í menntaskóla missti hann skólastyrk vegna mikillar drykkju. Seinna meir fann hann sig þó í leiklistinni og hlutirnir fóru heldu betur að breytast. Hann leikur í The Clearing sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST MEÐ GÖMLUM STJÖRNUM SNÚA AFTUR

# Garrett enn betri en Grammer

Leikarinn Kelsey Grammer virðist eiga níu líf í sjónvarpsbransanum. Fyrst vakti hann athygli í aukahlutverki í Staupasteini sem sálfræðingurinn Frasier. Eftir að Cheers lagði upp laupana voru gerðir nýir þættir í kringum persónu hans sem nutu gríðarlegra vinsælda svo árum skipti. Frasier-serían var reyndar aðeins farin að þreytast áður en hún hætti endanlega fyrir nokkrum árum en fram að því var hún oftast nær drepfyndin.

Núna birtist Grammer enn á ný, ekki sem Frasier, heldur sem sjónvarpsfréttamaðurinn Chuck Darling í Back to You. Þættirnir eru ágætis afþreying og þótt þeir jafnist ekkert á við Staupastein og Frasier sýnir Grammer enn og aftur að hann er snillingur í að leika sjálfhverfar persónur sem þó eru góðar inni við beinið og vilja oftast vel.



**TIL DEATH** Brad Garrett heldur þáttunum Til Death gjörsamlega uppi.

Patricia Heaton, sem leikur barnsmóður og kollega Chuck Darling í þáttunum, kemst einnig vel frá sínu, enda með góða reynslu úr Everybody Loves Raymond þar sem hún þurfti hvað eftir annað að takast þolinmóð á við vitleysisgang eiginmanns síns Raymond.

Reyndar hefur Brad Garrett, sem lék bróður Raymond, átt enn betri endurkomu en bæði Grammer og Heaton í Til Death. Heldur hann þáttunum gjörsamlega uppi í hlutverki sem er ekki ósvipað og Ray Romano lék á sínum tíma í „Raymond".

Garrett virðist, eins og Grammer, kunna að halda rétt á spöðunum á sínum sjónvarpsferli og hef ég sterklega á tilfinningunni að hann eigi eftir að láta enn meira að sér kveða í framtíðinni.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.20** **Ísland - Spánn** SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00** **Just Friends** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00** **Hollyoaks** SIRKUS



▶ **20.40** **Two And A Half Men** STÖÐ 2



▶ **21.00** **House** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**13.45 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.
▶**14.20 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Spánverja í milliriðli.
**15.50 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.
**16.20 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Ungverja og Frakka í milliriðli.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** e.
**18.30 Svona var það** (18:22) (That 70's Show) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu.
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.30 Trúður** (10:10) (Klovn) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi.
**23.10 Gatan** (3:6) (The Street) e.
**00.10 Kastljós**
**00.45 EM í handbolta** Leikur Íslendinga og Spánverja í milliriðli e.
**02.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 The Clearing**
**08.00 How to Kill Your Neighbor's D**
**10.00 Pelle Politibil**
**12.00 Just Friends**
**14.00 How to Kill Your Neighbor's D**
**16.00 Pelle Politibil**
▶**18.00 Just Friends** Rómantísk gamanmynd með þeim Ryan Reynolds, Amy Smart og Chris Klein í aðalhlutverkum
**20.00 The Clearing** (Uppgjörið) Vandaður spennutryllir.
**22.00 Iron Jawed Angels**
**00.00 Coach Carter**
**02.15 Hood Rat**
**04.00 Iron Jawed Angels**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Wife Swap** (1:10)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love** (109:120)
**10.10 Homefront** (18:18) (e)
**10.55 Freddie** (18:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (8:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (29:120)
**13.55 Wings of Love** (30:120)
**14.40 Pirate Master** (14:14)
**16.05 Nornafélagið**
**16.28 Sabrina – Unglingsnornin**
**16.53 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.03 Magic Schoolbus**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (18:22) (e)
**19.50 Friends 4** (20:24) (Vinir)
**20.15 Back To You** (4:10) Spánnýr og sprenghlægilegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier.
▶**20.40 Two and a Half Men** (23:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan.
**21.05 Flight of the Conchords** (1:12)
**21.30 Numbers** (15:24)
**22.15 All About George** (2:6)
**23.05 Pressa** (4:6)
**23.55 Cold Case** (1:23)
**00.40 Drive By**
**02.20 Mary Reilly**
**04.05 All About George** (2:6)
**04.50 Two and a Half Men** (23:24)
**05.15 The Simpsons** (18:22)
**05.40 Fréttir**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Everton - Chelsea** Enski deildarbikarinn e.
**14.30 Everton - Chelsea** Enski deildarbikarinn e.
**16.10 Valencia - Atl. Madrid** Spænska bikarkeppnin e.
**17.50 PGA Tour 2008** - Hápunktar
**18.45 Inside the PGA**
**19.10 Inside Sport** Tim Henman / Drugs in Cycling
**19.40 World's Strongest Man 2007**
**20.10 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.55 Villarreall - Barcelona** Bein útsending frá leik Villarreal og Barcelona í spænsku bikarkeppninni.
**22.55 FA Cup - Preview Show 2008**
**23.25 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL-fótboltanum.
**23.55 Heimsmótaröðin í póker** Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**00.50 Ultimate Blackjack Tour 1** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.

## SÝN2

**15.40 Wigan - Everton** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 20. janúar.
**17.20 Birmingham - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Birmingham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.
**19.00 English Premier League**
**20.00 Premier League World**
**20.30 PL Classic Matches**
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.30 4 4 2** Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**23.55 Coca Cola mörkin** Farið er yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni

## SKJÁREINN

**07.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.45 Vörutorg**
**16.45 Skólahreysti** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Dýravinir** (e)
**19.30 Game tíví** (2:20)
**20.00 The Office** (6:25) Michael reynir að fá alla á skrifstofunni til að fagna Diwali, ljósahátíð hindúa til heiðurs Kelly.
**20.30 30 Rock** (19:21) Liz er loksins búin að finna hamingjuna með Floyd á sama tíma og Jack er í vondum málum eftir misheppnaða flugeldasýningu sem sýnd var í sjónvarpinu.
▶**21.00 House** (21:24) Fjórtán ára drengur með hvítblæði þarf beinmerg og sá eini sem getur bjargað honum er tíu ára bróðir hans.
**22.00 C.S.I: Miami** (13:24) Kúbverskur flóttamaður stígur á jarðsprengju á ströndinni á Miami. Þegar Frank stígur á aðra jarðsprengju við rannsókn málsins verða Horatio og sprengjusérfræðingar lögreglunnar að aftengja sprengjuna til að bjarga félaga sínum.
**23.00 The Drew Carey Show**
**23.25 Canada's Next Top Model** (e)
**00.25 Dexter** (e)
**01.25 NÁTTHRAFNAR**
**01.25 C.S.I: Miami**
**02.10 Ripley's Believe it or not!**
**02.55 The World's Wildest Police Videos**
**03.40 Vörutorg**
**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05
### Nýtt - Flight of the Conchords



Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir eru frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir enbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu og aðdáendaklúbburinn telur aðeins eina konu, sem er laglega veik á geði og er með þá báða á heilanum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Desperate Housewives IV
### Sjónvarpið kl. 22.25

Nýjasta syrpan í hinni geysivinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. Í aðalhlutverk eru Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Norma
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.17** Útvarpsleikhúsið: Draugalest
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (108:260)
**16.30 Hollyoaks** (109:260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten** (4:22) (e)
**17.25 The War at Home** (12:22) (e)
**17.50 American Dad 3**
**18.15 Wildfire** (6:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
▶**19.00 Hollyoaks** (108:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (109:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** (4:22) (e)
**20.25 The War at Home** (12:22) (e)
**20.50 American Dad 3** (e)
**21.15 Wildfire** (6:13)
**22.00 Gossip Girl** (3:22)
**22.45 Nip/Tuck** (2:14)
**23.30 The Closer** (8:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick fékk Golden Globe-verðlaun 2007 fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### INN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Hvers vegna reyna menn að lenda í vitlausu veðri?** Flugstjórasonurinn Jón Kristinn Snæhólm snýr sér að flugpólitískum málum og spyr yfirflugstjórann Tómas Dag Helgason m.a. hvers vegna flugmenn reyni lendingu í vitlausu veðri.

### DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Arbejdsliv - find et job **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango - med Christian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **20.55** Iskoldt begær **23.00** Blind Justice **23.40** Boogie Update

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Migrapolis: Da livet snudde **11.40** Helleristerne **12.40** Gammel bak rattet **13.25** 'Allo, 'Allo! **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Siste vakt **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Krafttaket **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Natts¢steren **21.30** Uti vår hage 2 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Livets porto **23.40** P3tv live **00.40** Norsk på norsk jukeboks

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Vid Ladogas stränder **11.40** Svält **13.30** Stjärnorna på slottet **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Solens mat **16.30** Solens mat **17.00** BoliBompa **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **20.55** Anslagstavlan **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Toppform **23.50** Out of Practice **00.15** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er að skilgreina líkama minn þessa dagana og hlusta því mikið á rokk. AC/DC-flokkurinn og Led Zeppelin koma oft upp á iPodinum. Eftir erfiðan vinnudag er svo fátt betra í freyðibaðinu en að hlusta nokkrum sinnum á Mandy með Barry Manilow.“*

Steini Sleggja, umsjónarmaður fasteigna.

# Herdís fór á kostum í Daily Show

„Ég var nú bara að enda við að horfa á þetta,“ segir Herdís Sigurgrímsdóttir sem leikur stórt hlutverk í tæplega fimm mínútna innslagi grínfréttamannsins Jason Jones fyrir The Daily Show en honum er stjórnað af Jon Stewart. Eins og kom fram í fjölmiðlum á síðasta ári gerði Daily Show sér mat úr þeirri ákvörðun Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að kalla Herdísi heim frá Írak enda vakti sú ráðstöfun mikla athygli. Jones kom hingað til lands og reyndi að fá bæði íslensk stjórnvöld og íslenskan almenning til að endurskoða þá ákvörðun og í kjölfarið hefst mikil leit fréttamannsins að Herdísi sjálfri sem birtist af og til sem spegilmynd á búðargluggum Laugavegarins. Þátturinn er byggður upp eins og spennuþáttaröðin 24 og Jones fer hreinlega á kostum í þessu fyrra innslagi. Hægt er að horfa á innslagið á heimasíðu þáttarins, TheDailyShow.com.

Herdís vildi lítið tjá sig um sína eigin frammistöðu í þættinum en sagði að enn væru öll kurl ekki komin til grafar, það ætti eftir að sýna seinni hlutann. „Hvenær það verður sýnt veit ég hins vegar ekkert um,“ segir Herdís sem sagðist þó ætla að fylgjast grannt með gangi mála. Hún hafði hins vegar ekkert heyrt neitt meira frá stjórnendum Daily Show og vildi lítið gefa út á skemmtanagildi þáttarins. „En ég hefði hins vegar aldrei tekið þátt ef ég hefði ekki haft húmor fyrir þessu,“ segir Herdís.

Meðal annarra Íslendinga sem koma fram má nefna Stefán Pálsson, formann Félags hernaðarandstæðinga, og Magnús Ver Magnússon, fyrrum handhafa titilsins Sterkasti maður heims. - fgg



**GOTT GRÍN** Jon Stewart og félagar hjá Daily Show gera góðlátlegt grín að einS manns her Íslands í Írak.



**FÓR Á KOSTUM** Herdís Sigurgrímsdóttir fór á kostum í þætti Jons Stewart. Hún er nú á leiðinni til Afganistans þar sem hún verður aðstoðarmaður sendiherra Nato.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glata **6.** mannþvaga **8.** sarg **9.** í hálsi **11.** ekki **12.** helgitákn **14.** kjöt **16.** í röð **17.** mánuður **18.** ennþá **20.** átt **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** knattleiksknött **3.** tvíhljóði **4.** fargið **5.** regla **7.** slípaður **10.** eldsneyti **13.** er **15.** ávöxtur **16.** húðpoki **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** tapa, **6.** ös, **8.** urg, **9.** kok, **11.** ei, **12.** kross, **14.** flesk, **16.** hí, **17.** maí, **18.** enn, **20.** nv, **21.** snúa. **LÓÐRÉTT:** **1.** pökk, **3.** au, **4.** pressan, **5.** agi, **7.** sorfinn, **10.** kol, **13.** sem, **15.** kiwi, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 35 ár.
2. Jennifer Connelly.
3. Pervez Musharraf.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## EDGAR SMÁRI ATLASON: BOY-BANDIÐ STÓÐ EKKI UNDIR VÆNTINGUM

# Luxor leggur upp laupana

„Jájá, þetta er bara búið. Var ekki alveg eins og maður bjóst við að yrði. Ég hélt að það væri meiri metnaður fyrir þessu,“ segir Edgar Smári Atlason, fyrrum Luxorliði.

Luxor, boy-band Einars Bárðarsonar, hefur lagt upp laupana. Luxor er skilgetið afkvæmi Einars sem auglýsti fyrir um hálfu ári eftir frambærilegum söngvurum sem komu í stórum stíl í áheyrnarprufur. Þegar Fréttablaðið náði tali af Einari kom hann af fjöllum. „Ef þetta er rétt þá finnst mér það mjög leiðinlegt og ekki gaman að heyra það frá fjölmiðlum. Mér fannst gaman að vinna með þessum strákum og þeir eru allir mjög góðir hver á sinn hátt. Fengu tækifæri í þessu sem aðrir létu sig dreyma um. Ég lagði mikið undir og við lögðum mikið á okkur hjá Concert að láta þetta ganga,“ segir Einar sem taldi allt í góðu gengi og vísar til þess að fjögur þúsund eintök af plötu Luxor seldust um síðustu jól. Gagnrýnendur fjölmiðlanna fóru hins vegar hamförum og létu óspart dynja á þeim að sögn Einars: „Einn kallaði þá syni djöfulsins. Annar birti dóm 18 tímum eftir að platan kom til landsins sem er einsdæmi. Dómurinn byrjaði á því að þeir stæðu fyrir allt sem hann hataði í tónlist, hefði þá ekki einhver annar átt að dæma plötuna? Svona ofsóknir draga máttinn úr hörðustu mönnum. Hvað þá einstaklingum sem eru að stíga sín fyrstu skref í sviðsljósinu.“

Einar óskar Luxor-piltum velfarnaðar en segir: „Bretland verður að bíða eftir strákasöngflokk frá Íslandi eitthvað aðeins lengur.“

Edgar Smári segir ekki beinlínis hafa strandað á listrænum ágreiningi. En reynsla söngvara innan hópsins hafi verið misjöfn og menn náð misvel saman. En einkum sé metnaðar- og áhugaleysi um að kenna.

„Ég kem úr gospelheiminum á Íslandi og er vanur að vinna með mjög vönduðum pródúsentum. Það er svart og hvítt miðað við reynslu mína af Luxor. Þetta var ekki alveg það sem ég hélt að ég væri að fara út í. Ég hélt að ég væri að fara út í alvöru pakka en þetta stóð ekki undir væntingum. Maður fer í atvinnuviðtal og heldur að vinnustaðurinn sé æðislega skemmtilegur. En svo kemur annað í ljós,“ segir Edgar Smári.

Eftir stendur jólaplata, Kaupþingstónleikar, framkoma í Kastljósi og Í beinni hjá Loga auk stöku árshátíðar. Edgar segir þetta hafa verið of mikla vinnu fyrir of lítinn pening. Hann segist ekki hafa verið fyrstur til að velta því fyrir sér að segja skilið við Luxor. Heimir frá Akureyri hafi verið búinn að ákveða að kúpla sig út. Og nú ætla þeir, hann og Arnar Jónsson úr Luxor, að hefja samstarf. Og ætla sér að syngja saman næstu misserin. Og strax búnir að bóka nokkur gigg.

Þótt Luxor sé nú liðið lík og hafi ollið Edgar vonbrigðum, segist hann ekki hafa viljað missa af þessari reynslu. Og segir til dæmis frábært að hafa kynnst Kristjönu Stefáns raddþjálfara og ýmsum sem að Luxor stóðu.

jakob@frettabladid.is



**LUXOR-DRENGIRNIR** Náðu ekki þeim árangri sem að var stefnt og þótti sumum metnaðarleysið of mikið. Frá vinstri eru þeir Arnar, Edgar, Svenni, Rúnar og Heimir.



**EINAR BÁRÐARSON** Segir leitt hvernig fór og nefnir að gagnrýnendur fjölmiðla hafi farið hamförum gegn Luxor.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt tölublað af Nýju lífi lítur dagsins ljós á næstunni en það var nýlega sameinað hinu sáluga tímariti Ísafold. Blaðið er sneisafullt af efni en þar má meðal annars sjá ítarlegt viðtal við leikstjórann **Baltasar Kormák** en íslenska þjóðin virðist seint fá nóg af kvikmyndum kappans því Brúðguminn hefur heldur betur slegið í gegn í kvikmyndahúsunum.



Jafnframt verður að finna veglegan myndaþátt í blaðinu þar sem margir af kraftmestu þegnum þjóðarinnar koma saman. Má þar nefna íslenska vatnskónginn **Jón Ólafsson**, **Gísla Örn Garðarsson** sem virðist alltaf hafa nóg fyrir stafni og **Garðar Thor Cortes** en hann hefur sungið sig inn í hug og hjörtu Breta og Íslendinga. Jafnframt má þar sjá myndir af metsöluríthöfundinum **Óttari M. Norðfjörð**, sjónvarpskonunni **Ragnhildi Steinunni** og háskólarektornum **Svöfu Grönfeldt**.





Eitt nafn sker sig þó úr þessum fönguelga hópi en það er nafn **Arons Pálma Ágústssonar** sem hefur staðið í ströngu að undanförnu vegna skrifa saksóknara frá Texas. Engum dylst þó að Aron Pálmi er einn af mönnum síðasta árs enda hefur hann komið sér þægilega fyrir í sínu gamla heimalandi, fengið sér vinnu, samið ljóð og gefið út bók um dvöl sína í einu versta fangelsi Bandaríkjanna. - fgg






# CCP margfaldar kúnnahóp sinn

Tölvuleikurinn EVE online verður í næsta mánuði settur í sölu á vefsíðunni steamgames.com en síðan er einn helsti dreifingaraðili á PC-leikjum í heiminum og er meðal annars framleiðandi Counter Strike, eins vinsælasta net-tölvuleikjar heims. Að sögn Magnúsar Bergssonar, markaðsstjóra CCP, hafa samningaviðræður staðið yfir í níu mánuði. „Við vonum auðvitað að barnið dafni vel en þetta er í fyrsta skipti sem þessi síða tekur leik eins og EVE í sína notkun. Og auðvitað er alltaf gaman að ríða á vaðið,“ segir Magnús.

Notendur steamgames.com eru taldir vera tæplega þrettán milljónir en áskrifendur EVE eru í kringum þrjú hundruð þúsund. Magnús segir því ljóst að leikurinn sé að fikra sig inn á nýjan og enn stærri markað. Og það sé engin tilviljun að þeir hafi valið Steamgames. „Við gerðum á sínum tíma könnun hjá notendunum okkar og þar kom í ljós að fjórutíu prósent þeirra sem leika EVE höfðu spilað Counter Strike þannig að þetta er markaður sem við höfðum kynnt okkur vel,“ segir Magnús.

Athygli vakti eftir jól þegar greint var frá því að stjórnendur CCP gáfu starfsmönnum sínum Playstation 3 tölvu í jólagjöf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlar fyrirtækið að gera enn betur á árshátíðinni því fyrirtækið hyggst halda til Marakess í Marokkó. Magnús staðfesti þetta og segir að það sé nauðsynlegt fyrir fyrirtæki í svona miklum vexti að halda góðum starfsanda. „Þetta þjappar fólkinu saman,“ segir Magnús. - fgg



**Í STÖÐUGRI ÚTRÁS** Magnús og félagar í CCP hafa samið við steamgames, eina stærstu leikjasíðu heims.


OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
Sendum í póstkröfu út á land!
Stígvél 999
36-40
Leðurskór 2999
40-46
Skór 2999
36-41
Moon Boots 1499
19-26
Leðurskór 2499
28-35
Skór 1499
25-35
Rýmingarsala á barnafatnaði
Verð 99-500 kr.
Skór 999
28-39
Skór 1499
36-46
Skór 1999
36-46
Skór 2499
Leðurfóðraðir
40-46
Skór 2499
Leðurfóðraðir
40-46
Skór 2499
Leðurfóðraðir
40-46
Smart að spara – Outlet 10
Faxafeni 10
Opið alla virka daga og á laugardögum frá 11 til 18
Sími: 534-4450
Sokkapar fylgir ókeypis með öllum skóm!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Handrukkarar lýðræðisins*

Lærdómur síðustu daga er þessi: Handrukkarar, þótt þeir láti stórkarlalega, eru vælandi vesalingar inni við beinið sem brotna saman í vörslu lögreglunnar. Stjórnmálamenn, þótt þeir láti eins og heilagir fulltrúar almennings, eru upp til hópa tækifærissinnaðir lúsablesar sem gera hvað sem er til að moka undir rassgatið á sjálfum sér. Hjá öðrum hópnum er drifkrafturinn peningar og dóp, hinum völd og áhrif.

**ÍTREKAÐ** hefur komið í ljós í skoðanakönnunum að álit almennings á stjórnmálamönnum er lítið. Það sjá allir í gegnum þetta lið. Hafi álitið verið lítið má telja fullvíst að það er algjörlega hrunið eftir atburði síðustu daga. Fyrst þögðu Ingibjörg og Össur þunnu hljóði þegar stórvafasöm ráðning Þorsteins Davíðssonar var til umræðu. Hefðu þau ekki froðufellt snarvitlaus af bræði út af nákvæmlega sömu atburðum sitjandi hinum megin borðsins? Þú getur rétt ímyndað þér. Þetta er hlægileg tækifærismennska og prinsippleysi.

**SAMA** er með þennan Framsóknargaur sem kvartar yfir fatakaupum Björns Inga. Af hverju létu menn hann ekki fá nokkur pör af sokkum, tvær slaufur og jakkaföt? Þá myndum við ekki heyra múkk.

**OG** svo er það uppreisn gamla góða Villa. Það var hryllileg sjón þegar þau stóðu þarna á mánudaginn eins og sljór her uppvakninga, starandi tómum augum út í loftið og fnæsandi sigri hrósandi með tvö A4 blöð af almennt orðuðum loforðum í sautján liðum, sem hefði þó verið hægt að stytta niður í eitt: Við ætlum að gera allt sem allir vilja að við gerum en þó sérstaklega það sem Ólafur F. vill.

**HVAÐA** rugl er þetta? Er ekki heil borg hérna full af ómönnuðum leikskólum, yfirfullum umferðaræðum og fúkkalyktandi brunagildrum sem þarf að redda einhvern veginn? Væri ekki nær að þetta lið gerði eitthvað af því sem það var kosið til að gera í stað þess að sitja endalaust á svikráðum í því eina augnamiði að koma sjálfum sér til valda og áhrifa?

**ÉG** segi það satt. Næst þegar allt þetta pakk byrjar að stilla sér brosandi upp á plakötum, lofandi öllu fögru, mun ég ganga um með lepp á báðum og þykk eyrnaskjól. Og ég mun ekki óhreinka mig á því að mæta niðurlútur í kjörklefann til þess eins að handrukkarar lýðræðisins láti mig fá einn umganginn enn.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er fimmtudagurinn 24. janúar, 24. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.33 | 13.39 | 16.47 |
| Akureyri | 10.35 | 13.24 | 16.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


